4



Fjölónæmar bakteríur geta borist með innfluttu grænmeti

24–25



Býður gestum upp á „Uppáhald skipstjórans“ og „Vélstjóra á vakt“ á Baccalá bar

40–41

Ætigarður í uppsveitum




# Bændablaðið

16. tölublað 2017 • Fimmtudagur 24. ágúst • Blað nr. 497 • 23. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is




Samspil manns og náttúru verður líklega hvergi áþreifanlegra en í litlum eyjasamfélögum eins og Flatey á Breiðafirði. Þar hafa skilin líka verið mjög óljós í gegnum tíðina á milli sauðfjárbóndans og útvegsbóndans, menn inntu einfaldlega þau verk af hendi sem þurfti til að komast af. Margir bændur stunda t.d. grásleppuveiði á vorin og sjá má fréttir af grásleppuveiðinni hér á innsíðum. Þessi ágæti maður var í mestu makindum að gera að fiski með kríugerið allt um kring. Þótt krían geti verið aðgangshörð og örög við að gogga menn í hausinn, þá létu þessar kríur manninn alveg í friði. Þær sveimuðu bara þolinmóðar í kringum hann og vissu greinilega að hann myndi af góðsemi sinni gauka að þeim afskurði til að þær gætu fóðrað unga sína. Mynd / Hörður Kristjánsson

## Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda:

# Tillögur að aðgerðum vegna erfiðrar stöðu í sauðfjárrækt

**Fulltrúar Landssamtaka sauðfjárbænda og Bændasamtaka Íslands hafa átt í viðræðum við atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um aðgerðir til að bregðast við bráðavanda sauðfjárræktarinnar frá því í mars.**

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að vandann megi meðal annars rekja til sviptinga á alþjóðlegum mörkuðum, lokunar Noregsmarkaðar, Brexit og styrkingar íslensku krónunnar.

### *Viðræður frá því í mars*

„Landssamtök sauðfjárbænda og Bændasamtök Íslands hafa átt í viðræðum við atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um aðgerðir til að bregðast við bráðavanda sauðfjárræktarinnar frá því í mars. Þrátt fyrir það hefur ekki enn fengist niðurstaða í viðræðurnar þótt bændur hafi lagt fram ítarlegar tillögur um miðjan ágúst um fjölþættar aðgerðir til að bregðast við vandanum með heildstæðum hætti.

Hugmyndir bænda ganga út á að ná jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar, taka á birgðastöðu og auka um leið nýja tekjumöguleika til sveita með því að ráðast í öflugt kolefnisjöfnunarverkefni. Að auki verði sett í gang vinna við að endurskoða nýsköpunarumhverfi sauðfjárræktarinnar, gera úttekt á afurðastöðvakerfinu og skoða sérstaklega lánamál bænda.“



Unnsteinn Snorri Snorrason.

Unnsteinn segir að þrátt fyrir ágæta sölu á innanlandsmarkaði árið 2016 og það sem af er 2017, séu líkur á óhóflegri birgðasöfnun á lambakjöti. „Til að bregðast við þessu viljum við fara út í aðgerðir sem taka varanlega á þeim vanda sem steðjar að íslenskri sauðfjárrækt til að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot bænda og byggðaröskun.

Markmiðið er að aðgerðirnar skili árangri strax í haust og að komist verði hjá allt að þriðjungs tekjuskerðingu bænda vegna hruns á afurðaverði og reiknað er með að komið verði á jafnvægi í kindakjötsframleiðslu strax árið 2018.

### *Fækkun fjár um allt að 20%*

Tillaga LS og BÍ er að fé verði fækkað um allt að 20% með því að gefa þeim sem velja að hætta sauðfjárframleiðslu kost á að halda 70% af greiðslum sauðfjársamnings árið 2017 í fjögur ár og greiða sérstakt sláturálag á ær haustið 2017.

Lagt er til að aðgerðirnar verði fjármagnaðar með tilfærslum innan búvörusamnings og sérstöku einsskiptis viðbótarframlagi ríkisins. Þá verði gæðastýringargreiðslur frystar í tvö ár til að aftengja þá framleiðsluhvata sem þær geta orsakað.

Unnsteinn segir að hugmyndin sé einnig að ráðast í sérstakt kolefnisjöfnunarverkefni í samvinnu við sauðfjárbændur.

„Markmiðið er að nýta krafta bænda til að vinna að markmiðum Íslands í loftslagsmálum og kolefnisjafna íslenska sauðfjárrækt með samdrætti í losun og bindingu með uppgræðslu, skógrækt, endurheimt votlendis og öðrum aðgerðum.“

### *Sveiflujöfnun birgða*

Að sögn Unnsteins eru tvær leiðir til að bregðast við þeim birgðavanda sem blasir við næsta haust.

„Að kaupa verulegt magn af kjöti út af markaðnum og fela einhverjum að afsetja það utan landsteinanna. Slíkri aðgerð fylgir verulegur viðbótarkostnaður og ætla má að um 50 til 60% af honum fengist til baka með söluandvirði kjötsins.

Hins vegar að afurðastöðvum verði gert að flytja út ákveðið hlutfall af lambakjötsframleiðslu sinni. Með því verður hægt að leysa birgðavandann og tryggja að allar afurðastöðvar taki þátt í því með sambærilegum hætti,“ segir Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda. /VH

FRÉTTIR

# Mikilvægt að panta lambaskoðun

**Líkt og fram kom í síðasta tölublaði Bændablaðsins var æskilegt að pantanir vegna sauðfjárdóma og hrútasýninga bærust fyrir 20. ágúst. Mikið er að koma inn af pöntunum þessa dagana og því hefur verið ákveðið að bíða fram til 27. ágúst með að raða bæjum niður og gera dagskrá fyrir lambaskoðun haustsins.**

Mikilvægt er að þeir sem ætla að láta skoða lömb í haust verði búnir að tilkynna þátttöku áður en niðurröðun hefst, svo hægt sé að skipuleggja þetta umfangsmikla verkefni á sem hagkvæmastan hátt. Bent skal á að þeir sem panta eftir þennan tíma geta ekki gengið út frá því sem vísu að hægt verði að koma þeim fyrir í skipulaginu ef búið er að fylla á alla daga á viðkomandi svæði.

Nú má ljóst vera að sauðfjárbændur munu þurfa að horfa í allan kostnað sem skera má niður í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er í greininni. Hvet ég menn til að reyna að gefa sem minnst eftir varðandi ræktunarstarfið. Varðandi lambaskoðanir er mikilvægt að menn leggi allavega áherslu á að láta skoða lambhrútana og sæðingalömbin. Þá má benda á að sumir geta minnkað kostnað með því að sameinast um skoðanir þar sem flytja má fé milli bæja. Að lokum ítreka ég að mikilvægt er að pantanir í lambaskoðanir berist í síðasta lagi sunnudaginn 27. ágúst.

*Eyþór Einarsson*
*ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt.*



## Norðlenska:
# Verð til bænda lækkar um 35%
## – Greiðslur frestast

**Norðlenska hefur gefið út verðskrá fyrir sauðfjárinnlegg 2017. Grunnverð fyrir flokk R2 lækkar í 343 krónur en var 528 krónur árið 2016. Það gerir um 35% lækkun frá því 2016.**

Breytingar verða gerðar á greiðslu á innleggi en greitt verður fyrir innlegg í ágúst og september hinn 9. október og októberinnlegg hinn 9. nóvember, í stað vikulegs uppgjörs eins og verið hefur.

Kjöt sem fer í flokka DO1 og DP1 og er undir 12 kg að þyngd er ekki keypt og fer í heimtöku. Félagsmenn í Búsæld fá greitt 1,5% álag á innlegg, greitt í nóvember.

Verðskrá heimtöku og frekari upplýsingar um komandi sláturtíð auk eyðublaða fyrir afhendingu sauðfjár verða í fréttabréfi sem sent verður innleggjendum von bráðar, að því er fram kemur á vef 641.is







**Eins og sjá má er notkun sýklalyfja í landbúnaði langmest í þeim löndum sem framleiða megnið af því kjöti sem flutt er til Íslands. Við svo mikla sýklalyfjanotkun mynda bakteríur smám saman ónæmi fyrir sýklalyfjum og þetta vandamál flyst yfir í menn. Verður því æ erfiðara að eiga við sýkingar sem geta komið upp m.a. við uppskurð og fjölmargir deyja af þeim ástæðum.**

## Ný skýrsla bendir til tengsla milli neyslu sýklalyfja og sýklalyfjaónæmis í mönnum:
# Notkun breiðvirkra sýklalyfja í landbúnaði víða um lönd vekur ugg hjá vísindamönnum
## – Orðið sérstak vandamál við verksmiðjubúskap og veldur mikilli áhættu í framleiðslu kjúklingakjöts

**Nær alónæmir stofnar baktería breiðast nú um heiminn. Í stórum hluta slíkra tilfella hefur lyf að nafni colistín verið notað sem síðasta hálmstráið og virkað.**

Hins vegar hafa nú fundist bakteríur sem eru ónæmar fyrir colistíni og fundust þær bakteríur fyrst í Kína. Ástæðuna má að öllum líkindum rekja til þess að þar hefur gríðarlegt magn af colistíni verið notað í landbúnaði.

Colistín ónæmið hefur nú þegar borist til Evrópu og finnst víða. Erfðaefnið sem segir til um þetta ónæmi er staðsett á svokölluðum plasmíðum sem geta auðveldlega borist á milli baktería. Hafa vísindamenn því einkar miklar áhyggjur af því að þessar bakteríur berist til nær alónæmra baktería og geri fleiri stofna alónæma.

### *Tengsl milli neyslu sýklalyfja og sýklalyfjaónæmis*

Samþættar rannsóknir Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), Lyfjastofnunar Evrópu (EMA) og Evrópumiðstöðvar um sjúkdómsvarnir og eftirlit (ECDC) benda á tengsl milli neyslu sýklalyfja og sýklalyfjaónæmis í mönnum og búfé.

Skýrslan tekur á sameinuðum gögnum um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi í mönnum og dýrum fyrir árin 2013–2015 og inniheldur uppfærðar niðurstöður og meiri sundurliðun en fyrsta samþætta skýrsla stofnananna sem kom út árið 2015.

Búið er að uppreikna úr hefðbundinni notkun á stöðluðum dagsskömmtum í mönnum í mg/kg sem er sú eining sem notuð er fyrir sýklalyfjanotkun í dýrum. Heildarniðurstöður sýna að hlutfallslega er notkun sýklalyfja meiri í mönnum (152 mg/kg að meðaltali) en í dýrum (124 mg/kg), þótt heildarnotkun í kg sé meiri í dýrum en mönnum. Notkun í dýrum er minni í 18 af þeim 28 löndum sem rannsóknin náði til.

### *Lítil sýklalyfjanotkun á Íslandi*

Sýklalyfjanotkun í dýrum á Spáni, Ítalíu, Kýpur, Portúgal, Ungverjalandi og Þýskalandi er mun meiri en annars staðar í þeim löndum sem skýrslan tekur til. Notkun sýklalyfja í landbúnaði á Íslandi er með því allra minnsta sem gerist í Evrópu samkvæmt skýrslunni, og notkun sýklalyfja í menn er rétt undir meðallagi.

Tekin eru mörg dæmi um mismunandi sýklalyf sem eru notuð í dýrum og mönnum. Einnig má finna upplýsingar um einstaka dýrategundir.

Notkun getur verið afar mismunandi en áhætta á sýklalyfjaónæmi og sýkingum er einnig mjög misjöfn eftir búfjártegundum. Auk þess er áhættan á því að smit berist úr dýraafurðum í menn afar misjöfn.

Þannig er áhættan á smiti í gegnum nautalund tiltölulega lítil miðað við áhættu af kjúklingakjöti. Ástæðan fyrir því eru framleiðsluaðferðir kjötsins, auðvelt er að aðskilja meltingarfæri frá kjöti í vinnslu nauta á meðan áhættan við að þarmabakteríur mengist í kjötið er meiri við vinnslu kjúklings sem slátrað er og fláð á færibandi.

### *Áhyggjur vísindamanna af algengu breiðvirku sýklalyfi*

Meginniðurstöður benda á áhættu af dreifingu á flúórókínólóna sýklalyfjaflokknum. Lyfið er það breiðvirkasta sem hægt er að gefa um munn (þ.e. ekki stungulyf) og því hægt að gefa utan spítala. Það lyf sem mest er notað hér á landi í þessum lyfjaflokki er ciprofloxacin. Það er mikið notað í mönnum, t.d. við þvagfærasýkingum. Ónæmi hefur aukist í kjölfar notkunar á lyfinu og tengist það notkun á því samkvæmt skýrslunni.

Flúórókínólón eru einnig notuð í landbúnaði í sumum löndum, sem vekur ugg vísindamanna, sér í lagi vegna þess að lyfin brotna afar hægt niður í umhverfinu. Því geti lyfin safnast saman í umhverfi dýra og matvælaræktunar í gegnum búfjáráburð. Þetta er sérstaklega vandamál í tilfellum verksmiðjubúskapar þar sem landsvæði eru þaulnýtt. Þessi lyf eru einnig áhættusöm fyrir aðra sýklalyfjaflokka því að notkun þeirra eykur ekki aðeins ónæmi fyrir þeim sjálfum heldur einnig fyrir öðrum sýklalyfjaflokkum.

> Flúórókínólón lyf eru notuð í landbúnaði í sumum löndum sem vekur ugg vísindamanna, sér í lagi vegna þess að lyfin brotna afar hægt niður í umhverfinu. Því geti lyfin safnast saman í umhverfi dýra og matvælaræktunar í gegnum búfjáráburð. Þetta er sérstaklega vandamál í tilfellum verksmiðjubúskapar þar sem landsvæði eru þaulnýtt.
>
> Ónæmi hefur aukist í kjölfar notkunar á lyfinu og tengist það notkun á því samkvæmt skýrslunni.
>
> Þessi lyf eru einnig áhættusöm fyrir aðra sýklalyfjaflokka því að notkun þeirra eykur ekki aðeins ónæmi fyrir þeim sjálfum heldur einnig fyrir öðrum sýklalyfjaflokkum.

> Sterkt samband er milli neyslu kjúklinga á flúórókínólónum og ónæmi fyrir E. coli frá kjúklingum. Samkvæmt niðurstöðum eykst ónæmi með meiri notkun. Þetta á einnig við um kampýlóbakter í kjúklingum, en afar algengt er að kjúklingakjöt, framleitt í þauleldi í Evrópu, sé mengað af bakteríunni.
>
> Ónæm baktería af E.coli stofni getur borist og lifað í líkama einstaklinga án þess að einkenna þess verði vart fyrr en í harðbakka slær, þ.e. þegar manneskja fær sýkingu og lyf við henni virkar ekki.




### *Meiri áhætta af kjúklingi en nautakjöti*

Þannig kemur fram sterkt samband milli neyslu kjúklinga á flúórókínólónum og ónæmi fyrir E. coli frá kjúklingum. Samkvæmt niðurstöðum eykst ónæmi með meiri notkun. Þetta á einnig við um kampýlóbakter í kjúklingum, en afar algengt er að kjúklingakjöt, framleitt í þauleldi í Evrópu, sé mengað af bakteríunni.

Við það bætist að flestir þaulræktaðir kjúklingar t.d. á Spáni, þar sem sýklalyfjanotkun í landbúnaði er með því mesta í Evrópu, eru einnig ónæmir fyrir sýklalyfinu ciprofloxacin. Þannig er stór hluti af kampýlóbakter í kjúklingunum ónæmur fyrir aðalsýklalyfinu sem notað er gegn sýkingu. Þetta skapar tvöfalt vandamál.

### *Einkennalaus dreifing*

Í rannsókninni er litið til gagna sem til eru um meðhöndlun á salmonellu og kampýlóbakter og E.coli. Sjónum hefur á undanförnum árum verið einkum beint að E. coli vegna þess að bakterían dreifist einkennalaust. Þannig verða einstaklingar sem smitast af salmonellu og kampýlóbakter iðulega veikir og þess því skýrt varir á meðan E. coli getur sameinast eðlilegri þarmaflóru án allra einkenna. Af því leiðir að ónæm baktería af E.coli stofni getur borist og lifað í líkama einstaklinga án þess að einkenna þess verði vart fyrr en í harðbakka slær, þ.e. þegar manneskja fær sýkingu og lyf við henni virkar ekki.

### *Margþætt vandamál*

Sýklalyfjaónæmi er margþætt vandamál og Matvælaöryggisstofnun Evrópu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hafa ítrekað bent á að heildstæðar aðgerðir til varnar útbreiðslu sýklalyfjaónæmis sé þörf, það nái bæði til lýðheilsu manna og dýra. Ný sýklalyf eru ekki í sjónmáli og því þurfi að reyna að hægja á aukningu ónæmis með öllum ráðum.

Hluti af því er miðlun upplýsinga um málefnið, svo einstaklingar geti tekið upplýst ákvarðanir er varða smitleiðir og áhættur þess að sýkjast af ónæmum bakteríum. */ghp*


SPENNANDI GIRÐINGAREFNI!
horizont
AGRAR
Rafgirðingarspennar
9V, 12V og 230V
Hliðgrindur
120/240/366/420cm
Einangrarar
margar gerðir
Kassar og sólarrafhlöður
Þráðspólur
Þræðir og borðar
Hlið og handföng
teygju og gorma
Túngirðingarnet og gaddavír
Jarðleiðsla
Verkfæri
Girðingarstaurar
byko.is
AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTIR

### Búnaðarstofa Matvælastofnunar:

# Fjörutíu umsóknir vegna nýliðunarstyrkja

## – Flestar vegna sauðfjár- og geitfjárræktar

**Alls hafa 40 umsóknir borist til Búnaðarstofu Matvælastofnunar vegna nýliðunarstyrkja. Samkvæmt fjárlögum 2017 eru til úthlutunar tæplega 130 milljónir króna. Heildarupphæð fjárfestinga samkvæmt umsóknum nema hins vegar rúmum tveim milljörðum króna.**

Flestar umsóknirnar eru vegna sauðfjár- og geitfjárræktar, eða 13. Þá eru 12 umsóknir vegna ræktunar mjólkurkúa og 10 umsóknir vegna blandaðs búskapar. Síðan eru 3 umsóknir vegna ræktunar á kartöflum og 2 vegna ræktunar á aldingrænmeti og papriku.

Flestar umsóknirnar koma úr Árnessýslu, eða 12 talsins, en aðeins 3 frá Vestfjörðum, þar af 2 úr Strandabyggð og 1 úr Bæjarhreppi. Þá eru 3 umsóknir af Austurlandi, 8 af Norðausturlandi og 10 umsóknir af Norðvesturlandi. Af Vesturlandi bárust 4 umsóknir.

Veittur er 20% hámarksstyrkur af fjárfestingarkostnaði, en þó aldrei hærri en 9 milljónir. Er umsóknum forgangsraðað samkvæmt ákvæðum reglugerðar og á grunni vinnureglna sem Búnaðarstofa Matvælastofnunar setti og kynnti áður en opnað var fyrir umsóknir. */HKr.*



Æðarvarp gekk brösuglega á Ströndum í vor, bæði vegna bleytu og eins vegna ágangs vargfugla.

### Lítil dúntekja í Árneshreppi:

# Blautt vor og kollurnar skiluðu sér illa

**Síðastliðið vor var einstaklega votviðrasamt í Árneshreppi á Ströndum og dúntekja í ár ein sú minnsta í fjöldamörg ár. Kollur skiluðu sér seint og illa á hreiður.**

Hrefna Þorvaldsdóttir, bóndi í Árnesi 2 í Árneshreppi, segir að dúntekja í sumar hafi verið lítil miðað við undanfarin ár. „Miðað við undanfarin ár var hún reyndar mjög lítil."

*Fuglinn skilaði sér illa*

„Vorið hér í Árneshreppi var rosalega votviðrasamt og með því úrkomumesta sem menn muna eftir. Fuglinn skilaði sér ekki allur á hreiður og kollurnar sem gerðu það komu seinna en vanalega og vegna bleytunnar var erfitt að safna dúninum. Fyrir vikið var mun minna af honum og hann lélegri.

Meira að segja krían sem vanalega kemur hingað 8. maí eins og eftir dagatali frestaði varpinu og verpti seinna í ár vegna mikilla rigninga."

*Svipað ástand hjá öllum í hreppnum*

Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins er ástandið svipað á Dröngum og í Ófeigsfirði í Árneshreppi þar sem einnig er stunduð dúntekja.

Að sögn Hrefnu dregur hátt gengi krónunnar úr útflutningi á dúni. „Og það er ekki að hjálpa okkur heldur." */VH*

# Þokkaleg dúntekja við Breiðafjörð

**Þótt dúntekjan hafi ekki verið góð á Ströndum þetta sumarið, þá var ástandið með ágætum við Breiðafjörð.**

Eiríkur Snæbjörnsson bóndi á Stað í Reykhólahreppi, segir að menn hafi verið að koma með dún til sín í hreinsun af Ströndum. Þar hafi vætan ekki alls staðar verið til vandræða, en óvenjumikið hafi verið um svartbak og hrafn í varplöndum æðarfuglanna. „Það bendir til þess að það sé ætisskortur í sjónum, þá sækir fuglinn í egg og unga," sagði Eiríkur.

„Breiðafjörðurinn hefur verið nokkurn veginn í jafnvægi. Ég myndi segja að dúntekjan hafi verið þokkaleg."

*-Hvað með markaðshorfur og sölu á dún?*

„Markaðurinn tekur við, en verðið er orðið svo hátt að það verður þyngra í vöfum að selja dúninn. Fyrir mitt leyti er verðið orðið of hátt og var orðið það í fyrra."

Eiríkur segir að hátt gengi krónunnar spili líka inn í, en það hafi þó aðeins verið að ganga til baka á síðustu dögum. */HKr.*



Neytandi ætti alltaf að fá að vita hvaðan salatið sem hann borðar kemur, hvort sem hann kaupir það í stórmarkaði eða á veitingahúsi eða grænmeti sem boðið er upp á í mötuneyti.

### Baráttan gegn sýklalyfjaónæmi:

# Fjölónæmar bakteríur geta borist með innfluttu fersku grænmeti

## – Hvaðan kemur grænmetið á veitingastöðum og í mötuneytum?

**Grænmeti er ekki síður varasamt þegar kemur að áhættu af dreifingu sýklalyfjaónæmis í gegnum innflutt matvæli. Það getur, líkt og ferskar kjötvörur, borið fjölónæmar bakteríur.**

Árið 2016 voru rúmlega 13.000 tonn af fersku grænmeti flutt til Íslands, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Grænmetið kemur alls staðar að úr heiminum en mest kemur frá Evrópu, og einkum frá Hollandi og Spáni en staða landanna þegar kemur að notkun sýklalyfja er æði misjöfn.

Þannig skorar Spánn landa hæst í notkun sýklalyfja í dýrum í nýútkominni skýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), Lyfjastofnunar Evrópu (EMA) og Evrópumiðstöðvar um sjúkdómsvarnir og eftirlit (ECDC) með sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi í dýrum og mönnum.




*Mengast gegnum búfjáráburð*

Sýklalyfin sem áhyggjur vísindamanna beinast að eru breiðvirk lyf sem brotna afar hægt niður í náttúrunni. Mengaður búfjáráburður sem notaður er á ræktað land getur því smitað út frá sér fjölónæmum bakteríum, á grænmeti og jafnvel í grunnvatn.

Ferskt grænmeti sem flutt er hingað til lands er í flestum tilfellum einnig borðað hrátt og óeldað.

Grænmetið er undir áhrifum af vaxtarumhverfi sínu og getur tekið til sín efni úr jarðvegi ræktarlandsins og því vatni sem það nærist á. Áhættan á að ónæmar bakteríur berist til manna í gegnum ferskt grænmeti er því fyrir hendi og ber að athuga.

Á það bentu Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir sýklafræðideildar Landspítalans, og Franklín Georgsson, matvæla- og örverufræðingur hjá Matís, í grein sinni um innflutt fersk matvæli og sýkingaráhættu fyrir menn sem birtist í Læknablaðinu árið 2015.

„Eitt af meginvandamálum við verksmiðjubú er hið mikla magn saurs sem kemur frá dýrunum og þarf að losa sig við, og er þá gjarnan notaður sem áburður á ræktarland. Sem dæmi má nefna að um 70 milljón tonnum af lífrænum áburði er dreift árlega á ræktað land í Bretlandi einu. Ræktað land og það sem verið er að rækta mengast þannig með áburðinum af sýklalyfjum og sýklalyfjaónæmum bakteríum sem geta síðan borist áfram í grunnvatnið og jafnvel mengað vatnsból. Á þennan hátt getur grænmeti, baunaspírur og ber mengast og síðan smitað menn sem oftast borða þessar vörur ferskar," segir m.a. í greininni.

**Grænmetisinnflutningur 2016**

| Land | Kíló | Hlutfall |
|---|---|---|
| Argentína | 15 | 0,00% |
| Austurríki | 1.171 | 0,01% |
| Ástralía | 7.207 | 0,06% |
| Bandaríkin | 208.195 | 1,61% |
| Belgía | 54.994 | 0,42% |
| Brasilía | 526 | 0,00% |
| Bretland | 691.021 | 5,33% |
| Chile | 2.100 | 0,02% |
| Costa Rica | 577 | 0,00% |
| Danmörk | 1.129.979 | 8,72% |
| Egyptaland | 130.997 | 1,01% |
| Finnland | 248 | 0,00% |
| Frakkland | 889.401 | 6,86% |
| Grikkland | 11.140 | 0,09% |
| Holland | 5.635.528 | 43,50% |
| Indland | 1.794 | 0,01% |
| Írland | 158.787 | 1,23% |
| Ísrael | 71.000 | 0,55% |
| Ítalía | 287.952 | 2,22% |
| Kanada | 522 | 0,00% |
| Kína | 143.053 | 1,10% |
| Portúgal | 33.804 | 0,26% |
| Pólland | 36.223 | 0,28% |
| Rússland | 1.938 | 0,01% |
| Spánn | 3.291.786 | 25,41% |
| Suður-Afríka | 22.300 | 0,17% |
| Tyrkland | 1.799 | 0,01% |
| Ungverjaland | 493 | 0,00% |
| Víetnam | 5.225 | 0,04% |
| Þýskaland | 136.472 | 1,05% |
| Samtals | 12.956.247 | 0,00% |

*Heimild: Hagstofa Íslands*

*Þörf á vitundarvakningu neytenda*

Í stórmörkuðum geta neytendur tekið upplýsta ákvörðun um hvaða vöru þeir kaupa, því vörur eiga að vera merktar upprunalandi sínu.

Sama vitund er ekki til staðar þegar neytandi fer á veitingahús eða í mötuneyti. Í reynd eru yfirgnæfandi líkur á því að salat sem borið er þar fram sé innflutt, einfaldlega vegna þess að það er hagstæðara.

Í ljósi þeirrar áherslu sem lagt er á vá vegna dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería í skýrslu EFSA, EMA og ECDC telur Karl G. Kristinsson þörf á enn frekari vitundarvakningu.

„Neytandi ætti alltaf að fá að vita hvaðan salatið sem hann borðar kemur, hvort sem hann kaupir það í stórmarkaði eða á veitingahúsi eða í mötuneyti. Ef slíkar upplýsingar lægju fyrir, þá myndum við kannski frekar versla við veitingahús sem býður upp á íslenskt grænmeti, bæði vegna kolefnisfótspors og ekki síst varðandi mengun af bakteríum frá suðrænum löndum sem við viljum ekkert vera með," segir Karl.

Á Íslandi er ræktarland grænmetis að jafnaði vökvað með ómenguðu drykkjarvatni, en gerist sjaldgæfara í öðrum löndum, eins og t.d. í Hollandi þar sem vökvað er með endurunnu vatni. */ghp*




## Fyrir bændur sem sækjast aðeins eftir því besta.

C6000 - þreskivélin frá DEUTZ-FAHR: Hámarkaðu afköstin við uppskeruna. C6000 þreskivélin skilar afbragðs árangri við þreskingu á hvers kyns korni þökk sé framúrskarandi sláttuborði, hátækni þreski- og hreinsikerfi og stórum 7.000 lítra korntanki. Njóttu þreskingarinnar úr Command Cab EVO II ökumannshúsinu, einu því fágaðasta á markaðinum.



Stjórnstöng með öllum helstu aðgerðum tryggir hámarksþægindi við notkun.

Við getum nú boðið eina vél, til afgreiðslu strax frá Þýskalandi á sérstöku kynningarverði.

Meðal búnaðar má nefna:
- 5,4 m sláttuborð með Autocontrol sjálfstýrikerfi
- Stór þreskitromla (600 mm í þvermál, 1.270 mm á breidd)
- 5 hálmhristarar ("straw walkers")
- 6,1 lítra, 6 strokka DEUTZ mótor, 250 hö.
- Einfalt og þægilegt stjórnborð

Vélin er til á lager úti í Þýskalandi og því stuttur afgreiðslufrestur.

Athugið að aðeins er um eina vél að ræða.

DEUTZ FAHR

Vinsamlegast hafið samband við sölumenn okkar í símum 568-1500 (Reykjavík) eða 568-1555 (Akureyri) fyrir frekari upplýsingar.

Öll verð miðast við gengi EUR = 128 ISK.
Verð miðast við afhendingu í Reykjavík.
Um er að ræða nýja vél, framleidda á árinu 2017

ÞÓR HF

| REYKJAVÍK: | AKUREYRI: | Vefsíða og netverslun: |
|---|---|---|
| Krókháls 16 | Lónsbakka | www.thor.is |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | |

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 5.100 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Guðrún Hulda Pálsdóttir – ghp@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

# Vandi á höndum

**Mikill umræða hefur verið um vanda sauðfjárbænda. Ekki hafa fjármálaráherra og velferðarráðherra látið þar sitt eftir liggja með því að sparka duglega í bændur í fjölmiðlum í stað þess að setjast niður og ræða málin.**

Það er alveg ljóst að engin starfsgrein lifir það af að verða fyrir allt að 56% launaskerðingu á einu ári eins og sauðfjárbændur horfa nú fram á í kjölfar tekjusamdráttar á síðasta ári. Þá hefur líka verið kastað fram hugmyndum um að skera niður fjárstofninn um 20%, eða um hart nær 100 þúsund fjár. Fyrir þá er ekkert kjararáð til að redda málum eins og gert var fyrir ráðherrana sællar minningar.

Í umræðu um íslenskan landbúnað hefur sjónarmiðum verslunarinnar verið haldið mjög á lofti. Meira að segja þegar talsmenn heildsala hafa verið spurðir um ástæður þess að verslunin lækkaði ekki vöruverð áður en Costco settist hér að, þá vísa þeir gjarnan á vonda bændur. Það sé ekki hægt að selja svo mikið sem hjólbörudekk eða gatslitnar nærbuxur nema á uppsprengdu verði vegna meintra ofurtolla á matvælum! Þeir vilja samt ekkert ræða þá staðreynd að um allan heim eru verndartollar notaðir til að verja innlenda framleiðslu. Líka í Evrópusambandinu. Evrópusambandið tilgreinir sérstaklega að tollar á innfluttar landbúnaðarvörur séu settir til að verja landbúnað í aðildarlöndunum. Það sama hefur verið gert á Íslandi.

Evrópusambandið er t.d. með mjög lága tolla á innflutning á óbrenndum kaffibaunum frá Afríku. Ef bændum í Afríku dytti hins vegar sú vitleysa í hug að fara að brenna kaffibaunirnar sjálfir og jafnvel mala og flytja til ESB-ríkja, þá er yfir ókleifa tollmúra að fara. ESB er með því að vernda kaffibrennslur og iðnað innan sinna landamæra. Múrarnir eru jafnvel enn hærri þegar kemur að unnum vörum úr súkkulaði og svo má lengi telja.

Í Bændablaðinu í dag eru umfjallanir um stóraukinn innflutning á landbúnaðarvörum til Íslands. Einnig um rannsóknir sem gerðar hafa verið af hátt skrifuðum stofnunum úti í Evrópu. Þar er tekið á þeirri alvarlegu stöðu sem blasir við heimsbyggðinni vegna ofnotkunar sýklalyfja. Þessi ofnotkun hefur leitt til þess að ofursýklar hafa myndað ónæmi gagnvart nær öllum lyfjum sem hugsanlegt er að beita sem lokaúrræði til að bjarga mannslífum.

Tilurð þessara ofursýkla er engin tilviljun. Þegar bændur víða um heim áttuðu sig á því að það var hægt að halda sýkingum í dýrum sem alin voru í miklum þrengsum í lágmarki með því að dæla stöðugt í þau sýklalyfjum, stukku margir þeirra á þann vagn. Að auki komust menn að því að þannig mátti líka auka vaxtarhraða svo um munaði til að svara kalli verslunarinnar um lágmarks afurðaverð. Úr varð sannkallaður verksmiðjubúskapur með tilheyrandi veldisaukningu í notkun fúkkalyfja, skordýra- og illgresiseiturs.

Íslenskir bændur hafa ekki farið þessa leið enda vel meðvitaðir um ábyrgð sína á að skila frá sér heilsusamlegum vörum. Af þeim sökum er hvergi í heiminum en á Íslandi notað minna af sýklalyfjum í landbúnaði nema þá kannski í Noregi. Það er því ekki við íslenska bændur að sakast að ofursýklar séu nú að skekja heilbrigðiskerfi heimsbyggðarinnar. Það verður hins vegar á ábyrgð stjórnvalda ef þeim tekst að eyðileggja þann árangur sem hér hefur náðst við framleiðslu heilsusamlegra matvæla án eiturefna og sýklalyfja. Það á við allar okkar búgreinar, líka alifuglarækt sem víða um heim er í skelfilegri stöðu hvað notkun sýklalyfja og skordýraeiturs varðar. Þar má sannarlega halda máltækið góða í huga; enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

*/HKr.*

# Samtal um lausnir



**Sindri Sigurgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

**Þann 20. júlí sl. birtist hér í blaðinu leiðari með fyrirsögninni „Samtal um ekki neitt" þar sem lýst var óánægju með viðræður við ráðherra landbúnaðarmála um vanda sauðfjárræktarinnar, eftir bréf sem barst frá ráðherranum þann 11. júlí sl.**

Það hreyfði greinilega við ýmsum því að margir stjórnmálamenn hafa tjáð sig um efnið síðan með ýmsum hætti.

### *Óskað eftir meiri Costco-áhrifum*

Fyrstur til þess varð félagsmálaráðherra sem óskaði eftir meiri Costco-áhrifum í landbúnað. Hann nefndi þó ekki að ástæða þess að Costco sá tækifæri á íslenskum markaði var hin ótrúlega arðsemi í verslun á Íslandi sem var keyrð áfram af hárri álagningu. Sérstaklega hefur þetta átt við um innfluttar vörur eins og fram hefur komið í skýrslu sem Bændasamtökin gáfu út fyrir nokkru. Hagar stýrðu markaðnum í krafti einokunarstöðu sem Costco virðist nú vera að brjóta niður að einhverju leyti.

Að því sögðu þá kemur það á óvart að ráðherra ríkisstjórnar sem vinnur að aðgerðaráætlun í loftslagsmálum skuli boða óhefta innflutning á matvælum með tilheyrandi kostnað fyrir umhverfið. Við gerð aðgerðaráætlunarinnar hlýtur að þurfa að horfa til þess hvernig hægt er að stuðla að því að matvörur sé framleiddar sem næst neytendum til þess að lágmarka útblástur vegna flutninga og annan umhverfiskostnað. Gott dæmi um Costco-áhrifin er að Costco selur ekkert íslenskt grænmeti. Það er allt flutt inn. Ef innflutningur á kjöti myndi lúta sömu lögmálum og innflutningur á grænmeti má leiða að því líkum að allt kjöt í Costco væri innflutt.

Einnig verður að ítreka að kröfur um dýravelferð, takmarkanir á lyfjanotkun og umhverfisáhrif má ekki setja til hliðar bara til að hægt sé að tryggja lægsta verðið. Það er afar ólíklegt að þær ódýrustu innfluttu landbúnaðarafurðirnar í boði uppfylli þessar kröfur því að matvara sem það gerir kostar meira. Ég á reyndar bágt með að trúa því að þetta sé skoðun félagsmálaráðherrans, miklu frekar yfirsjón af hans hálfu, því að ef þetta er hans skoðun þá er hann væntanlega líka tilbúinn til að gefa eftir eitthvað af réttindum venjulegs verkafólks og öðru sem auðvitað hefur líka áhrif á vöruverð. Því mun ég seint trúa upp á hann.

### *Ekki búvörusamningum að kenna*

Fjármálaráðherra Viðreisnar var næstur í röðinni. Það var alveg rétt hjá honum að útflutningur á kindakjöti er ekki í samræmi við væntingar. Fyrir því eru einkum fjórar ástæður. Enga þeirra gátu bændur ráðið við og ekki þýðir að kenna búvörusamningum um neina þeirra heldur. Þar er ekkert fjallað um þær og það er reyndar ekki fyrr en 10. ágúst sem fyrsta kindakjötið kom á markað á gildistíma hans. Ríkið og bændur voru sammála á fyrri stigum um að byggja upp sterkari stoðir á erlendum mörkuðum.

Deilur ESB og Rússa hafa sett markaði fyrir landbúnaðarafurðir í Evrópu í uppnám. Verðfall er á mörgum afurðum með tilheyrandi tekjutapi fyrir bændur. ESB hefur gripið til ýmissa aðgerða til að bæta bændum að einhverju leyti það tjón sem hlotist hefur af þessum völdum. Þótt viðskiptabann Rússa nái ekki til innflutnings á lambakjöti frá Íslandi setur verðfall á mörkuðum sitt strik í reikninginn.

Fríverslunarsamningur við Kína var undirritaður fyrir rúmum þremur árum. Það var ekki ljóst af kynningunni þá að það þyrfti tímafrekt vottunarferli fyrir hverja einustu afurð. Það er fyrst núna í haust að það er að fara í gang fyrir lambakjöt. Hvenær því lýkur vitum við ekki. Ekki liggur neitt fyrir um hvenær samningurinn tekur að fullu gildi, en það var svo sannarlega talið að það tæki styttri tíma en fjögur ár.

Noregur lokaðist fyrir okkur vegna sjónarmiða sem við hljótum að sýna skilning. Þeir vernda sína framleiðslu eins og við og þegar ljóst var að þeir væru sjálfir farnir að framleiða nóg fyrir innanlandsmarkað sinn var dyrunum einfaldlega lokað. Það var vissulega ekki hentugt ofan á annað, en við skiljum hvers vegna. Sterkt gengi krónunnar og gengisfall breska pundsins þarf ekki að fjalla frekar um. Það veldur öllum útflutningi vanda, þar með talið þessum, og leggst þungt ofan á það sem þegar er talið.

### *Fyrirheit um aðkomu ríkisins*

Fjármálaráðherrann hefur reyndar síðar lýst skilningi á vandanum og gefið fyrirheit um aðkomu ríkisins sem eru jákvæðar fréttir. Samhliða hafa formaður atvinnuveganefndar Alþingis og forsætisráðherra jafnframt stigið fram og lýst yfir að leysa þurfi vandann og að staðið verði við samninga við bændur. Það eru einnig ánægjulegar fréttir sem sýna að stjórnmálamenn hafa verið að kynna sér málið og gera sér grein fyrir þeirri alvarlegu stöðu sem þeir eru uppi er.

Samtalið við ráðherra landbúnaðarmála hefur líka gengið betur. Viðræður hafa staðið yfir og nú í þessari viku hafa okkur verið kynntar tillögur ráðherrans í málinu. Tillögurnar eru spor í rétta átt og sýna vilja til að leysa málið. Útfærsla þeirra er ekki fyllilega ljós enn og því miður ekki hægt að kynna þær í smáatriðum í þessu blaði, sem er miður, því að tíminn er vissulega hlaupinn frá okkur þegar sláturtíð er að byrja og fóðuröflunum fyrir komandi vetur er lokið að mestu eða öllu leyti. En ég get að minnsta kosti sagt að eins og er, sé þetta samtal um lausnir.

En tillögurnar hafa einn stóran galla því þær taka ekki á birgðavandanum og leysa því ekki málið í heild. Það er skaði því miklu skiptir að klára málið núna svo að það komi ekki í bakið á okkur aftur að ári. En hingað til hefur ráðherrann og ríkisstjórnin ekki verið tilbúin í slíkt. Það er misráðið og á eftir að hafa ófyrirséðar afleiðingar.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Hvalvatnsfjörður er stuttur og grunnur fjörður yst á skaganum milli Eyjafjarðar og Skjálfandaflóa. Hann dregur nafn af Hvalvatni, lóni sem Fjarðará fellur í og er aðskilið frá firðinum sjálfum af malarkambi. Austan við fjörðinn gnæfa Hnausafjall og Bjarnarfjall, en vestan við hann eru fjöllin Darri, Lútur, og Þorgeirshöfði, sem skilur hann frá Þorgeirsfirði. Hvalvatnsfjörður og næsti fjörður til vesturs, Þorgeirsfjörður, heita einu nafni Fjörður (kvk.ft.). Þar voru nokkrir bæir áður fyrr, en eru nú allir í eyði.**
Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Gamla bátalagið í Þýskuvör og Stórigarður, sem Björn Sigurðsson kaupmaður lét hlaða til skjóls fyrir bátana um aldamótin 1900. Við voginn stendur og þorpið í Flatey, en í baksýn má sjá Höfnina sem er skeifulaga klettaeyja sem var aðalskipalægið við Flatey á fyrri tíð. Myndir / HKr.

## Svanhildur Jónsdóttir, sauðfjárbóndi í Krákuvör í Flatey:

# Þarf að flytja fé til slátrunar alla leið á Sauðárkrók

## – Ekkert sláturhús í skaplegri fjarlægð en aðaltekjur búsins eru samt af æðardúninum

**Svanhildur Jónsdóttir er önnur tveggja sauðfjárbænda sem eftir eru í Flatey á Breiðafirði. Hún hefur verið viðriðin búskap í eyjunni frá því hún flutti þangað fyrir um hálfri öld, en líst illa á stöðu greinarinnar í dag.**

Svanhildur býr ásamt eiginmanni sínum, Magnúsi Arnari Jónssyni, á bænum Krákuvör, sem er ríkisjörð um miðbik eyjunnar. Hún hefur yfirumsjón með búskapnum, en eiginmaðurinn hefur séð um að ferja ferðafólk og farangur þeirra til og frá bryggju á dráttarvél. Tvær bújarðir eru á eyjunni, en að öðru leyti er eignarhaldið í höndum fjölmargra einstaklinga auk þess sem hreppurinn á nokkurn hluta. Í raun tilheyra um 40 eyjar og hólmar Flatey.

### *Með nokkrar skjátur*

Svanhildur segir að þótt hún sé „með nokkrar skjátur“ þá skipti sú sauðfjárrækt ekki sköpum fyrir búið.

„Ég er bara með um 50 hausa, enda ekki hægt að vera hér með margt fé. Lengst af minni búskapartíð hér í Flatey var sauðfé flutt í land á sumrin. Því fylgdi göngur á haustin sem var mjög gaman. Fólkinu fór síðan fækkandi og fénu líka og enginn mannskapur var lengur til að flytja féð í land. Nú er um helmingur fjárins hér í eyjunni en svo erum við með beit fyrir fé í Hergilsey, en þangað er ekki langt að flytja féð. Aðaltekjurnar í búskapnum núna eru þó af æðardúninum.“

### *Dúntekja í mörgum eyjum*

Hún segir æðarrækt og dúntekju í eyjunum betur setta en víða á fastalandinu vegna þess að æðarfuglinn eigi sér þar færri óvini.

„Hér hefur aldrei verið minkur og hefur aldrei verið í vestureyjum þó uppáfallandi hlaupadýr hafi komið í einhverjar eyjarnar. Hér er mikið af æðarfugli og varpið í vor gekk þokkalega. Var það í góðu meðallagi. Þá slapp til varðandi bleytu.“

Margar eyjar fylgja Flatey eins og títt hefur verið með gamlar eyjajarðir og dúninn í þeim er að sjálfsögðu nýttur.

„Það er alltaf talað um heimaeyjuna og svo löndin (heimalönd) sem eru margs konar hólmar og eyjar sem gengt er í á fjöru. Það er alls staðar æðarfugl, en misjafnlega mikið af honum á hverjum stað.“

Svanhildur segir stöðuna í æðarræktinni hafa verið ágæta undanfarin ár. Það hafi allavega verið hægt að selja dúninn, sem ekki gekk alltaf vel fyrir nokkrum árum. Hún segir að eflaust muni hátt gengi krónunnar þó eitthvað koma niður á afkomu greinarinnar á þessu ári.

### *Döpur staða í sauðfjárrækt*

Hvað varðar sauðfjárræktina, þá segir Svanhildur stöðuna dapra, ekki síst hvað varðar slátrun. Sprettan í sumar hafi þó verið með ágætum svo ekki þurfi að kvarta yfir því.

„Meðan féð var flutt á land á sumrin var tekið undan ánum í landi og farið strax með lömbin í sláturhús. Við fórum lengst af með lömbin í Króksfjarðarnes. Það var ekki svo mikið mál. Nú fara mín lömb alla leið á Sauðárkrók. Þau eru flutt í land með Breiðafjarðarferjunni Baldri og þaðan með bíl í sláturhúsið á Sauðárkróki. Það er ferlegt að ekki skuli lengur vera eitt einasta sláturhús á Vestfjörðum eða Vesturlandi,“ segir Svanhildur. /HKr.



Svanhildur Jónsdóttir í glampandi sól og logni á veröndinni í Krákuvör. Hún segir gott að vera í eyjunni þegar þannig viðri, en lítið sé hins vegar um skjól á eyjunni þegar blási eins og algengt er.



Magnús Arnar Jónsson, eiginmaður Svanhildar, sér um að ferja ferðatöskur og annan varning til og frá skipshlið á dráttarvélinni, en spölkorn er frá bryggju í gamla þorpið í Flatey.



Enginn amast við kindunum sem liggja makindalega og jórtra í skugganum undir húsvegg.

# MÆLT AF MUNNI FRAM

184

Í síðasta vísnaþætti birtust vísur frá sextugsafmæli **Jóhannesar á Gunnarsstöðum**. Fari allt fram sem horfir, verður þeirri vísnasmíð varla lokið fyrr en um þriðju göngur í Þistilfirði. Því verður ögn stiklað á helstu efnistökum sem **Birgir Sveinbjörnsson** lagði fyrir hagyrðingahópinn. **Friðrik Steingrímsson** var spurður um ástand afmælisbarnsins:

*Eins og maður sérhver sér*
*sitthvað fór úr böndum.*
*Elli kerling um hann fer*
*ekki mjúkum höndum.*

*Lengi hef ég þrjótinn þekkt*
*svo prælvel merkin kenni.*
*Ég held´ann verði leiðinlegt*
*og lundillt gamalmenni.*

**Hjálmar læknir Freysteinsson** var aftur á móti frekar bjartsýnn á stöðu Jóa:

*Þessi gáta létt er leyst,*
*lausnin á þann veg*
*að hann hefur ekkert breyst*
*-ekki frekar en ég.*

*Von um bata er veruleg*
*þó varla fjölgi hárunum.*
*Farið geta fleiri en ég*
*fríkkandi með árunum.*

**Björn Ingólfsson** á Grenivík gaf svofellda stöðuskýrslu:

*Ég ímynda mér að sem unglingur*
*álitlegri hann væri að sjá,*
*svona helvíti grár og hrukkóttur*
*hefur'ann naumast verið þá.*

**Ágúst í Sauðanesi**, sveitungi Jóhannesar, telur næsta merkilegt hvað **Jóhannes** spjarast miðað við lífernið:

*Á langri ævi drakk oft dramm*
*en dálítið er skrýtið,*
*að mörgu leyti fer'onum fram,*
*-en hann fríkkar lítið.*

**Björn Ingólfsson** á Grenivík er ekki í vafa um framtíð **Jóhannesar.** Öldrunarheimilið Naust á Þórshöfn verði hans framtíðarlending:

*Á Naust þegar hann verður síðast sendur*
*þarf sjálfsagt að hafa gát á honum.*
*Hann verður alltaf aðeins kenndur*
*að atast í gömlu kerlingonum.*

**Steingrímur**, bróðir **Jóa**, telur framtíðina bjarta, að uppfylltum nokkrum skilyrðum:

*Endist drelli dugurinn*
*dags á svelli tíða,*
*og haldi velli hugurinn*
*hann mun ellin prýða.*

**Birgir** spyr næst hvar skáldin telji að **Jóhannesi** líði best. Gústi í Sauðanesi velkist ekki í vafa:

*Drengnum þykir dauflegast*
*að dæsa og pústa,*
*en honum þykir herlegast*
*að hitta Gústa.*

**Hjálmar** telur að **Jóhannesi** hljóti að líða einna best á hagyrðingakvöldum eins og þessu:

*Á honum það ekki sést*
*en öruggt mál við höldum,*
*að honum líða hljóti best*
*á hagyrðingakvöldum.*

**Friðrik** sér sælustundirnar svona:

*Ég giska á að girnist flest*
*sá gamli prammi,*
*en flatmaga þó finnist best*
*í Fjóluhvammi.*

Hér er **Fjóla**, eiginkona **Jóhannesar**, nokkuð dregin inn í yrkisefnið. Pétur er ekki í vafa um hvar Jói nýtur sín best:

*Dvínar þar lúi og doði í sál,*
*það dregur ei ský fyrir sólu,*
*sá uppáhaldsstaður er einkamál*
*afmælisbarnsins og Fjólu.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

# Nýtt kjötmatskerfi fyrir nautgripakjöt

## – Gott fyrir þá sem skila inn betri gripum í slátrun

**Nýtt kjötmatskerfi fyrir nautgripakjöt tók gildi í júlí síðastliðnum og er það veruleg frábrugðið því kerfi sem hefur verið í gildi í allmörg ár. Með nýju kjötmatskerfi verður holdfyllingarflokkunin mun ítarlegri og mun því gagnast þeim bændum sem skila inn betri gripum til slátrunar.**

Óli Þór Hilmarsson, starfsmaður Matís, hafði umsjón með gerð fræðslubæklings um nýja kerfið sem heitir EUROP-nautakjötsmat. Hann segir að nýja kerfið sé í megindráttum sambærilegt við kjötmat kinda, en þó með ítarlegri sundurgreiningu þar sem „+“ og „–“ eru við hvern matsflokk. Í kindakjötinu eru holdfyllingarflokkarnir E, U, R, O og P en í nautgripamatinu verða þeir P-, P, P+, O-, O, O+ og svo framvegis. Í kindakjötsmatinu hefur aðeins einn undirflokkur verið notaður en það er fituflokkurinn 3+. Sem sagt mun ítarlegri flokkun í þeim flokkum sem nýtast í nautgripamatinu. Ástæðan er sú að minna hefur verið um ræktun nautakjöts til kjötframleiðslu en í kindakjötinu. Segja má að ræktun kindakjöts sé alfarið kjötframleiðsla, en mestmegnis mjólkurframleiðsla í nautgriparæktuninni og því flokkast þeir gripir mun neðar á EUROP matsskalanum. Til að fá góða sundurgreiningu flokka þá er matskerfið nýtt eins og kostur er,“ segir Óli Þór.




Forsíða nýja kjötmatsbæklingsins.




Lýsing á holdfyllingarflokki R og sýnishorn úr R- flokknum.

### *Gagnast best þeim sem skila inn betri gripum til slátrunar*

Nýja kjötmatskerfið er unnið í samvinnu Matís og Matvælastofnunar. Einar Kári Magnússon, fagsviðsstjóri kjötmats hjá Matvælastofnun, segir að málið hafi haft talsverðan aðdraganda en sé nú loksins komið til framkvæmda. „Í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu, sem skilað var til ráðherra atvinnuvega og nýsköpunar sumarið 2013, var mælt með upptöku á EUROP mati. Í framhaldinu fól atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið MAST að gera áætlun um innleiðingu á kerfinu ásamt samráðshópi hagsmunaaðila.

Annmarkar eldra íslenska kjötmatsins eru helst hvað holdfyllingarflokkar eru fáir og lítil sundurgreining á efri enda skalans í holdfyllingu. Þar af leiðandi er mikill breytileiki í holdfyllingu innan hvers flokks. Um 85 prósent af öllum ungneytum fara í sama holdfyllingarflokk (UNI) samkvæmt eldra mati. Norðmenn hafa notast við kerfið í um 20 ár og hefur ábatinn af kerfisbreytingunum þar verið umtalsverður, mjög mikill hjá holdanautabændum en einnig hefur flokkun nautgripakjöts almennt batnað.

Það má því segja að kerfið gagnist þeim helst sem skila betri gripunum til slátrunar. Vonir standa líka til þess að þetta hvetji menn almennt til að skila inn betri gripum til slátrunar. Þá eru einnig bundnar vonir við að kerfið geti verið grunnur að eflingu holdanautaræktunar á landinu – þar sem kjötmatsupplýsingarnar verði nýttar í ræktunarstarfi,“ segir Einar Kári.

Nýja kjötmatsbæklinginn má nálgast í gegnum vef Landsambands kúabænda, naut.is. /smh



Hæna aflúsuð og mítlahreinsuð á eggjabúi í Hollandi.

Lýðheilsa:

# Mítlar hafa ekki fundist í búrhænum á Íslandi í marga áratugi

**Skordýraeitrið fipronil hefur nú fundist í eggjum í 15 ríkjum Evrópusambandsins og í Hong Kong. Efnið hefur verið notað til að drepa mítla og lýs á hænum en notkun þess er stranglega bönnuð í matvælaiðnaði. Mítlar hafa ekki fundist í búrhænum á Íslandi í marga áratugi.**

Þorsteinn Sigmundsson, formaður félags eggjabænda og eggjabóndi í Elliðahvammi, segir að vandamál með mítla hafi ekki verið vandamál í hænsna- eða eggframleiðslu á Íslandi í marga áratugi. „Ekki í búrhænum sem eru aldar innanhúss. Þorsteinn segir að erlendis finnist mítlar helst í hænum sem fá að ganga úti enda smitist hænurnar utandyra. „Þetta er nýmóðins vandamál sem tengist lausagöngu á hænum eða það sem kallast Free range hænur. Mítlar og lýs þekktust á hænum á Íslandi í gamla daga þegar þær voru hýstar í fjósinu og gengu lausar og lifðu á fjóshaugnum.“

Samkvæmt upplýsingum frá Hildi Traustadóttur hjá Félagi eggjabænda hefur hún ekki upplýsingar um að mítillinn sem um ræðir hafi fundist í hænum á Íslandi. „Enda eggjahús á Íslandi lokuð og fuglinn verndaður inni í þeim og því litlar líkur á að slík óværa komist inn í húsin.“

### *Mast skoðar innfluttar eggjaafurðir*

Í tilkynningu á vef Matvælastofnunar segir að heil egg á markaði hérlendis séu af íslenskum uppruna. Unnar eggjaafurðir, til dæmis gerilsneyddar eggjarauður, eggjahvítur og eggjaduft eru fluttar til landsins og samkvæmt athugun Matvælastofnunar eru þær upprunnar í Bretlandi, Danmörku, Hollandi og Þýskalandi.

### *Búið að innkalla milljónir eggja*

Eggin sem um ræðir koma aðallega frá Hollandi. Eftir að upp komst um notkun Fipronil á eggjabúum í Hollandi fyrr í sumar létu yfirvöld í Þýskalandi og víðar í Evrópu eyða milljónum eggja frá Hollandi. Á annað hundrað eggjabúum í Hollandi hefur verið lokað vegna málsins.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO, telst fipronil til mjög hættulegra efna sem geta við inntöku valdið alvarlegum skemmdum á lifur, skjaldkirtli og nýrum svo dæmi séu tekin.

### *Smituð egg finnast víða í Evrópu*

Við rannsókn málsins, sem er rannsakað sem glæpamál, hefur eggjabúum í, auk Hollands, verið lokað í Belgíu, Þýskalandi og Frakklandi og vitað er að egg frá þessum löndum hafa verið seld til Bretlandseyja, Svíþjóðar, Austurríkis, Írlands, Ítalíu, Lúxemborgar, Póllands, Rúmeníu, Slóveníu, Slóvakíu, Danmerkur og Sviss. Efnið hefur einnig fundist í eggjum í Hong Kong sem hafa verið flutt inn frá Hollandi.

### *Tveir handteknir*

Lögreglan í Hollandi, í samvinnu við lögregluna í Belgíu, hafa handtekið tvo menn í tengslum við málið. Þeir eru grunaðir um að hafa seld hænsnaaflúsunarefni sem var blandað með fipronil til eggjabænda með og án þeirra vitneskju. Talið er að efnið hafi verið notað árum saman til að drepa mítla í hænum þrátt fyrir að notkun þess sé stranglega bönnuð í matvælaframleiðslu. /VH

Berjahorfur:

# Góð berjaspretta á Norðurlandi

**Allt bendir til góðrar berjasprettu á Norðurlandi ef ekki gerir frost næstu vikurnar. Sprettan sunnan- og vestanlands er minni. Að Völlum í Svarfaðardal er berjum pakkað til sölu og búin til úr þeim sulta, saft og vín.**

Bjarni Óskarsson á Völlum í Svarfaðardal, sem oftast er kenndur við veitingahúsið Nings, hefur um nokkurra ára skeið ræktað ber auk þess sem hann kaupir villt ber og pakkar þeim og selur til verslana.



Hrafnhildur Ingimarsdóttir á Völlum í Svarfaðardal leysir ber.

### *Lítur vel út*

„Berjasprettan lítur ágætlega út fyrir norðan og við erum byrjuð að pakka og senda ber til verslana. Þetta eru bæði krækiber og aðalbláber og sprettan hefur verið góð til þessa.“

Bjarni segir erfitt að segja hvernig sprettan komi til með að vera í ár miðað við undangengin ár. „Hún byrjaði vel og það komu prýðisgóð ber en svo þarf ekki nema eitt næturfrost til að eyðileggja allt. Maður veit því aldrei hvernig staðan er fyrr en á endanum. Þetta lítur ágætlega út eins og er.

Það eru líka að koma sólber á runnana á sólberjaakrinum hér á Völlum.“

### *Minna af berjum sunnan- og vestanlands*

„Ég hef heyrt að það sé minna af berjum sunnan- og vestanlands en hér fyrir norðan. Berin fyrir sunnan geta líka verið seinna á ferðinni vegna rigninga og svo er örugglega hægt að finna góð berjalönd fyrir vestan án þess að ég viti það fyrir víst.“

### *Verslar með ber*

Bjarni kaupir mikið af berjum af fólki sem tínir þau og er magnið nokkur hundruð kíló eða í tonnum talið á ári eftir framboði.

„Duglegasta fólkið sem safnar berjum og selur okkur eru taílenskar konur sem búa á Dalvík, það eru helst þær sem nenna að tína og það eru þær sem sjá mér fyrir mest af berjum.

Markaður fyrir ber er góður og að mínu mati eigum við að nýta ber mun meira en við gerum í dag.“

Auk þess að selja ber í verslanir vinnur Bjarni ber í sultur og saft sem hann selur í versluninni að Völlum. Í versluninni er einnig hægt að fá reykta osta, bleikju, lax og makríl. „Ég bý líka til berjavín til eigin nota og til að bjóða gestum.“ /VH

# Endurgreiða áleggið ef börnin klára ekki

**Nú hefur Nortura í Noregi hrundið af stað nestisátaki í tilefni af skólabyrjun sem kallast nestistrygging Gilde.**



Herferðin snýst um það að ef foreldrar finna afgang af áleggi sem merkt er Gilde í nestisboxum barna sinna þá geta þeir haft samband við neytendaþjónustu fyrirtækisins og fengið endurgreiðslu fyrir áleggskaupunum. Tryggingin gildir fyrir öll álegg frá Gilde, kjötálegg og kæfur. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja að þar sem þeir framleiði svo mörg vörumerki í áleggi af bestu mögulegu gæðum eru þeir öruggir um að næstum öll börn klári úr nestisboxum þar sem þeirra vörur eru á brauðsneiðunum. Herferðin verður keyrð í um mánuð í öllum fjölmiðlum í Noregi en inn í hana fléttast einnig boðskapur um að henda minna af mat. /ehg

# HEILSUVÖRUR TIL BÆTTRAR HEILSU OG VELLÍÐAN

## Lífið tók miklum breytingum

**Bio Kult Candéa hylkin veita öfluga vörn gegn Candida sveppnum í meltingarvegi. Unnur Gunnlaugsdóttir segir notkun hylkjanna það eina sem hafi virkað í baráttu hennar við síendurtekin meltingaróþægindi.**

Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum síðan og fékk í kjölfarið síendurteknar óþægindi. „Ég hef prófað allt til að losna við Candida sveppinn, allt frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að losna við þennan ófögnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, ég var orðin mjög þunglynd," segir Unnur. Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio Cult Candéa hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja Candida sveppnum. Að auki get ég loksins farið í sund og nýt þess að fara í sund reglulega með börnunum mínum, þvílíkur munur. Ég hiklaust mæli með og mun halda áfram að nota Bio Kult Candéa. Bio Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og grape seed extract. Það virkar sem öflug vörn gegn Candida sveppnum í meltingarvegi kvenna og karla. Candida í meltingarvegi getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni Candida sveppsins geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál. Bio Kult Candéa er öflug vörn gegn Candida sveppnum á viðkvæðum svæðum hjá konum.



**Unnur segir notkun á Bio Kult Candéa hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún er laus við síendurtekin óþægindi af Candida sem hrjáðu hana áður í mörg ár.**

## Síþreytan er í þörmunum

### Heilbrigð þarmaflóra, betri melting, betra jafnvægi

Á undanförum misserum hafa verið kynntar fjölmargar niðurstöður rannsókna sem benda til mikilvægis þess fyrir almenna heilsu að viðhalda góðu jafnvægi á bakteríuflóru þarmanna. Á dögunum var t.d. birt vísindagrein um tengsl milli bakteríuflórunnar og síþreytu. Ástæður síþreytu hafa fram til þessar verið óljósar og hún jafnvel verið tengd við andleg veikindi. Síþreyta lýsir sér eins og nafnið gefur til kunna í sífelldri þreytu sem stundum varir svo mánuðum og árum skiptir. Einnig getur borið á t.d. einbeitingarskorti, eirðarleysi, hægari hugsanastarfsemi, þyngra skapi og meiri áhyggjum. Samkvæmt rannsókninni er talið að ákveðnar bakteríur hafi áhrif á efnaskipti líkamans og getu hans til að taka upp næringarefni, raska þannig orkujafnvægi líkamans og valda bólgum sem geta valdið óþægindum.* Allt þetta valdi sífelldri þreytu og öðrum einkennum síþreytunar. Það er því mikilvægt að huga vel að bakteríubúskap þarmanna með því að taka inn vandaða góðgerla.




**Bio Kult góðgerlar styrkja þarmaflóruna og stuðla að betri heilsu!**

## Svefntruflanir úr sögunni

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma," segir Elsa Ásgeirsdóttir, klæðskeri og hönnuður. „Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina." Elsa las sér til um Melissa Dream töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það vel. Það sem er líka gott við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!" Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar.



**Elsa Ásgeirsdóttir er ánægð með Melissa Dream**

Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér" á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkru var mér ráðlagt að prófa Melissa Dream og hentar það mér mun betur en svefnlyfin," segir Sigríður. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna pirrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur."

Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótaóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream og ákvað að prófa." Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofna fljótlega og finn ekki fyrir þessum fótapirringi. Það sem mér finnst líka æðislegt við töflurnar er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn." Ekkert hefur reynst eins vel.

### Sofðu betur með Melissa Dream

- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljóvgandi efni.
- Innihalda náttúrulegu amínó- sýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.
- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.




Vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

FRÉTTIR

The Growth-Train:

# Viðskiptahraðall fyrir íslensk matvælafyrirtæki

**Growth-Train er svokallaður viðskiptahraðall með áherslu á vaxtarfyrirtæki í matvæla- og/eða heilsufæðisgeiranum. Viðskiptahraðallinn nær yfir sjö vikur með sex ólíkum lotum þar sem farið er í gegnum möguleika fyrirtækja og stefnu. Falast er eftir fyrirtækjum frá Íslandi til þátttöku, en umsóknarfrestur er til 1. september.**

Eyþór Ívar Jónsson er í forsvari fyrir verkefnið sem er staðsett í Suður-Jótlandi. „Hugmyndin er að auka stækkunarmöguleika fyrirtækja og búa til tengslanet sem hjálpar fyrirtækjunum að ná árangri mun hraðar en ella. Við erum einnig með fjárfesta, bæði viðskiptaengla og fjárfestingasjóði, sem hafa áhuga á að efla fyrirtæki í matvæla- og/eða heilbrigðisgeiranum. Viðskiptahraðallinn hefst þann 13. október næstkomandi og uppskeruhátíð verður haldin 1. desember.

Við erum að keyra verkefnið í fyrsta skipti og þess vegna verður það í Suður-Jótlandi í Danmörku þar sem ég er staðsettur, nánar tiltekið í Nykobing-Falster. Við höfum í hyggju að keyra The Growht-Train víðar á næstu misserum þar



Eyþór Ívar Jónsson er í forsvari fyrir viðskiptahraðalinn Growth-Train sem staðsett er á Suður-Jótlandi í Danmörku.

sem „konseptið“ er að mörgu leyti nýstárlegt. Við höfum sendiherra í um þrjátíu löndum og Ingi Björn Sigurðsson frumkvöðull er sendiherra okkar á Íslandi. Sjávarklasinn er samstarfsaðili okkar þar. Tengslanet sendiherranna nær út um allan heim.“

*Leita að íslenskum fyrirtækjum*

„Við höfum mikinn áhuga á að fá eitt til tvö fyrirtæki frá Íslandi sem hafa náð verðskulduðum árangri á Íslandi og vakið athygli fyrir nýsköpun og frumkvæði,“ segir Eyþór. „Við getum hjálpað til við að opna leiðir sem geta aukið vaxtarlíkur þessara fyrirtækja verulega. Við erum með samstarfssamning við stórar ráðstefnur og fyrirtæki sem sérhæfa sig í matvælum.“

*Lærir meira á sjö vikum en hingað til*

Eyþór Ívar er nokkuð viss um að sá frumkvöðull sem tekur þátt í verkefninu muni læra mjög mikið á stuttum tíma. „Ég held að viðkomandi muni læra meira á þessu verkefni en hann hefur lært hingað til í viðskiptum og rekstri vaxtarfyrirtækja. Þetta munu verða krefjandi sjö vikur sem munu breyta möguleikum fyrirtækisins og frumkvöðulsins til framtíðar. Við erum með mjög flott ferli og mentora sem munu hjálpa til við að skapa ný tækifæri og vaxtarmöguleika. Við höfum notað líkingu við lestarferð, þetta verður eins og að fara í hraðlest í þeim tilgangi að skapa árangur, þekkingu og tengslanet.“

Að sögn Eyþórs Ívars er Growth-Train verkefnið ekki eingöngu fyrir frumkvöðla eða sprotafyrirtæki – og hvetur alla sem áhuga hafa til að sækja um. Í lok verkefnisins kynna fyrirtækin sig fyrir hópi af fjárfestum í Danmörku, einnig hópi af alþjóðlegum „englafjárfestum“ og að endingu hópi frá Ítalíu.

Það kostar ekkert að taka þátt fyrir þau fyrirtæki sem eru valin fyrir utan ferðakostnað og uppihald. Fyrir utan vinnusmiðjurnar og kynningarmöguleika á vörunum þá fá fyrirtækin aðgang að einhverju viðamesta drefikerfi í Danmörku á Suður-Jótlandi.

Frekari upplýsingar má finna á. http://growth-train.dk/. /smh

# Te og hunang krabbameinsvaldandi

**Löngum hefur verið varað við óhóflegri neyslu á ýmsum fæðutegundum vegna krabbameinsvaldandi efna sem þau kunna að innihalda. Samkvæmt ýmsum rannsóknum ber manni að forðast sykur, kaffi, áfengi, fitu og rautt kjöt og halda sig frekar við trefjar, grænmeti og ávexti.**

Samhliða vitundarvakningu um betri heilsu hefur neysla á ýmsum náttúrulegum fæðubótarefnum aukist til muna. Nú sjá sérfræðingar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) ástæðu til að hafa áhyggjur af ofneyslu á ýmsum jurtavörum vegna hugsanlegra krabbameinshvetjandi áhrifa þeirra.

Um 3% blómstrandi planta í heiminum framleiða beiskjuefnin Pyrrolizidín til að verjast skordýrum. Efnin, sem eru um 660 talsins, geta borist inn í fæðukeðjuna með ýmsum hætti og finnst meðal annars í dýraafurðum. Neysla þeirra getur valdið eitrun og langvarandi skaðlegum heilsufarsáhrifum og árið 2011 réð Matvælaöryggisstofnunin foreldrum frá því að gefa ungbörnum hunang í stórum skömmtum af þeirri ástæðu.

Samkvæmt uppfærðri skýrslu



stofnunarinnar um hættu beiskjuefnanna á heilsu manna og dýra er sjónum meðal annars beint að náttúrulegum fæðubótarefnum, grasalyfjum og tei sem innihalda plöntur sem verja sig með beiskjuefnum Pyrrolizidín. Í skýrslunni er mælt með ítarlegri rannsóknum og eftirliti á eiturverkunum sautján beiskjuefna sem oftast finnast í matvælum og fóðri.

Ýmis te geta innihaldið efnin samkvæmt rannsókninni s.s. grænt te, svart te, kryddbaldursbrá (e. camomile), piparmynta og rauðrunnate, sem setur tedrykkjufólki nokkrar skorður ætli það að forðast eiturefni algerlega.

Reyndar er það svo að efnainnihald jurta, og þar með magn eiturefna, eru breytileg eftir vaxtarstað og efnainnihaldi jarðvegs og því skiptir máli hvaðan viðkomandi plöntur koma. /ghp



Eyvind Peterson býflugnafræðari.

Ferðast um heiminn og kennir býflugnarækt:

# Býflugnaræktun aldrei mikilvægari en núna

**Ræktun býflugna hefur aldrei verið mikilvægari en nú þegar villtum býflugum fer hratt fækkandi í heiminum, segir Eyvind Petersen, fyrrverandi býflugnabóndinn, sem ferðast um heiminn til að fræða um býflugnarækt. Eyvind hefur margsinnis komið til Íslands en var núna að öllum líkindum í sinni síðustu heimsókn.**

„Þörfin fyrir býflugur hefur aldrei verið meiri en núna,“ segir Eyvind Peterson, fyrrverandi býflugnabóndi á Nýja-Sjálandi. „Býflugur eru nauðsynlegar til að frjóvga margar nytja- og villiplöntur en því miður fer þeim fækkandi í náttúrunni og því nauðsynlegt að ala fyrir þeim önn og rækta þær.“

Býflugur sjá meðal annars um að frjóvga epli, perur, jarðarber og fjölda annarra ávaxta- og berjaplantna auk bómullar og fleiri nytjaplantna. Reyndar er talið að um þriðjungur allar nytjaplantna í heiminum séu frjóvgaðar af býflugum.



Drottningarhreiður.

*Dani sem flutti til Nýja-Sjálands*

Eyvind er Dani sem flutti rúmlega tvítugur til Nýja-Sjálands. Hann og eiginkona hans, Nina, ræktuðu lengi býflugur sér til gaman en eftir að þau fóru á eftirlaun hófst ræktunin fyrir alvöru. Um tíma voru þau með hátt á annað hundrað bú sem hvert og eitt gaf af sér um hundrað kíló af hunangi. Að sögn Eyvind er mesta magn af hunangi sem þau fengu úr einu búi um 160 kíló.

Eyvind er 84 ára og að mestu hættur að sinna ræktinni en þess í stað ferðast hann um heiminn og kynnir og kennir býflugnarækt. Hann hefur nokkrum sinnum komið til Íslands. Blaðamaður Bændablaðsins hitti hann í síðustu heimsókn hans hér á landi í lok júlí síðastliðinn að Lambhaga þar sem hann var gestur Hafbergs Þórissonar garðyrkjumóguls.

*Frjóvgar hvítsmára*

„Eftir að ég fækkaði búunum lagðist ég í ferðalög um heiminn til að kynna fyrir fólki og ekki síst bændum mikilvægi býflugna og ræktunar á þeim. Býflugur gefa ekki bara af sér hunang því þær sjá líka um að frjóvga blómplöntur. Í mínum huga er ein mikilvægasta plantan sem þær



Eyvind við eitt af býflugnabúunum að Lambhaga.

frjóvga fyrir hefðbundinn landbúnað hvítsmári, því eins og flestir vita bætir smári jarðveginn þar sem hann vex og er gott fóður. Ekki síst fyrir mjólkurkýr sem gefa af sér betri nyt sé þeim beitt á smára.“

Eyvind hefur undanfarin ár farið heimshorna á milli til að fræða um býflugnarækt. Hann hefur nokkrum sinnum komið til Íslands og ráðlagt áhugasömum um býflugnarækt. Í lok dvalar sinnar hér í júlí var hann á leiðinni til Danmerkur til að kynna boðskapinn.

*Hugsjónastarf*

„Satt best að segja lít ég á það sem hugsjónastarf eða köllun að ferðast um heiminn og kynna býflugnarækt. Allt sem ég geri er þeim sem þiggja aðstoð mína og hlusta á fyrirlestrana að kostnaðarlausu. Mér þykir gaman að fræða og hjálpa fólki að komast áfram með ræktunina.“

Eyvind hefur mikla trú á býflugnarækt á Íslandi. „Mín skoðun er að íslenskir bændur eigi að leggja stund á býflugnarækt í stórum stíl. Ekki endilega bara til að safna hunangi heldur líka til að auk frjóvgun á blómplöntum á landi sínu.“

*Sjúkdómavarnir nauðsynlegar*

„Líkt og í allri ræktun er mjög mikilvægt að halda býflugum sem aldar eru á Íslandi lausum við sjúkdóma og flytja eingöngu inn flugur frá sjúkdómalausum svæðum.

Það er gríðarlega dýrt komi upp sjúkdómar í flugunum og því fá býflugnabændur á Nýja-Sjálandi að kynnast annað slagið. Sjúkdómaeftirlit í landinu er strangt og komi upp sýking í búi er því og nærliggjandi búum umsvifalaust eytt.

Íslendingar flytja sínar flugur inn frá býlum á Álandseyjum sem eru laus við sjúkdóma. Utan við sunnanverða Ástralíu er eyja sem heitir Kangaroo-eyja og það er eini staðurinn fyrir utan Álandseyjar og Ísland sem ég veit að er að finna sjúkdómalausar býflugur.“

*Kuldinn vandamál*

Eyvind segist vita að kuldinn á Íslandi sé vandamál við ræktunina og að mörg bú drepist á veturna. „Ég held að Íslendingar eigi eftir að komast upp á lagið með að halda búunum lifandi allt árið því sumpart stafar dauði flugnanna af reynsluleysi ræktendanna,“ segir Eyvind Peterson býflugnahvíslari. /VH

NJARÐARNES 4 **STEINSMIÐJA AKUREYRAR** MINNISMERKI.IS NJARÐARNES 4

# HAUSTTILBOÐ - FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND

**110**
100x57 frá sökkli




**130 cm sökkull**
**GRÁR - 280 þúsund með grafskrift**

**113**
41x60 cm frá sökkli




**66 cm sökkull**
**GRÁR - 125 þúsund með grafskrift**

**103**
76x55 cm frá sökkli




**120 cm sökkull**
**GRÁR - 219 þúsund með grafskrift**

**103M**
68x47 cm frá sökkli




**80 cm sökkull**
**GRÁR - 180 þúsund með grafskrift**

**101**
100x57 frá sökkli




**150 cm sökkull**
**GRÁR - 295 þúsund með grafskrift**

**113**
41x60 cm frá sökkli




**66 cm sökkull**
**GRÁR - 125 þúsund með grafskrift**

**s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is**

FRÉTTIR

# Nýir eigendur Engis í Laugarási

## – Ætla að halda lífrænni vottun og færa út kvíarnar

**Garðyrkjubýlið Engi í Laugarási hefur verið selt en við sögðum frá því í lok apríl á þessu ári að það hefði verið auglýst til sölu. Kaupendurnir eru Wales-búarnir og hjónin Peter og Benthan Cole, en þau hafa verið búsett á Íslandi í tæpt eitt og hálft ár. Þau ganga beint inn í ræktunina á Engi og ætla að halda áfram með óbreyttar áherslur fyrst í stað. Þau ætla að halda lífrænni vottun og áforma síðar að færa út kvíarnar í starfseminni og ræktun – og eru með ýmsar hugmyndir á lofti.**

Hjónin hafa verið búsett í Kópavogi undanfarin misseri, en hyggjast flytja á Engi undir lok ágústmánaðar. Blaðamaður hitti Peter á Engi þegar hann tók formlega við rekstrinum og var augljóst að mikill hugur var í honum að fara að setjast þar að og hefja nýjan kafla í lífinu. „Við komum hingað til Íslands fyrst fyrir fimm árum í brúðkaupsferð. Við urðum svo hrifin af þessu fallega landi að við vildum setjast hér að. Við eignuðumst líka tvíbura fyrir tveimur árum og okkur langaði til að ala þá upp hérna. Það er kannski reyndar bara afsökun fyrir því að vilja búa hérna – sem við myndum hafa viljað þótt við værum barnlaus. Engi er algjör paradís.“



**Peter Cole tekur sig vel út í gróðurhúsunum á Engi.** Myndir / smh

### *Frumkvöðull og athafnamaður*

„Við skoðuðum þó aðra staði í Reykholti og hér í Laugarási áður en við fundum Engi, en þegar það var fundið var þetta engin spurning. Við vorum ákveðin í því að setjast að í sveitinni og hefja búskap með ræktun í gróðurhúsum í huga, þannig að þetta var alveg fullkomið. Reyndar var Engi aðeins stærri og dýrari staður en við vorum að leita að í fyrstu, en við gátum ekki sleppt þessu tækifæri þegar það kom upp í hendurnar,“ segir Peter, en hann býr að því að hafa alist upp hjá foreldrum sem höfðu mikinn áhuga á matjurtaræktun og síðar rak Peter sjálfur fyrirtæki með foreldrum sínum sem sérhæfði sig í ræktun og sölu á skrautplöntum og fræjum – sérstaklega plöntum sem éta skordýr.

Hann menntaði sig í stjórnmálafræði og segir hana lítið hafa komið að gagni varðandi sinn starfsferil. Hann hafi varið starfsævinni hingað til í frumkvöðlastarf ýmiss konar og nýtt sér viðskiptatækifæri. Í Wales á hann fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á ýmsum gerðum af nikótínvökva sem notaður er í rafrettur. Hann segir að sá rekstur sé farsæll, enda hafi hann verið sá fyrsti á Bretlandseyjum sem fór út í slíka framleiðslu; hann sá tækifæri á þessum markaði og gat nýtt sér stöðuna til að koma fyrirtækinu á legg. Peter hefur nú eftirlátið öðrum reksturinn á fyrirtækinu, sem heitir Decadent Vapours , en hann njóti þess að fá tekjur úr þeim rekstri. „Ég var eiginlega bara hættur að vinna en það varð ljóst hérna á Íslandi eftir að við eignuðumst tvíburana að við þurftum að finna okkur eitthvað sem fjölskyldulíf okkar myndi snúast um – og það fundum við hér á Engi. Letilíf hentar mér mjög illa.“

### *Mörg tækifæri á Engi*

„Það hefði verið synd ef ræktun á Engi hefði lagst af,“ segir Peter. „Það er margt hér sem er alveg einstakt á Íslandi. Hér er til að mynda eina framleiðslan á lífrænt vottuðum kryddjurtum í pottum á Íslandi sem fer í verslanir. Svo er markaðssvæðið og völundarhúsið úr gulvíðinum sérstakt og við höfum áhuga á að nýta okkur það vel og þróa áfram til að taka á móti ferðamönnum. Ég ætla kannski ekki að upplýsa um smáatriði, en við stefnum á að bæta verulega í, bæði hvað varðar ferðaþjónustu en líka að breikka ræktunarflóruna. Við höfum áhuga á ýmsum svokölluðum framandi jurtum og við munum örugglega auka eitthvað ræktun í heitum gróðurhúsum; ýmis afbrigði af chili, engifer og svo vonandi suðræna ávexti svo ég nefni eitthvað. Við verðum hins vegar að taka eitt skref í einu og sjá hvernig gengur fyrsta árið áður en við förum að huga að því stækka við okkur að ráði. Við urðum strax hrifin af því hversu vatnið er hreint og gott – og matvælin – þegar við fluttum til Íslands. Við teljum að sú ímynd sé söluvænleg í útlöndum og stefnum jafnvel á að vera með einhvern útflutning. Þá sé ég til að mynda fyrir mér einhverjar góðar sósur og teblöndur. Við ætlum að setja upp tilraunaeldhús hérna til að byrja að vinna eitthvað úr hráefninu. Hér er góður rekstrargrunnur fyrir þannig að það verður gott að byggja á honum.

Við finnum fyrir því að markaðurinn vill góðar og hreinar matvörur, ekki bara hér heldur um alla Evrópu. Fólk vill betri matvæli en boðið er upp á með verksmiðjuframleiðslu – það er að verða meðvitaðara um hvað það er mikið „rusl“ oft og tíðum að finna í hillum verslana, sem er afrakstur einhæfrar ræktunar og úðað hefur verið með alls kyns eiturefnum. Verslanirnar hafa ekki verið eins móttækilegar fyrir lífrænt vottuðum vörum, en það er að breytast. Þannig að ég held að þetta séu góðir tímar fyrir okkur.

Við höfum verið í aðlögun hjá Sigrúnu og Ingólfi hér á Engi og það hefur verið mjög dýrmætt fyrir okkur.“

### *Stefna að hámarks sjálfbærni*

Peter segir að þau séu á kafi í hugmyndafræðinni á bak við lífræna ræktun og sjálfbærni í matvælaframleiðslu. „Það er gott að vera hér með grunninn, lífræna vottun. En það er svo margt fleira sem mig langar til að gera í umhverfismálum. Mig langar til að skera mjög niður alla plastnotkun – enda er mér mjög í nöp við alla plast- og jarðefnaeldsneytisnotkun. Ef það væri hægt að komast af án þess myndi ég glaður gera það. Við stefnum að hámarks sjálfbærni hér og ætlum að vera með eins lítið kolefnisfótspor frá okkar framleiðslu og hægt er. Þess vegna hentar Engi okkur svo vel, því hér hefur verið lífræn ræktun í langan tíma og ekkert misjafnt að finna í jarðveginum.“

### *Garðlönd á um þrjú þúsund fermetrum*

Í fasteignaauglýsingunni um Engi sem var birt í apríl á þessu ári kom fram að byggingar og lóð er samtals 1.700 fermetrar að flatarmáli. Landstærð er 5,6 hektarar í norðurhluta Laugaráshverfis.

Völundargarðurinn er um 1.000 fermetrar og eini sinnar tegundar á landinu. Einnig sé nýstandsettur „berfótagarður“ þar hjá. Garðlönd fyrir matjurtir og jafnvel trjáuppeldi eru á um 3.000 fermetrum og möguleikar á töluverðri stækkun.

Óvenjumikill tjágróður er á Engi, allt að tíu metra hár. Gróðurhús og garðlönd njóta mikils skjóls af honum. /smh



**Peter er hugsjónamaður með viðskiptavit. Hann ætlar að auka framleiðsluna á Engi og laða fleiri ferðamenn á staðinn.**

Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

## HEYSÝNATAKA – EFNAMÆLINGAR – FÓÐURRÁÐGJÖF

**Bústólpi býður viskiptavinum sínum upp á fría þjónustu við töku heysýna, efnamælingar á þeim og fóðurráðgjöf. Sérfræðingar RML munu annast verkefnið fyrir okkar hönd**

**Hafir þú áhuga á að fá slíka fría þjónustu leggur þú inn pöntun fyrir 1. september á netfangið hanna@bustolpi.is eða hringir í síma 460 3350**



## STÓRT GEYMSLUHÚSNÆÐI FÆST GEFINS GEGN NIÐURRIFI



Selvík ehf. á Siglufirði leitar eftir áhugsaömum aðilum til að rífa og fjarlægja húsnæði í eigu félagsins að Gránugötu 27-29 á Siglufirði.

Húsið, sem síðast var notað sem reykhús, er timburgrind klædd með bárujárni.
Húsið er 708fm eða 37,7m langt og 18,8m breytt.

Verktími 1.september - 30. nóvember 2017.

Áhugasamir hafi samband við Hörð Júlíusson í síma 861-1958 eða á email hordur@raudka.is







Hjalteyri við Eyjafjörð. Myndir / HKr.

# Myndlistarsýningin Hverfing í Verksmiðjunni á Hjalteyri

**Hverfing / Shapeshifting er samsýning fjórtán listamanna, sjö íslenskra og sjö bandarískra, sem opnuð var í Verksmiðjunni á Hjalteyri við Eyjafjörð 3. ágúst og stendur til 3. september.**

Erlendu listamennirnir hafa dvalið um tíma hérlendis og unnið verk sín sem flest eru unnin sérstaklega inn í hið hráa og spennandi rými verksmiðjunnar, og hið sama gildir um verk íslensku listamannanna. Hér er um að ræða einstakt tækifæri til að sjá verk eftir heimsþekkta listamenn.



Verksmiðjan á Hjalteyri.

Verksmiðjan, sem var reist af miklum stórhug á síðustu öld, myndar svipmikinn bakgrunn við stórar og kraftmiklar innsetningar listamannanna, en Verksmiðjan á Hjalteyri var nýlega tilnefnd sem einn af 10 áhugaverðustu sýningarstöðum landsins.

Staðsetning sýningarinnar við Norður-Íshafið er táknræn fyrir inntak sýningarinnar; ógnvænlegar breytingar vegna hnattrænnar hlýnunar – áhrif og ófyrirsjáanlegar afleiðingar þess á samfélög, umhverfi og náttúru

Sýningarstjóri er Pari Stave, listfræðingur og deildarstjóri samtímalistar í Metropolitan-listasafninu í New York. Listamennirnir eru Alex Czetwertynski, Anna Eyjólfsdóttir, Deborah Butterfield, Ragnhildur Stefánsdóttir, Rúrí, Þórdís Alda Sigurðardóttir, Gústaf Geir Bollason, Mary Ellen Croteau, John Buck, Kristín Reynisdóttir, Hunter Buck, Emma Ulen Klees, Jessica Stockholder og Pétur Thomsen.

Sýningin mun standa til 3. september og opið er frá kl. 14.00 –17.00 þriðjudaga til sunnudaga.



Stefán Bragi Bjarnason, framkvæmdastjóri VB Landbúnaðar, sendi okkur þessa mynd sem tekin var innst í Veiðileysufirði á Hornströndum. Sagði Stefán að í svona bakpokaferðum væri einungis tekið með það allra nauðsynlegasta. Hér má sjá Iðunni Bragadóttur, eiginkonu Stefáns, á fyrsta degi í fimm daga göngu um Hornstrandir hvíla lúin bein og láta þreytuna líða úr sér við lestur á Bændablaðinu. Landvörðurinn í Hornvík fékk svo blaðið þegar þangað var komið og var mjög ánægður með sendinguna. Mynd / SBB

# Reykjavík Foods framleiðir hægeldaðan lax í dós

## – Unnið er að vöruþróun á niðursoðnu lambakjöti

**Reykjavík Foods er nýlegt fyrirtæki í matvælaframleiðslu á Íslandi, upprunnið í Sjávarklasanum, og framleiðir hægeldaðan lax í dós – í fjórum bragðtegundum. Vörurnar er framleiddar á Íslandi úr íslensku hráefni, en um eldislax frá Arnarlaxi á Vestfjörðum er að ræða.**

Þórdís Wathne er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Ég var í Sjávarklasanum fyrir rúmu ári síðan þegar þessi hugmynd kom upp. Sjávarklasinn bað mig um að ganga til liðs við sig og stofna Reykjavík Foods. Markmiðið var að auka verðmætasköpun í sjávarútvegi og búa til flottar íslenskar vörur í stað þess að selja bara út hrávöru eins og við Íslendingar gerum alltof mikið af, á kostnað þess fyrrnefnda.“

### *Gæði við hæga eldun*

„Við setjum ferskan lax í dósina nýlega eftir veiðar, söltum með salti frá Saltverki og einungis náttúruleg bragðefni eins og ferska basilíku, hvítlauk og trufflur,“ segir Þórdís um framleiðsluferlið. „Dósinni er lokað og þannig fer hún í suðu, við vægt hitastig. Þar sem hráefnið er soðið í lokaðri dós verða engar örverur á kreiki og þannig næst þetta langa geymsluþol. Þetta er í raun með heppilegri geymsluaðferðum matvæla, sérstaklega þar sem svona ferskt hráefni fer í dósina og þá verða gæðin framúrskarandi. Við gerðum mælingar á næringarinnihaldi og þar kom í ljós að varan tapar ekki næringarinnihaldi miðað við hefðbundna eldun og í raun verður hún sérstaklega bragðgóð þar sem hún eldast í lokuðu ferli í eigin safa sem kemur af laxinum. Engum aukaefnum er bætt við.“

Að sögn Þórdísar fást vörurnar í verslunum Hagkaups, 10-11, Nettó um allt land, Samkaup um allt land, Borðinu og Fríhöfninni svo dæmi séu tekin. „Við erum að fara inn í mun fleiri verslanir á komandi vikum. Hvað erlenda markaðinn varðar erum við helst að skoða Mið-Evrópu en þar eru mjög stórir markaðir fyrir hágæða sjávarafurðir í dós. Við höfum þegar fengið pantanir frá keðjum þar ytra en viljum vanda okkur vel í þeirri útrás og koma okkur vel fyrir hér á landi til að byrja með.



Þórdís Wathne framkvæmdastjóri og Tinna Hrund Birgisdóttir, markaðsstjóri Reykjavík Foods.

„Við Þór Sigfússon, stofnandi Sjávarklasans, stóðum saman að stofnun félagsins ásamt hluthöfum. Við erum því í eigendahópi ásamt Marinvest og Jóni Osmann. Það er mikilvægt að hafa áhugasama hluthafa með í teyminu sem gera vinnuna auðveldari. Tinna Hrund Birgisdóttir kom svo inn á fyrstu skrefum, en hún er markaðsstjóri og hefur mikla reynslu í útflutningi á laxi. Hún hefur þegar farið í ferðir til útlanda, kynnt vöruna og fengið viðbrögð við henni sem hafa verið langt framar vonum. Helstu viðbrögðin sem hún fær eru varðandi gæði vörunnar. Niðursoðnar sjávarafurðir eru mjög algengar, meðal annars í Mið-Evrópu, en þar er afar fátítt að varan fari fersk í dósina líkt og við gerum. Þar fer hún hins vegar frosin í dósina og það er í raun allt önnur vara.“

### *Niðursoðið lambakjöt í vöruþróun*

Þórdís segir að þau einbeiti sér nú fyrst og fremst að laxinum, en þau séu þó með fleiri járn í eldinum og séu með fleiri vörur í þróun. „Það liggja gríðarleg tækifæri í því að leysa vandann með offramboð á lambakjöti. Það væri hægt að vinna á fjallinu sem nú liggur í frosti og eftir suðu er geymsluþolið 4 ár í dósunum. Við erum komin mjög langt í vöruþróun og gæði vörunnar er langt umfram væntingar – verulega bragðgóð. Það vantar aðeins upp á fjárhagshliðina til að taka það alla leið. Með smá styrk og samstarfi við þá sem hafa að gæta hagsmuna sauðfjárbænda eru góð tækifæri í útflutningi á lambi í dós. Við erum þegar búin að vinna hluta af markaðsvinnunni og erum vakandi yfir áhugasömum aðilum sem sjá hagsmuni í að aðstoða með að taka verkefnið alla leið.“





Umbúðir hvítlauks- og basilikuútgáfunnar.

### *Kostirnir við niðursoðinn lax*

Að sögn Þórdísar er lax í dós að ýmsu leyti fýsilegri vara en sá ferski. „Hann er afar hentugur í ferðalagið út á land, til að grípa í til dæmis með sér í fjallgöngu. Þá er hann sérlega heppilegur matarminjagripur, þar sem geymsluþolið er svo mikið, til að taka með heim, annaðhvort til að gefa í gjafir eða til að endurvekja minningar frá landinu. Svo er það þannig, þótt ótrúlegt megi virðast, að sumum finnst hann einfaldlega betri en ferskur fiskur. Við hvetjum þó alla ferðamenn til að gæða sér á fiski í öllum útfærslum. Hér er framboðið og ferskleikinn einstakur sem ferðamenn ættu ekki að láta framhjá sér fara.“

Ein af vörum Reykjavík Foods er bragðbætt með ítölskum trufflum. Í öllum okkar vörum er íslenskt grunnhráefni en í einstaka tilfellum er hráefni erlent líka ef það er ekki framleitt á Íslandi. Trufflurnar eru sérstaklega vinsælar og voru í upphafi hugsaðar fyrir ítalskan markað en svo sló varan í gegn hér á landi.“

Þórdís segir að það sé niðurstaða af ítarlegum bragðprófunum að þessar fjórar bragðtegundir hafi komið best út; hreinn lax, reyktur lax, lax með hvítlauk og basilíku og lax með trufflum. „Við vorum með marga smakkhópa og þetta var niðurstaðan, þó svo að við séum með fleiri uppskriftir uppi í erminni. Hvað íslenska eldislaxinn varðar hefur hann einstök bragðgæði og einnig sérstakur þegar kemur að öðrum gæðum. Það er ekki laxalús í honum eins og víða annars staðar. Við það að vaxa í köldum sjó verður kjötið þéttara, stinnara og ríkara af Omega-3 fitusýrum.“ /smh

FASTEIGNASALA NORÐURLANDS
662 4704
GUÐMUNDUR BJÖRNSSON
löggiltur fasteigna- og skipasali
fastnord.is
gummi@fastnord.is
• FASTEIGNASALA NORÐURLANDS • Sala - verðmat - þjónusta •

Kelfort.is
LOKSINS Á ÍSLANDI
HÁGÆÐA BYGGINGAVÖRUR
Kelfort leikur ágústmánaðar!
DEILA - LÆKA OG KVITTA OG ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN
Vinningur ágústmánaðar
er 20 W Led vinnuljós
með Li-lion 7,4V batteríi.
Vörunúmer 1525139 hjá
www.kelfort.is
www.kelfort.is
S: 7747090
eggert@brix.is




Nýtt nafn
sama góða
bragðið
ísey
SKYR
Bláber
Frá móður til dóttur
– og okkar allra
Til að heiðra þær íslensku konur sem miðluðu uppskrift og þekkingu á skyrgerð til dætra sinna í gegnum aldirnar, heitir skyrið okkar nú Ísey skyr.
#iseyskyr

# STEKKUR

## Ástarhvatar og stinningargrös

**Holdið er veikt og girndin kenjótt ótukt sem fátt fær hamið. Sé girnd óendurgoldin getur reynst nauðsynlegt að grípa til hjálparmeðala til að vekja frygð þess sem hugur er borinn til.**

Hjálparmeðulin eru margvísleg og ekki ólíklegt að eitt þeirra kunni að virka.

Ástarhvatar eru fjölbreytilegir og ekki víst að allir hafi sömu virkni á allar manneskjur. Það sem verkar örvandi á einn getur reynst letjandi á annan. Matur og ýmiss konar drykkir hafa löngum þótt góðir frygðarhvatar og ekki tilviljun að fólk í tilhugalífinu fer oft út að borða saman. Aðrir safna í kringum sig hlutum sem eiga að hafa örvandi áhrif á gredduna og losa um blygðunarsemina. Þetta geta verið erótískar bókmenntir, dónalegar matreiðslubækur og handbækur um ástarlífið eða listmunir, myndlist, tónlist, myndbönd eða skúlptúrar.

Það sem telst erótík eða sjálfsögð kynhegðun í einu menningarsamfélagi getur talist klám og öfuguggaháttur í öðru. Í Austurlöndum er því víða trúað að nashyrningshorn auki kyngetu karla, Grikkjum til forna þótti ekkert tiltökumál þótt eldri karlmenn ættu sér unga elskhuga af sama kyni og í dag þykir samkynhneigð ekkert tiltökumál víða um heim en stutt er síðan slíkt var álitið argasta óeðli. Á sama hátt hafa mismunandi ástarhvatar tengst ákveðnum tímabilum sögunnar og mismunandi menningu.

Brönugrös hafa lengi verið tengd ástargaldri. Þau þóttu og þykja eflaust enn góð til að vekja ástir séu þau lögð undir kodda pilts eða stúlku. Seyði rótarinnar þótti einnig gott til að örva kynhvöt húsdýra. Líklegt er að trúin á frygðarkraft brönugrasa tengist lögun rótarinnar sem þykir líkjast kynfæri karlmanns. Sé ljónslappi tíndur á Jónsmessunótt er sagt að seyði plöntunnar hafi þá náttúru að auka kyngetu beggja kynja.

Karlmenn sem eru svo óheppnir að stóra táin á þeim er lengri en táin við hliðina eiga að kvænast niður fyrir sig en sé stóra táin styttri eiga þeir að giftast upp fyrir sína stétt. Sagt er að karlmenn geti lesið hversu oft þeir kvænast með því að telja hrukkurnar á handarbakinu ofan við litla fingur.

Til þess að vita hvort piltur eða stúlka eru óspjölluð eru ýmis ráð. Ef baldursbrá er sett í stól stúlkunnar og hún látin setjast á hana getur stúlkan ekki staðið upp aftur nema hún sé hrein mey. Sé kvikasilfur látið í lófa pilts eða stúlku liggur það kyrrt ef þau eru hreinn sveinn eða mey, annars skelfur það og hendist til í lófanum. Vilji ungur maður ná ástum stúlku á hann að skera sig til blóðs og koma blóðinu ofan í hana með einhverjum ráðum en má tryggja að kona elski menn með því að gefa henni saxað rjúpuhjarta að borða.

Til að bæta samlyndi og hjúskaparfar hjóna á karlmaðurinn að ganga með hrafnshjarta á sér. Ef konan er ófrjósöm skal gefa henni kaplamjólk að drekka eða taka eista úr ref, þurrka það í skugga og mylja út í vín og gefa henni að drekka skömmu eftir að hún hefur á klæðum, einnig er talið gott að konan hafi hærra undir lendum en herðum við samfarir til að auka líkur á getnaði. /VH

HLUNNINDI & VEIÐI

# Einn og einn stórlax en samt skrítið



Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

**Sumarið sem af er hefur verið verulega skrítið, laxinn mætti alls ekki á stórum hluta landsins, eins árs laxinn, en einn og einn stórlax hefur veiðst.**

„Þetta var meiri háttar, með þunnan taum og silungaflugu, þetta var líka 70 mínútna barátta og mikið fjör,“ sagði Haraldur Eiríksson, en hann landaði 20 punda bolta í Laxá í Dölum og mátti ekki taka mikið á laxinum.



Haraldur Eiríksson með stærsta laxinn í Laxá í Dölum.



Inga Lind Karlsdóttir með flottan lax í Húseyjarkvísl. Mynd / Árni

Og á sama tíma var Ytri Rangá að komast á fleygiferð og áin að gefa yfir hundrað laxa á hverjum degi.

„Þetta gengur vel hjá okkur, frábær veiði,“ sagði Jóhannes Hinriksson við Ytri Rangá.

Ytri Rangá er langefsta veiðiáin. Inga Lind Karlsdóttir var að hætta veiðum í Húseyjarkvísl þar sem hún hefur veitt vel af fisk og stóra.

„Alltaf gaman í Húseyjarkvísl, hérna erum við Árni búin að veiða marga fiska,“ sagði Inga Lind enn fremur.

„Smálaxinn mætir ekki ennþá, hnúðlaxinn kom í torfum og hvergi hefur verið hægt að fá maðka varla í sumar. Þetta hefur verið skrítið það sem af sumri.“

# Þetta er gaman

Það er alltaf gaman að veiða lax, finna þegar hann rennir sér á fluguna eða maðkinn. Finna kippina þegar hann byrjar að taka agnið og allt í einu verður allt brjálað.

„Veiðin er skemmtileg og virkilegt kikk að veiða laxa,“ sagði Anton Bender, sem veiddi tvo laxa í Staðarhólsá í Dölum fyrir fáeinum dögum á maðkinn.

„Jú, veiðin er spennandi og við pabbi vorum að spá í að fara á Þingvelli seinna í sumar,“ sagði Anton enn fremur. Það er erfitt að henda reiður á hvort veiðimönnum fjölgar í veiðinni, Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur staðið sig vel að bjóða ungum veiðimönnum að renna fyrir laxa nokkrum sinnum á sumri í Elliðaánum. Þar hafa orðið til nokkrir veiðimenn. Veiðifélögin við Hlíðarvatn í Selvogi hafa boðið í veiði einu sinni á sumri. Þetta eykur allt áhuga á veiðiskapnum. En betur má ef duga skal.

Anton Bender með lax úr Staðarhólsá í Dölum. Myndir / G. Bender



## Fjör hjá ungum veiðimönnum við Brynjudalsá

**Brynjudalsá í Hvalfirði er laxveiðiá sem gefur vel af laxi á hverju sumri og núna er áin komin í 100 laxa og það er víða kominn lax í hana. Jafnvel í innstu veiðistaði inni á dal.**

Ungir veiðimenn voru á árbakkanum fyrir fáum dögum og skemmtu sér vel, enda veiðin góð og fiskur að taka fluguna.

„Jú, þetta var gaman, við fengum 7 laxa með krakkana en þetta er árleg veiðiferð. Í fyrra var það Laxá í Dölum og þar veiddist vel,“ sagði Jón Þór Júlíusson, sem byrjaði kornungur að veiða með föður sínum, Júlíusi Jónssyni.

„Áin er komin í 100 laxa og við fengum fína 7 laxa á fluguna vítt og breitt um ána. Það þarf kannski aðeins að aðstoða liðið, en þau eru áhugasöm og vilja landa fisknum alveg sjálf,“ sagði Jón enn fremur.



Ísabella Jónsdóttir með flottan lax. Myndir / Jón Þór.

Bara er veitt á flugu í Brynjudalsá eins og Laxá í Kjós í næsta nágrenni. Eina áin sem leyfir maðk á svæðinu er Botnsá og þar voru veiðimenn að fá fisk í vikunni.

## Veiðin hafin í Fjarðará í Borgarfirði eystri

**Fjarðará, ásamt Þverá í Borgarfirði eystri, er falleg sjóbleikjuá sem rennur um undirlendi hins ægifagra og margrómaða Borgarfjarðar eystri. Frá náttúrunnar hendi eru þessar ár hentugastar fyrir sjóbleikju, en þó veiðast nokkrir laxar á hverju sumri.**

Veiðisvæðið er allt um 20 km og fylgir Þverá með veiðisvæðinu.

Sjóbleikjan er byrjuð að ganga upp í Fjarðará og Þverá. Um síðustu helgi veiddust vænar bleikjur um alla á.

Fjarðará er síðsumarsá og nú fer í hönd aðalveiðitímabilið í ánni. Áin hefur verið lítið stunduð fram að þessu.



Guðgeir er í Fjarðará í Borgarfirði eystri.

„Veiðin er að byrja í Fjarðaránni þessa dagana, bleikjan er byrjuð að gefa sig,“ sagði Guðgeir Sigurjónsson er við heyrðum í honum.



Jón Skelfir Ársælsson með lax úr Breiðdalsá í opnun árinnar.

# Sumarið byrjaði vel í Breiðdalnum

**„Þetta er búið að vera gott sumar en það byrjaði með látum í Breiðdalsá, en ég veiddi í fyrsta hollinu í ánni 74 og 89 sentímetra laxa á Skammadalsbreiðunni,“ sagði Jón Skelfir Ársælsson er við heyrðum í honum með veiðina í sumar.**

„Já, þetta voru frískir laxar og tóku vel í enda nýkomnir úr sjó. Annar laxinn tók Micky finn skull og hinn Frigga brass túbu, mér finnst Skammadalsbreiðan skemmtilegur flugustaður og þar geta verið stórir laxar. Svo fór ég í Elliðaárnar og veiddi lax á buffið með Haffa vini mínum sem veiddi lax á fluguna. Síðan er ég aðeins búinn að fara í silung og vorum við í Hlíðarvatni um daginn en fengum ekki högg. Það var verulega rólegt þar en góð útivera,“ sagði Jón enn fremur.










Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300






## Kynbótahross á heimsmeistaramóti íslenska hestsins:

# Athyglisverður árangur Noregs

Guðrún Hulda Pálsdóttir
ghp@bondi.is



**Þótt fulltrúar Íslands hafi ekki staðið efstir í öllum flokkum á kynbótasýningu heimsmeistaramótsins bar niðurstaða dóma kynbótastarfi á Íslandi gott vitni, því að baki efstu hrossa liggja oftar en ekki foreldrar sem fæddir eru á Íslandi.**

Góður rómur var gerður að kynbótasýningu heimsmeistaramóts íslenska hestsins í Hollandi enda umgjörðin glæsileg. Fyrsti dagur mótsins var helgaður byggingardómum kynbótahrossa en þeim var stillt upp á sviði fyrir framan allt að 300 gesti sem fylgdust með dómurum meta og kveða upp dóm á þeim.

Hrossin voru svo sýnd í reið næstu daga, fyrst í fordómi og síðar á yfirliti, sem skar úr um lokaniðurstöðu kynbótadómsins. Kynbótahrossin komu frá tíu löndum og endurspegluðu þau stöðu kynbótastarfs í hverju landi fyrir sig.

### *Kleifakynið skrefmikla*

Það er eftirtektarvert að fulltrúar Noregs eiga hæst dæmdu hross í tveimur flokkum. Ræktunarstarfið í Noregi er lítið, þar hafa fæðst á bilinu 200–500 folöld á ári síðustu 7 ár. Til samanburðar telur árgangur 2015 í Noregi 231 hross, 733 í Svíþjóð, 1.275 í Danmörku og 2.263 í Þýskalandi. Á meðan fæddust tæp 6.000 hross á Íslandi árið 2015.

Hæst dæmda kynbótahross mótsins var stóðhesturinn Bjartmar fra Nedre Sveen en hann hlaut 8,72 í aðaleinkunn, 8,29 fyrir sköpulag og 9,00 fyrir kosti. Mun þetta vera hæst dæmda kynbótahross Noregs frá upphafi. Bjartmar hlaut meðal annars 9,5 fyrir skeið, og vilja og geðslag, 9 fyrir tölt og merka 10 fyrir fet.

Báðir foreldrar Bjarts eru fæddir á Íslandi. Móðir hans er Löpp frá Akurgerði undan Brenni frá Kirkjubæ og Láru frá Ási 1. Faðir hans er Bjartur frá Leirulæk, undan Kletti frá Hvammi og Birtingu frá Stangarholti og tengist Bjartur því inn í Kleifakyn, en það kemur víða inn bak við góða gæðinga. Má þar helst nefna Álfadís frá Selfossi og hennar afkomendur. Eitt af einkennum þessara hrossa er mikið skref og frábært fet.

Þá hlaut hin norskfædda Terna frá Kleiva hæstu einkunn 5 vetra hryssna, 8,44. Hún fékk 8,57 fyrir sköpulag og 8,35 fyrir kosti. Terna er efnilegur töltari, hlaut einkunnina 9 fyrir tölt, hægt tölt og fegurð í reið, og á því eflaust eftir að taka sig vel út á keppnisbrautinni líkt og faðir hennar, Tígull frá Kleiva.

### *Tveir íslenskir sigrar*

Fulltrúar Íslands hlutu flest lægri einkunn en á vorsýningum. Þrátt fyrir það urðu tvö þeirra efst í sínum flokki. Grani frá Torfunesi sigraði flokk 5 vetra stóðhesta með 8,36 í aðaleinkunn.

Hann hélt sinni 9,5 fyrir öruggt og skrefmikið skeið og hlaut 9 fyrir vilja og geðslag og fet. Grani er undan heiðursverðlaunahryssunni Röst frá Torfunesi og Korgi frá Ingólfshvoli, sem var einmitt meðal keppenda á mótinu með góðum árangri.

Þá varð Hervör frá Hamarsey efst 6 vetra hryssna með 8,50 í aðaleinkunn. Hún hækkaði fyrir byggingu og hlaut m.a. einkunnina 10 fyrir bak og lend sem er sjaldséður dómur. Hervör er undan Héðni frá Feti og Keilisdóttur, Hrund frá Árbæ.

### *Gæðingafaðirinn Depill*

Hæst dæmda hryssa sýningarinnar, og sigurvegari í elsta flokki, var Glódís vom Kronshof frá Þýskalandi. Hún hlaut 8,60 í aðaleinkunn, 8,61 fyrir byggingu og 8,59 fyrir kosti.

Hún er afar jafnvíg á öllum gangtegundum og hefur verið að slá í gegn í keppni undir stjórn ræktanda síns, Frauke Schenzel.

Móðir Glódísar er hestagullið Næpa vom Kronshof sem er ein aðalræktunarhryssa Þýskalands um þessar mundir. Hún átti annað afkvæmi á kynbótasýningunni, Jódísi vom Kronshof, sem varð í 2. sæti í 5 vetra flokki.

Faðir Glódísar er Baldurssonurinn Depill frá Votmúla 1 sem hefur reynst mikill gæðingafaðir. Hann hefur nú skilað 41 fyrstu verðlauna afkvæmum og fjöldanum öllum af keppnishrossum, þá sér í lagi góðum fimmgangshrossum. Er þar nærtækast að nefna sigurvegara fimmgangs á mótinu, Gust vom Kronshof. Depill fór ungur til Þýskalands og á hann því enga afkomendur á Íslandi.

Mjölnir vom Lipperthof frá Þýskalandi hlaut hæstu einkunn 6 vetra stóðhesta með 8,51 í aðaleinkunn.

Foreldrar hans eru báðir íslenskir, Randver frá Nýjabæ og Ísól frá Efri-Rauðalæk, hryssa sem hlaut 10 fyrir skeið á sínum tíma.



Hæst dæmda hross mótsins, Bjartmar fra Nedre Sveen er undan tveimur hrossum fæddum á Íslandi. Knapi er Agnar Snorri Stefánsson.
Myndir/ Marius MacKenzie



Glódís vom Kronshof er hér á fljúgandi skeiði. Hún er undan Depil frá Votmúla og Næpu vom Kronshof. Ræktandi og knapi er Frauke Schenzel.



Terna frá Kleiva mun eflaust láta á sér bera í keppni eins og faðir hennar Tígull frá Kleiva, sem tók þátt í íþróttakeppni mótsins. Knapi er Erlingur Erlingsson.



Hróður från Gröna Gången er afar efnilegur foli. Hann er undan Arði frá Brautarholti og Hrímu frá Hofi. Knapi er Erlingur Erlingsson.




Skinfaxi fra Lysholm var fulltrúi Danmerkur en hann fór út í móðurkviði. Faðir hans er Kiljan frá Steinnesi en móðirin Sæla frá Þóreyjargnúpi sem sigraði í 100 metra skeiði á mótinu. Knapi er Søren Madsen.



Buna Spunadóttir frá Skrúð stóð sig vel í flokki 5 vetra hryssna og hlaut m.a. 9 fyrir tölt og vilja og geðslag. Knapi er Björn Haukur Einarsson.



Umgjörð byggingardóma var hin glæsilegasta. Hér er Þórálfur frá Prestsbæ sem varð í 2. sæti í elsta flokki stóðhesta með 8,68 í aðaleinkunn. Sýnandi hans er Þórarinn Eymundsson.



Hervör frá Hamarsey varð hæst 6 vetra hryssna. Hún hlaut m.a. 10 fyrir bak og lend, 8,61 fyrir byggingu og 8,43 fyrir kosti. Sýnandi hennar er Vignir Jónasson.



Mjölnir vom Lipperthof var efstur 6 vetra stóðhesta. Hann fékk 8,59 fyrir byggingu og 8,46 fyrir hæfileika þar af 9 fyrir skeið. Sýnandi hans er Árni Björn Pálsson.

## Glæsilegar þýskar kerrur

UNSINN

**Traustur undirvagn - ál skjólborð**
**Gæða kerrur - Góð verð**
**Komið og kynnið ykkur úrvalið**



BRIMCO
Yfir 20 ára reynsla

**FLUGUMÝRI 8 - 270 MOSFELLSBÆ**
**SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is**



## GÁMAR TIL SÖLU





Notaðir vel með farnir 40 feta HC gámar til sölu. Takmarkað magn.

**Tilboðsverð: 389.900 kr. með vsk.**

Nánari upplýsingar í síma 864-2400.

völundarhús.is Sími: 864-2400 · Netfang: info@volundarhus.is



# ERTU KLÁR?

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á FACEBOOK







- FAGLÆRÐIR SÖÐLASMIÐIR
- FRAMLEIÐSLA OG VIÐGERÐIR Á REIÐTYGJUM
- MESTA VÖRUÚRVAL Á SUÐURLANDI FYRIR HESTAFÓLK

**VIÐGERÐIR**
- Gerum við og yfirförum hnakka
- Saumum löf
- Skiptum um móttök
- Stoppum í undirdýnur ofl. ofl.

**SÉRSMÍÐI**
- Vantar þig eitthvað sem ekki fæst akkúrat eins og þú vilt hafa það?

ALLTAF KAFFI Á KÖNNUNNI!

OPIÐ VIRKA DAGA 9–18, OG LAUGARDAGA 10–13

BALDVIN OG ÞORVALDUR SELFOSSI

Baldvin og Þorvaldur • Austurvegi 56 • 800 Selfossi • 482 1900 • www.baldvinogthorvaldur.is



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



## Skórnir sem hafa slegið í gegn!
og fengið frábæra dóma.

Grubs Cityline reiðskórnir eru vatnsheldir, hlýjir og með harðri tá. Opið er víðara en á öðrum gerðum og er því auðvelt að smeygja sér í og úr. Grubs eru framleiddir úr mjúku náttúrugúmmíi og klæddir með neopreni.

GRUB'S



Cityline
Verð: **12.900**

MJÚKIR OG ÞÆGILEGIR

VATNSHELDIR



Woodline
Verð: **8.900**



Midline
Verð: **14.900**

SÖLUAÐILAR:
- Baldvin og Þorvaldur, Selfossi
- Fjalli.is, netverslun
- Fóðurblandan, Egilsstöðum, Hvolsvelli, Hellu & Selfossi
- Kaupfélag Borgfirðinga
- Kaupfélag Steingrímsfjarðar
- Kaupfélag Vestur Húnvetninga
- K.M. Þjónustan Búðardal
- KS verslunin Eyri, Sauðárkróki
- Lífland, Reykjavík, Akureyri, Hvolsvelli, Blönduósi & Borgarnesi
- Skipavík, Stykkishólmi
- Skóbúð Húsavíkur
- Top Reiter, Reykjavík
- Varahlutaverslun Björns, Hellu
- Verslunin Tákn, Húsavík

FJALLI.IS Vild ehf • Bæjarlind 6 • 201 Kópavogi • Sími: 578-5050 • vild@vild.is



## BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

**Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum**



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is



## Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

FRÉTTASKÝRING

## Umhverfis- og auðlindaráðherra deilir undrun manna yfir að íslenskt rafmagn sé framleitt með kolum og kjarnorku:

# „Rétt að skoða hvort hægt sé að breyta einhverju þarna, reglunum eða framkvæmd þeirra“

### – Íslensk orkufyrirtæki halda samt áfram að selja erlendum fyrirtækjum vottorð um ósannan uppruna raforku sem þau nota

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is





Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra.










**Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra segist deila undrun manna yfir að á reikningum fyrir orkunotkun heimila sé sagt að raforkan sé að hluta framleidd með kolum, olíu, gasi og kjarnorku.**

„Þetta er ankannalegt og veldur ruglingi í loftslagsumræðunni. Þetta regluverk er hluti af EES-samningnum og ekki á forræði míns ráðuneytis. Ég hef rætt þetta við minn kollega sem ber ábyrgð á þessum lögum og mér finnst rétt að skoða hvort hægt sé að breyta einhverju þarna, reglunum eða framkvæmd þeirra,“ segir ráðherra í svari við fyrirspurn Bændablaðsins.

Í umfjöllun Bændablaðsins 6. júlí 2017 er greint frá sölu hreinleikavottorða íslenskra orkufyrirtækja úr landi og í staðinn taka þau á sig kolefnisfótspor og hlutdeild í geislavirkum úrgangi vegna framleiðslu á raforku með kjarnorku. Vegna þessa óskaði Bændablaðið eftir svörum frá Björt Ólafsdóttur umhverfis- og auðlindaráðherra við eftirfarandi spurningum:

1. Telur umhverfisráðherra ásættanlegt að Ísland kaupi til sín kolefnisfótspor, um 290 þúsund tonn af koldíoxíði (460 og geislavirka mengun um 154 kg (0,72 mg/kWh) á síðasta ári, sem nemur samtals 59% af raforkuframleiðslu Íslendinga 2016, í skiptum fyrir vottorð á hreinni orku sem hér er framleidd?

2. Nú hefur ráðherra rætt hugmyndir um að moka ofan í framræsluskurði, auka skógrækt og draga úr útblæstri frá bílum og stóriðju. Hefur ráðherra skipt um skoðun og hafa íslensk stjórnvöld lagt á hilluna öll áform um að draga úr kolefnisfótspori Íslands í alþjóðlegu samhengi eins og ætla má af innkaupum á ímyndaðri kolefnis- og geislavirkri mengun?

3. Ef ráðherra og ríkisstjórn hefur hefur ekki skipt um skoðun varðandi það að draga úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, mun ráðherra þá beita sér fyrir því að Ísland hætti sölu á hreinleikavottorðum á raforku úr landi?

4. Mun ráðherra beita sér fyrir að innleiðing tilskipunar Evrópusambandsins, sem innleidd var á Íslandi með lögum nr. 30/2008, sem samþykkt voru 7. apríl 2008 og heimilar sölu á hreinleikavottorðum fyrir raforku verði numin úr gildi?

*Svar ráðherra*

Svar barst frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 10. ágúst, en þar segir orðrétt:

„Í þessum spurningum er vísað til viðskipta með sk. upprunaábyrgðir á grundvelli reglna ESB í orkumálum, sem er ætlað að efla samkeppnisstöðu endurnýjanlegrar orku. Þar geta menn keypt sér vottorð um að hafa greitt sérstaklega fyrir endurnýjanlega orku úr rafmagnsdreifikerfinu, sem er að stórum hluta samtengt í Evrópu. Á Íslandi kemur þetta hins vegar mörgum spánskt fyrir sjónir, þar sem orka á Íslandi er nær 100% frá endurnýjanlegum orkugjöfum og dreifikerfi raforku ótengt því evrópska, þannig að í raun geta aðilar á meginlandinu ekki keypt raforku framleidda á Íslandi og íslenskir neytendur hafa engan aðgang að rafmagni sem framleitt er með kolum eða kjarnorku.



Almennt er því til að svara að þetta kerfi með upprunaábyrgðir, sem er á forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, er ótengt bókhaldi um losun gróðurhúsalofttegunda og hefur ekki áhrif á það eða skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum, sem eru á verksviði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Sala íslenskra orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum þýðir ekki að Ísland fái bókfærða losun frá evrópskum kolaorkuverum. Þetta regluverk breytir því engu um skuldbindingar eða áform stjórnvalda í loftslagsmálum. Ísland skilar árlega losunarbókhaldi til Loftslagssamnings S.þ., sem er vandlega yfirfarið af sérfræðingum á vegum samningsins; þar breyta viðskipti með upprunaábyrgðir engu til eða frá.

Mér sýnist að grunnhugsunin í þessu regluverki ESB sé góð; í Evrópu setja bæði vindmyllur og kolaver raforku inn á dreifikerfið og notendur eiga síðan þann kostr að kaupa tilkall til endurnýjanlega þáttarins og fá vottorð um slíkt – kaupandinn fær þá grænni ímynd, hreina orkan meiri tekjur og kerfið í heild er hvetjandi varðandi endurnýjanlega orku. Í okkar eyríki vekur útkoman hins vegar upp spurningar, eins þótt þetta hafi ekki áhrif á opinbera loftslagsbókhaldið. Það mætti kannski gleðjast yfir að orkufyrirtækin fái aukalegar tekjur frá Evrópu fyrir sína endurnýjanlegu orku, en það er afar skrítið fyrir íslenska neytendur að fá upplýsingar á rafmagnsreikningnum um að stofuljósin séu kolakynt og eldavélin kjarnorkuknúin. Ég deili undrun manna á slíku. Þetta er ankannalegt og veldur ruglingi í loftslagsumræðunni. Þetta regluverk er hluti af EES-samningnum og ekki á forræði míns ráðuneytisins. Ég hef rætt þetta við minn kollega sem ber ábyrgð á þessum lögum og mér finnst rétt að skoða hvort hægt er breyta einhverju þarna, reglunum eða framkvæmd þeirra. Mögulega er það flókið mál út frá EES-samningnum, en mér finnst engu að síður rétt að skoða það. En ég ítreka að þetta hefur engin áhrif á loftslagsbókhald eða skuldbindingar í loftslagsmálum. Við munum halda ótrauð áfram við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, hvort sem þessu regluverki verður breytt nú eða síðar,“ segir Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra.



Danir mæta nú verulegum hluta af sinni raforkuþörf með vindrafstöðvum. Eigi að síður er nær helmingur raforkunnar framleiddur með gasi, olíu og kolum. Til að bæta ímyndina kaupa dönsk fyrirtæki hreinleikavottorð.

### *Þykir fáránlegt en ekkert gert til úrbóta nema að fela málið*

Það vekur athygli að ekkert skuli hafa verið gert í málinu síðan Bændablaðið upplýsti fyrst um þennan skrípaleik í júní 2015. Þáverandi iðnaðarráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, lofaði að skoða málið haustið 2015, en ekkert gerðist. Núverandi ráðherra umhverfis- og iðnaðarmála segir að þetta heyri ekki undir hennar ráðuneyti, en rétt sé þó að skoða málið. Það eina sem orkufyrirtækin hafa gert er að gefa það út að þessi skilgreining á uppruna orku sem miðast við sölu á hreinleikavottorðum verði strikuð út af orkureikningum almennings á næsta ári. Almenningur mun því ekki sjá þetta á sínum reikningum, en sölu á syndaaflausnum fyrir losun gróðurhúsalofttegunda verður eigi að síður haldið áfram til erlendra fyrirtækja.

### *Íslendingar selja blekkingarvottorð um uppruna orku í útlöndum*

Það vekur líka athygli að ráðherra segir nú að sala íslenskra orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum þýði ekki að Ísland fái bókfærða losun frá evrópskum kolaorkuverum. Þetta regluverk breyti því engu um skuldbindingar eða áform stjórnvalda í loftslagsmálum. Það með er ekki annað að sjá en að ráðherra staðfesti að um hreinan skrípaleik sé að ræða til að gera erlendum fyrirtækjum kleift að blekkja sína viðskiptavini um uppruna og hreinleika á þeirri orku sem þau nota.

Danmörk hefur oft verið nefnd sem fyrirmyndarríki um hvernig skipta eigi úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orku. Þar hefur orðið gríðarleg uppbygging í vindrafstöðvum. Var sett met í þeim efnum 2015, en þá náðu Danir því að vera með 42% af sinni raforkuframleiðslu frá vindrafstöðvum. Stefnt er á að Danir verði óháðir jarðefnaeldsneyti til orkuframleiðslu árið 2050 en þar er samt ekki allt eins og sýnist.

Danir flytja inn um 12% af sinni raforku um rafstrengi frá öðrum löndum. Ef um 42% kemur frá vindorkuverum, þá er mismunurinn, nærri helmingur raforkuþarfarinnar. Þá orku framleiða Danir með gasi, olíu og kolum. Eigi að síður flagga dönsk fyrirtæki því mjög að vera með hreina orku. Það þykir styrkja ímynd fyrirtækjanna í harðri samkeppni á heimsmarkaði. Það geta þau gert m.a. með því að kaupa upprunavottorð um hreina orku. Fyrirtæki í Þýskalandi, Bandaríkjunum. Indlandi, Kína og víðar gera þetta líka í stórum stíl. Einkum þau sem nota raforku sem framleidd er ýmist með jarðefnaeldsneyti eða kjarnorku. Heilu stofnununum er haldið úti sem vísa mönnum á hvar þeir geti keypt slík vottorð. Eru þessi viðskipti orðin umtalsverð og réttlætt með því að þau eigi að stuðla að frekari framleiðslu á hreinni orku. Hengd eru upp falleg innrömmuð vottorð sem eiga að sýna að orkan sem notuð er sé endurnýjanleg. Þetta er samt ekkert annað en blekking eins og berlega kemur fram í svörum ráðherra.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort réttlætanlegt sé að Íslendingar taki þátt í slíkum blekkingarleik – bara af því að fyrir slíkt fáist peningar. Í þessu ljósi er kannski ekkert skrítið að virðing almennings fyrir stjórnmálamönnum sé eins lítil og raun ber vitni. Ef stjórnmálamenn telja réttlætanlegt að ljúga á þeim forsendum einum að fyrir það fáist peningar, þá er eitthvað mikið að. Vonandi fellur núverandi umhverfis- og auðlindaráðherra ekki í þá gryfju, enda telur ráðherrann þetta afar skrítið og ankannalegt, eins og fram kemur í svörunum.




Otto 145m² einbýlishús, 4 herb + sauna

# VÖNDUÐ HÚS Á BETRA VERÐI




## Einingahús sem standast allar íslenskar byggingakröfur fyrir einstaklinga, fjölskyldur og ferðaþjónustu á betra verði.

**Falleg heimili og sumarhús**

Húsasmiðjan hefur starfað í framleiðslu og sölu einingahúsa í meira en sextíu ár og byggir því á gömlum grunni. Í dag býður Húsasmiðjan í samstarfi við Seve ný einingahús fyrir íslenskan markað. Seve er leiðandi fyrirtæki í einingahúsasmíði í Eistlandi.

Fyrirtækið hefur í mörg ár selt vönduð einingahús á mjög hagstæðu verði m.a. til Noregs, þar sem nú þegar hafa verið seld yfir 800 hús, af öllum stærðum og gerðum. Húsin eru nú einnig fáanleg í Svíþjóð og Sviss og hafa reynst einstaklega vel. Þau standast fyllilega ýtrustu kröfur og eru ótrúlega einföld og fljótleg í uppsetningu. Húsin koma í öllum stærðum og gerðum, allt upp í 250m².

**Fyrir ferðaþjónustuna líka**

Húsasmiðjan býður líka margskonar lausnir fyrir ferðaþjónustuna, td. smáhýsi 18-25 fermetra að stærð og fleira. Allt eru þetta einingahús sem auðvelt er að koma fyrir gistirými, snyrtingu og eldunaraðstöðu.

**Þetta er einföld, hagkvæm lausn sem þú verður að kynna þér.**

Nánari upplýsingar veitir Ingvar Skúlason í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar í Kjalarvogi, í tölvupósti **ingvar@husa.is** eða í síma 525 3000.
Einnig er hægt að skoða heimasíðu Húsasmiðjunnar www.husa.is



Cocteau 145m² einbýlishús 2 hæðir, 4herb

## Verðdæmi - einbýli:

147 m² einbýlishús á tveimur hæðum með 4 svefnherbergjum.



**Afhent** frá Húsasmiðjunni tilbúið til uppsetningar á steyptan grunn – **12.3 milljónir**. (Kaupandi sér um uppsetningu.)
**Uppsett** tilbúið fyrir spartl og málningu, en án vatns og hitalagna, á aðeins rúmlega **19.8 milljónir**. (Framleiðandi sér um uppsetningu.)

Steyptur grunnur þarf að vera til staðar fyrir uppsetningu.
Verð miðast við gengi 1. ágúst 2017

## Verðdæmi - smáhýsi:

Smáhýsi, hentug fyrir ferðaþjónustuaðila.
Húsin eru til sýnis í Húsasmiðjunni Skútuvogi.

**Húsin koma fullbúin með öllu!**
Það eina sem þú þarft að bæta við er gólfefni, hreinlætistæki fyrir baðherbergi og eldhúsaðstöðu (ef þörf er á).

**Stuttur afgreiðslufrestur**

**Sjá nánar á husa.is**

SEVE



**Smáhýsi 18,2 m²**
Breidd: 360 cm, lengd: 600 cm.
Pallur 150 x 360 cm.
Fleiri útfærslur í boði.
**Örfá hús eftir, tilbúin á lager.**
tilboð: 2.399.000kr
Verð áður: 2.686.000kr

Getum afhent strax



**Smáhýsi 25,1 m²**
Breidd: 480 cm, lengd: 600 cm.
Pallur 150 x 480 cm.

Fleiri útfærslur í boði.

verð frá: 3.385.000 kr



Boraðar hafa verið ríflega 40 rannsóknarholur við leit að heitu vatni við Hoffell í Nesjum.

### Góður árangur af borunum við Hoffell í Nesjum:

# Heitt vatn finnst til húshitunar

**Góður árangur var af borun holu HF-4 við Hoffell og virðast nú allar forsendur vera fyrir hendi til að hitaveita á Höfn í Hornafirði geti orðið að veruleika.**

Borun á holu HF-4 lauk þann 14. júlí síðastliðinn, samkvæmt frétt á heimasíðu Rarik, og virðist holan samkvæmt fyrstu mælingum geta gefið allt að 50 lítra á sekúndu af um eða yfir 80 °C heitu vatni. Verði það raunin er það betri árangur er búist var við. Holan er 1.750 metra djúp og hiti í botni hennar er vel yfir 80° á Celsíus. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða sá um borunina og ÍSOR sá um ráðgjöf og eftirlit.

*45 rannsóknarholur*

Frá 2012, hefur RARIK í samstarfi við ÍSOR látið bora eftir heitu vatni við Hoffell í Hornafirði með það að markmiði að finna heitt vatn fyrir hitaveitu á Höfn. Frá 1992 til 2006 höfðu sveitarfélagið Hornafjörður í samstarfi við Jarðfræðistofuna Stapa og einnig Orkustofnun unnið að jarðhitaleit við Hoffell.

Boraðar voru 33 rannsóknarholur fram til 2006, flestar grynnri en 60 metrar, en fjórar yfir 300 metrar. Hlé varð á borunum frá 2006 þar til RARIK hóf að láta bora árið 2012, en síðan þá hafa verið boraðar 12 grunnar rannsóknarholur, ein 150 m hola, þrjár 500 metra holur og fjórar djúpar rannsóknarholur, 1.100 til 1.750 metra djúpar, sem hannaðar eru þannig að þær nýtist sem vinnsluholur.

Árangur hefur verið góður og er nú nægjanlegt vatn fundið fyrir hitaveitu á Höfn. RARIK mun þó bora eina djúpa holu til viðbótar, til að tryggja öryggi veitunnar þótt ein hola skemmist.

*Fjarvarmaveita á Höfn frá 1991*

RARIK hefur rekið fjarvarmaveitu á Höfn í Hornafirði frá 1991, þar sem vatn hefur verið hitað upp með ótryggðu rafmagni og dreift um þéttbýlið. Um 75% húsa á Höfn eru tengd fjarvarmaveitunni, en önnur hús eru hituð með beinni rafhitun. Þegar ótryggt rafmagn hefur ekki verið fyrir hendi hefur vatnið verið hitað með brennslu olíu.

Að mati RARIK er ekki líklegt að ótryggt rafmagn fáist á næstu árum á þeim kjörum sem nauðsynlegt er til að fjarvarmaveitan beri sig. Því var ákveðið að fara í jarðhitaleit til að freista þess að finna heitt vatn fyrir Höfn. /VH

### Sveitarstjórn Húnavatnshrepps:

# Þungar áhyggjur vegna lækkana á afurðaverði

**Sveitarstjórn Húnavatnshrepps hefur í ályktun lýst yfir þungum áhyggjum vegna boðaðra lækkana á verði til sauðfjárbænda í komandi sláturtíð. Ályktunin var samþykkt samhljóða á fundi sveitarstjórnar í liðinni viku. Sauðfjárrækt er undirstaða byggðar í héraðinu og segir í ályktuninni að þar af leiði að hrikti í byggðinni þegar fótum sé kippt undan starfseminni.**



Fram kemur að verði boðaðar verðlækkanir á afurðaverði til sauðfjárbænda nú í haust að veruleika sé rekstrargrundvöllur sauðfjárbúa í landinu algerlega brostinn. Afleiðingarnar verði hrun í búgreininni og í framhaldi af því stórfelld byggðaröskun. Því þurfi að leita lausna án tafar.

*Engin laun til bænda*

„Sauðfjárbúskapur er stærsta atvinnugrein innan Húnavatnshrepps og hefur boðuð lækkun á verði til sauðfjárbænda gífurleg áhrif á afkomu heimila í Húnavatnshreppi og sveitarfélagsins í heild. Nú, annað árið í röð, standa sauðfjárbændur frammi fyrir verulegri tekjuskerðingu og á komandi hausti af þeirri stærðargráðu að ekkert mun standa eftir af tekjum búanna til greiðslu á launum, þegar kostnaður við framleiðsluna hefur verið greiddur. Laun bænda vegna búrekstrarins verða því engin.

Miklir fjárhagsörðugleikar blasa við, sérstaklega skuldsettum bændum. Kemur tekjuskerðing augljóslega harðast niður á þeim sem nýlega hafa byrjað búskap, sem eru í flestum tilfellum yngstu bændurnir," segir í ályktuninni.

*Ekki drepa málinu á dreif*

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps skorar á stjórnvöld, forystumenn bænda, sláturleyfishafa og aðra hlutaðeigandi að leita allra leiða til að leysa þá grafalvarlegu stöðu sem uppi er. „Leita þarf lausna án tafar, en drepa ekki málinu á dreif með karpi um orsakir vandans." /MÞÞ



Friðlýsing Jökulsárlóns og nærliggjandi þjóðlenda styrkir vinnu við tilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs sem náttúruminja á heimsminjaskrá UNESCO sem nú er unnið að. Mynd/Þorvarður Árnason

# Frá fjallstindi að fjöru

### – Bæjarstjóri Hornafjarðar vill sjá uppbyggingu innan þriggja ára

**Jörðin Fell og nærliggjandi þjóðlendur voru friðlýst sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs þann 25. júlí sl. Á svæðinu er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins, Jökulsárlón, ásamt stórum hluta Breiðamerkursands og hluti Fjallsárlóns. Þar með nær Vatnajökulsþjóðgarður frá hæsta tindi landsins niður að fjöru.**

Gestakomur í Jökulsárlón hafa stigvaxið í samræmi við fjölgun ferðamanna hér á landi. Árið 2015 voru þeir 460.000 og fjölguðu í um 670.000 árið 2016 og í ár er gert ráð fyrir að um milljón gestir heimsæki staðinn.

Svæðið mun nú tilheyra suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og horfir í viðamikil verkefni við uppbygginu innviða og vörslu á svæðinu. Nú þegar eru landverðir á vegum þjóðgarðsins við Jökulsárlón og á svæðinu í kring til að fylgjast með og leiðbeina gestum.

Næsta skref er að vinna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið en slík áætlun er meginstjórntæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnumótunar. Hún á að endurspegla sameiginlegar væntingar og áform þeirra sem koma að starfsemi þjóðgarðsins og eiga hagsmuni á starfssvæðinu. Þar er m.a. sett fram stefna um náttúruvernd, útivist, byggðaþróun og landnýtingu.

*Skilvirkast að einkaaðilar kæmu að uppbyggingu*

„Ég verð ekki var við neitt annað en mikla ánægju með að friðlýsingin sé orðin að veruleika. Menn binda töluverðar vonir við það að það fari í gang öflug uppbygging. Ég vil sjá þessa uppbyggingu hefjast strax á næsta ári og að henni ljúki á þremur árum," segir Björn Ingi Jónsson, formaður svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, en 58,7% sveitarfélagsins tilheyrir nú þjóðgarðinum.

Björn Ingi segir vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir hið nýfriðlýsta svæði þegar farna í gang en slíkt ferli taki alla jafna nokkra mánuði. Hann segir að líta þurfi sérstaklega til umferðaröryggis og uppbyggingu innviða á fjölförnum ferðamannastöðum eins og í kringum Jökulsárlón. Um sé að ræða kostnaðarsamar framkvæmdir og því geti verið skilvirkast að einkaaðilar kæmu að uppbyggingunni.

„Við erum afskaplega glöð að ríkið hafi stigið það skref að kaupa jörðina og eigi þessa náttúruperlu til framtíðar. Þetta eru ekki litlar upphæðir sem teknar eru af almannafé og ég tel óraunhæft að ætlast til þess, eða reikna með því, að ríkið komi svo með auka 500–1000 milljónir í viðbót til að byggja upp aðstöðu þarna. Við viljum að svæðið skili tekjum aftur til hins opinbera og til þjóðgarðsins. Ég held að slíkt geti skilað sér með því að bjóða út uppbygginguna, á grunni þess að menn greiði fyrir það leigu og vinni samkvæmt skilmálum, deiliskipulagi og ákveðinni umgjörð."



Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra undirritaði friðlýsinguna við hátíðlega athöfn hjá Jökulsárlóni. Björn Ingi Jónsson, formaður svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og bæjarstjóri Hornafjarðar, stendur hjá. Mynd/Umhverfisráðuneytið



Með friðlýsingu Jökulsárlóns og nærliggjandi svæða bætast 190 ferkílómetrar við Vatnajökulsþjóðgarð. Kortið sýnir hið nýfriðlýsta landsvæði.

Björn Ingi bendir á að slík nálgun að innviðauppbyggingu á sér fordæmi í Fjallsárlóni, sem varð einnig hluti af þjóðgarðinum með friðlýsingunni og hún hafi reynst vel.

*Beit á Breiðamerkursandi*

Vatnajökulsþjóðgarður er frábrugðinn öðrum þjóðgörðum hér á landi þegar kemur að landnýtingu innan þjóðgarðsmarka. Meginhluti þjóðgarðsins er skilgreindur í verndarflokki II sem svæði sem er einkum ætlað til verndar vistkerfum og til útivistar.

Hefðbundin landnýting er heimil á nokkrum svæðum innan þjóðgarðsins. Sauðfjárbeit er leyfð á hluta Jökulsárgljúfra, afréttum á vestur-, norður- og austurhálendinu og afmörkuðum svæðum sunnan jökla. Mest er hún næst byggð sunnan og vestan jökla en minnst á afréttum norðurhálendisins, samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun.

Þá eru innan þjóðgarðsins svæði sem flokkuð eru sem verndarsvæði með sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og þar er að einhverju leyti stunduð sauðfjárbeit. Þessi landsvæði eru einnig að stórum hluta í einkaeign innan þjóðgarðsins.

Sauðfé hefur verið beitt á Breiðamerkursandi í áraraðir. Friðlýsing sandsins hefur að sögn Björns Inga ekki í för með sér breytingar á því. Ákveðnar jarðir hafi afnotarétt af svæðinu og þær heimildir haldi þrátt fyrir friðlýsingu. /ghp

# JÖKLAR

*Upplifun á Íslandi*

## ÍSLENSK HÚS SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

*Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu*



## STARFSMANNAHÚS

Jöklar henta vel sem starfsmannahús. Rýmið er hægt að skipuleggja að vild, fjölga herbergjum, stækka þau eða minnka og breyta gluggum og hurðum. Húsin raðast auðveldlega saman og því auðvelt að mynda raðhús / herbergjaálmu.



Hugmynd að útfærslu

**Verðdæmi**

Fjögurra herbergja hús með sérinngangi inn í hvert herbergi sem sýnt er hér fyrir ofan er 60 fm að stærð og kostar kr. **5.320.645,- án vsk. ***

Hægt er að fá starfsmannahúsin með burst þaki eða einhalla þaki.

* Verð miðast við ósamsett hús tilbúið að utan, fokhelt að innan

**STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN**

**Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is**

LANDSHÚS



*Bændablaðið* ***Smáauglýsingar 56-30-300***

***Næsta blað kemur út 7. september***








## Göngur framundan og vantar vesti?

*Endurskinsvesti með riflás í gulu og appelsínugulu.*
*Stærðir: S-4XL.*
*100% pólýester*

*Endurskinsvesti með rennilás í gulu og appelsínugulu.*
*Stærðir: M-3XL.*
*100% pólýester*

***Einnig margskonar annar endurskins- og hlífðarfatnaður.***

*Hafðu samband.*
*Við veitum þér faglega aðstoð.*

DYNJANDI
**allt fyrir öryggið**

Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is



## BÆNDUR OG BÚALIÐ !

***Höfum nú bætt við, því sem þarf fyrir NorFor***

VELJUM ÍSLENSKT

**Verð á heygreiningarpökkum haustið 2017**

- **Heyefnagreining 1** Hráprótein, meltanleiki og NDF mælt með NIR-tækni + orkuútreikningar (FE). kr. 3950.-
- **Heyefnagreining 2** Hráprótein, meltanleiki og NDF og mælt með NIR-tækni + orkuútreikningar(FE). Ca, Mg, K, Na, P, S, Fe, Cu, Mn og Zn. Sýrustigsgreining ef um vothey er að ræða. kr. 6950.-
- **Heyefnagreining 3** Sama og Heyefnagreining 2 nema selen og bætist við. kr. 7950.-
- **Heyefnagreining 4** Hráprótein, meltanleiki, NDF, iNDF og sCP mælt með NIR-tækni + orkuútreikningur (FE). Ca, Mg, K, Na, P, S, Fe, Cu, Mn, Zn, Se, Co og Mo. Aska, klór og sykur. Þessi greining hentar vel ef um þurrt rúlluhey (lítið verkað hey) eða hirðingarsýni er að ræða. Þessi greining er fyrir þá sem eru í NorFor. kr. 11250.-
- **Heyefnagreining 5** Sama og Heyefnagreining 4 nema pH og ammonium bætast við. Fyrir þá sem eru í NorFor og um verkað hey/fóður t.d vothey eða stæðuhey er að ræða kr. 12250.-

***ATHUGIÐ !*** *Verðum tilbúin með **Heyefnagreining 6** um miðjan september sem er eins og Heyefnagreining 5 nema við bætast gerjunarafurðir, kr. 14750.-*

Öll verð eru án vsk. Ath. 10 % afsláttur fyrir 7 sýni eða fleiri.

Lofum niðurstöðum innan 15 daga.

Einnig hægt að fá mælt sterkju og nítrat ef óskað er.

**NÝJUNG FYRIR KÚABÆNDUR ! Nú getið þið sent okkur vatnssýni úr fjósinu í heildarbakteríumælingu og coliforms þ.m.t E kólí. Verð kr. 4600.- (Með leyfi MAST)**

EFNAGREINING Ásvegi 4 · Hvanneyri · 311 Borgarnes | www.efnagreining.is




Elvar Reykjalín, framkvæmdastjóri Ektafisks, fyrir framan veitingastað sinn, Bakkalá Bar, á Hauganesi við Eyjafjörð. Myndir / HKr.

### Mikil uppbygging hjá Elvari Reykjalín skipstjóra, saltfiskverkanda og hestaáhugamanni á Haugnesi:

# Býður gestum „Uppáhald skipstjórans," og „Vélstjóra á vakt" á Baccalá Bar

## – selur ítölskum Michelin-veitingahúsum hágæða saltfisk og byrjaði fimmtugur í hestamennsku af miklum áhuga

**Mikil uppbygging hefur verið í ferðaþjónustu við Eyjafjörð og er Hauganes þar engin undantekning. Þar hefur framkvæmdastjórinn, skipstjórinn, saltfiskverkandinn og hestaáhugamaðurinn Elvar Reykjalín ráðist í stórvirki með opnun veitingastaðar og gerð tjaldstæðis í þorpinu og hefur margt fleira á prjónunum.**

Elvar er framkvæmdastjóri Ektafisks ehf. og er fæddur og uppalinn á Hauganesi, sem er gamall útgerðarstaður í miðju landbúnaðarumhverfi í Eyjafirði. Elvar er þriðji ættliður saltfiskverkenda á staðnum. Hefur hann hlotið viðurkenningar fyrir frumkvöðlastarf í matvælavinnslu og er nefndur „salfiskkóngur Íslands" á heimasíðu fyrirtækisins. Þykir Elvar skemmtilegur heim að sækja, er uppátækjasamur í meira lagi, léttur og hress og því hafa ferðaþjónustufyrirtæki sóst mjög eftir að fá að koma til hans í heimsókn með hópa.

### *Byrjaði 12 ára á sjónum*

„Hér byrjaði ég á sjó 12 ára gamall með gömlum manni á trillu og var þar í þrjú sumur," sagði Elvar þegar blaðamaður Bændablaðsins kíkti þar í heimsókn fyrir skömmu. „Síðan gerðist ég atvinnufiskimaður 15 ára eins og guttarnir í þessum sjávarþorpum. Ég fór svo í Stýrimannaskólann og tók þar skipstjórnarréttindi. Þannig hef ég farið í gegnum þetta allt sem háseti, kokkur, stýrimaður og skipstjóri.

Ég var búinn að vera á sjó í 25 ár og eftir það langan tíma var maður eiginlega búinn að fá nóg. Við bróðir minn og frændur seldum því útgerðina árið 2000 og ég hélt áfram með fiskvinnsluna Ektafisk.



Fjölmargir lögðu hönd á plóg við að smíða veröndina á Baccalá bar sem er í formi víkingaskips.





Þótt um 60% af framleiðslu Ektafisks sé flutt úr landi, þá má finna vörur fyrirtækisins í verslunum víða um land og eins framleiðir fyrirtæki Elvars sérstakar pakkningar fyrir ferðamenn sem eins konar matarminjagripi.

Það er búið að vera mjög erfitt að reka litla fiskvinnslu á þessu svæði. Það sýnir sig best í því að þegar ég var að byrja hér með pabba voru á milli 30 og 40 saltfiskvinnslur við Eyjafjörð, en nú er ég einn eftir. Ég segi nú oft að það sé bara vegna þess að ég er greindarskertur. Það sýnir ekki nokkra greind að halda þessu til streitu," segir Elvar kankvís á svip og heldur áfram.

„Bara á síðustu fimm árum eru þrjár fiskvinnslur búnar að fara á hausinn hér í sveitarfélaginu. Ég hef alltaf reynt að vera ekki að einblína á einhverja eina afurð og hef verið fljótur að breyta til ef markaðurinn kallar á það. Ég er búinn að vera að flytja utan vörur alla tíð sem nemur um 60% af framleiðslunni. Innanlandsmarkaðurinn ber ekkert það sem ég er að framleiða til að geta haft sem flest fólk hér í vinnu."

Þrátt fyrir að stærsti hluti framleiðslunnar sé seldur úr landi má víða finna salfisk, fiskibollur og fleira frá Elvari í verslunum landsins undir nafni Ektafisks.

### *Selur saltfisk m.a. á ítölsk Michelin-veitingahús*

„Ég sel mest af saltfiskinum á Spán og Ítalíumarkað. Þangað eru að fara um og yfir 200 tonn á ári. Þar er bæði um að að ræða hefðbundinn saltfisk og eins fullunninn og útvatnaðan saltfisk fyrir Michelin-veitingahús á Ítalíu. Við erum svo lítil í þessu að ég hef ekki verið að reyna að framleiða sem mest magn, heldur að finna markaði sem borga hæsta verð fyrir góða vöru."

Segir Elvar að þetta hafi þó reynst skelfilega erfitt eftir að gengi íslensku krónunnar fór að stíga og olli útflutningsfyrirtækjum miklum erfiðleikum.

„Ég bý þó svo vel að mínir viðskiptavinir úti hafa verið tilbúnir til að borga hærra verð fyrir minn saltfisk. Þeir eru eiginlega búnir að redda mér. Ég sagði þeim bara að ég væri í miklu basli með þetta og þeir hækkuðu bara greiðslurnar til mín. Fyrir það er ég gríðarlega þakklátur. Ég er reyndar bara með einn kúnna í hvoru landi og taka þeir allt frá mér sem ég get framleitt. Það er því engin birgðasöfnun."

### *Ferðaskrifstofurnar byrjuðu að hafa samband fyrir 15 árum*

Elvar segir að til að skjóta fleiri stoðum undir reksturinn þá hafa dottið upp í hendurnar á honum tækifæri sem tengist ferðaþjónustu.

„Fyrir einum fimmtán árum hringdi ferðaþjónusta í mig sem var í vandræðum með 30 manna hóp. Þeir spurðu; - Elvar, getur þú ekki gert eitthvað fyrir þetta fólk? Ég hugsaði málið. Jú, ég átti landalögg heima og blandaði út í hana berjasaft. Ég átti líka hákarl og skar hann niður og tók svo á móti hópnum sem samanstóð af útlendingum. Ég skellti í þau landa og hákarli og útbjó skjal á ensku fyrir þá sem þorðu að smakka. Síðan hefur enginn útlendingur farið frá mér án þess að fá slíkt skjal í hendurnar.

Þetta vatt svo upp á sig og

ferðaskrifstofan vildi að ég tæki annan hóp og nú er þetta orðinn stór þáttur í rekstrinum hjá mér.

Þetta er þá þannig að ég býð fólk velkomið með því að gefa því snaps. Gef þeim svo hákarl og segi þeim sögur. Þá sýni ég þeim líka handflökun á stórum þorskum og fræði þau um þá tegund og tek fram hákarlshaus sem ég er með hér í pækli og lýsi því öllu. Svo er glens og gaman og ég er með leiki sem ég fæ fólk til að taka þátt í. Einn leikinn kalla ég „Fear factor“ sem er þá ætlaður þeim hraustustu og veldur alltaf mikilli kátínu. Ég ætla ekkert að segja frá honum því hann á að koma fólki á óvart.

Fólk fer hér í gegnum svona klukkutíma langt „prógramm“ og síðan fær það að smakka saltfiskrétt hér á veitingahúsinu Baccalá Bar. Áður en veitingahúsið kom til var ég með eldhúsaðstöðu í því sama húsi og gaf ég þeim að smakka saltfiskinn hér í vinnslunni hjá mér.“



Örn er frændi Elvars og hefur verið hans hægri hönd í fyrirtækinu í 17 ár. Áður var hann á sjó með Elvari og hefur því verið viðloðandi starfsemina í yfir 20 ár. „Það er alveg sama hvað bilar í fyrirtækinu, þessi gæi lagar allt,“ segir Elvar.



Sigmar Ágúst, afkomandi Elvars, er hress og kátur eins og afinn.

### *Gestir fá að sjá allt vinnsluferlið*

Ég sýni gestum hvernig saltfiskur verður til alveg frá því fiskurinn kemur hér inn nýveiddur og maður flakar hann. Það fær að sjá saltað flak, útvatnaðan saltfisk og saltfisk í lofttæmdum „vacum“ pakkningum eins og ég hef gert í áratugi. Þannig fær fólk að sjá allt vinnsluferlið og það finnst gestunum stórmerkilegt. Það eru ekki margir sem hafa tækifæri til að kynnast slíku í dag, allra síst útlendingar. Enda halda þeir vart vatni yfir þessu.

Fyrir þremur árum, þegar ferðamannastraumurinn fór mjög að aukast, sá ég að það væri ekki hægt að halda þessu áfram nema að koma hér upp almennilegri aðstöðu. Í hittifyrra lá ég um haustið í makindum úti á Tenerife með konunni minni. Velti ég þá fyrir mér hvað ég gæti gert til að vera með veitingastað sem væri ekki eins og hjá öllum öðrum. Þá kom upp í hugann víkingaskip. Þegar ég kom heim fékk ég frænku mína, Dagnýju Reykjalín, til að rissa upp þessa hugmynd, en hún er grafískur hönnuður. Síðan smíðaði ég pall fyrir utan veitingahúsið sem er þilfarið í víkingaskipi. Það var byrjað á smíðinni í fyrravor og hún kláruð nú í apríl. Við vorum í fimm daga að smíða skipið sjálft og nú segi ég útlendingunum að það hafi strandað hér fyrir 800 árum, en því hafi verið haldið vel við.

Það eru skildir á borðstokknum, en ég sendi 30 skildi til vina og vandamanna úti um allt land og bað þá um að mála eitthvað á þá. Ég fékk þá til baka og sumir eru hreinustu listaverk. Þannig eiga fjölmargir þátt í þessari smíði.“

### *Fleiri snillingar í fjölskyldunni*

Meðal margra snillinga sem að smíðinni hafa komið nefnir Elvar Elías Höskuldsson og Habba bróður sinn (Hafstein Reykjalín), en honum er ekki síður margt til lista lagt og er bæði ljóðskáld og tónskáld auk þess að vera listmálari og hagleikssmiður með meiru.

„Nú í vor fór ég í skógarlund sem afi og frændur mínir gróðursettu fyrir 50 til 60 árum. Þar fann ég efni í siglutré skipsins. Það má því segja að allt sé þetta fjölskyldutengt. Timbrið í skipinu og klæðningin inni í veitingahúsinu er lerki úr Hallormsstaðarskógi. Svo sel ég ullarvörur frá konunum úr þorpinu. Ég legg ekkert á þessar vörur annað en virðisaukaskattinn, en konurnar fá allt andvirðið. Þetta eru því ódýrustu ullarvörur á landinu.“







Nýja tjaldstæðið á Hauganesi. Þar er húmorinn í góðu lagi eins og sjá má af kynjamerkingum á salernunum, þar sem karlmanns- og kvenmannsskór segja allt sem segja þarf.

### *Umsvifin aukast stöðugt*

Þessi starfsemi hefur heldur betur undið upp á sig. Í þeirri viku sem blaðamaður staldraði við hjá Elvari var hann að taka á móti hátt í 400 manns í kynningar og súpu. Þar af voru um 250 erlendir skátar.

„Það má því segja að fiskvinnslan sé næstum að verða aukabúgrein hjá mér yfir hásumarið. Þá er farinn að aukast straumur ferðamanna hingað yfir veturinn líka. Í janúar og febrúar á næsta ári verður beint flug til Akureyrar frá Bretlandi. Þá munu koma átta vélar og við erum inni í því dæmi. Allt er þetta því bráðskemmtilegt.

Svo er töluvert um að það komi hingað skíðafólk yfir vetrartímann, m.a. gestir af hótelinu á Deplum í Fljótum og frá Klængshóli í Svarfaðardal.“

### *Með 14 manns á launaskrá og ýmislegt á prjónunum*

„Þá er ég með fjóra til fimm, fimmtán til sextán ára polla héðan úr þorpinu sem eru að afgreiða og vaska upp. Það eru einir 14 á launaskrá við þetta, allt saman fólk af svæðinu. Þetta hefur því orðið allt að segja fyrir búsetu hér, en hér búa innan við 100 manns. Tengslin mín við sveitina núorðið eru helst í gegnum þessa starfsemi hér. Það eru hátt í tíu manns sem starfa við hvalaskoðunina og þau borða í eldhúsinu hjá mér. Svo er hér stórbóndi í sveitinni á bænum Stærra Skógi sem kemur hingað með allt sitt lið í mat þegar allt er á fullu í heyskapnum. Hann er að framleiða nautakjöt og við höfum rætt um að gera kannski eitthvað úr því hér á staðnum.“

### *Snillingar í matseld*

Það er óhætt að segja að fólk kunni vel til verka við matreiðslu á saltfiskréttunum á Baccalá Bar sem eru hreint lostæti. Segir Elvar að þar séu að verki konur úr þorpinu sem skiptast á við matseldina. Saltfiskréttirnir eru hannaðir á staðnum.

„Við köllum þetta „Uppáhald skipstjórans“, sem er rauði rétturinn og er aðeins sterkari. Hinn köllum við „Vélstjóra á vakt“. Sagan á bak við þessa rétti er að um borð í einu skipi var ekkert að gera eina nóttina hjá vélstjóra og skipstjóra. Tóku þeir sig til og fóru að keppa um hver gæti gert betri saltfiskuppskrift á meðan kokkurinn væri sofandi og þetta er útkoman.“

### *Tjaldsvæði og heitir pottar*

„Svo var ég að opna hér tjaldsvæði sem mun líka styðja við þessa starfsemi. Þá erum við að vinna í að opna hér heita potta í Sandvíkurfjöru sem er í 150 metra fjarlægð frá veitingastaðnum. Við búum nefnilega svo vel hér að vera með flotta og einstaka sandfjöru sem snýr á móti suðri. Ég held því fram að það sé eina sandfjaran á Norðurlandi sem snýr á móti suðri.“

### *Ýmsar uppákomur á vetrum*

„Á veturna erum við svo með skemmtilegar uppákomur á Baccalá Bar. Þá erum við með þjóðleg saltfiskkvöld og kvöld með signum fiski. Þá vorum við með sviða- og lappaveislu þar sem sviðnar voru og eldaðar um 600 lappir og 100 hausar. Í þessa veislu mættu um 100 manns og var þá fullt hér í báðum sölum.

Þetta eru virkileg skemmtikvöld og fáum við þá alltaf til okkar tónlistarmenn, söngvara og grínara. Við finnum því upp á ýmsu.“

### *Allt í víkingastíl*

Elvar segist sjá fyrir sér að heitu pottarnir í Sandvíkurfjöru verði að öllum líkindum í tveim litlum víkingaskipum. Annað á staðnum verði hannað í þeim stíl. Þá séu uppi hugmyndir um að reisa smáhýsi við tjaldstæðið og þau verði hönnuð með víkingatímann í huga.

„Jafnvel munum við setja þar upp langhús að hætti víkinga.“

Elvar segir að samlegðarhrifin séu mjög mikil fyrir atvinnulífið á Hauganesi. Þá sé mjög gott samstarf við hvalaskoðunina á staðnum, en ekki er óalgengt að hægt sé að sjá hvali í fæðuleit rétt fyrir utan bryggjuna. Hvalaskoðunin á Hauganesi er með þeim elstu á landinu, en hún hóf starfsemi 1993.

### *Með ódrepandi áhuga á hestum*

Hauganes er umlukt miklum túnum þar sem öflugur landbúnaður hefur verið stundaður í gegnum aldirnar. Elvar segist svo sem lítið hafa komið að landbúnaði en lifnar allur við þegar blaðamaður orðar við hann áhuga hans á hestamennsku.

„Ég á eina tíu hesta en kemst þó minna á bak en ég vildi vegna anna hér. Það kemur fyrir að ég bjóði gestum á bak, en þetta eru engir túristahestar heldur alvöru hestar og því vil ég ekki taka óvana á bak. Ég fer þó alltaf með fólk til hestanna og þó það komist ekki á bak þá er mikil upplifun fyrir það að fá bara að taka utanum þá og hafa þá vappandi í kringum sig. Þessar skepnur gefa svo mikið af sér að það er dásamlegt. Fólk fer eftir slík kynni á brott með tárin í augunum.

Ég byrjaði ekki í hestamennsku fyrr en ég var fimmtugur, en nú er ég 62 ára. Þá hafði ég aldrei komið á bak og verið sjóari alla ævi. Mig hafði þó alltaf langað til að eiga hesta og sneri mig nánast úr hálfsliðnum í hvert sinn er ég keyrði framhjá hestunum í túnunum hér í sveitinni.“

### *Þess virði að brotna á báðum og oftar en einu sinni*

„Ég kunni ekki neitt þegar ég byrjaði og hélt að þetta væri enginn vandi. Því byrjaði ég auðvitað á því að ökklabrjóta mig. Tveim árum seinna lærbraut ég mig, en var kominn á bak aftur áður en ég sleppti hækjunum. Ég segi því alveg hiklaust að það að vera í hestamennsku er þess virði að brotna á báðum og oftar en einu sinni. Það er dásamlegt að fara til fjalla í þrjá eða fjóra daga með nokkra hesta, í góðum félagsskap og gista svo í eyðikofum.

Uppáhaldsmerin mín heitir Stjarna sem er undan Pilti frá Sperðli. Ég keypti hana fyrir átta árum og kom þá með hana í hesthús sem ég var með úti á Dalvík. Ég fór út að ríða daginn eftir og kom svo að húsinu, stoppaði við dyrnar, fór af baki, opnaði dyrnar og tók hana inn. Ég gerði svo nákvæmlega það sama daginn eftir. Þriðja daginn stoppaði ég og ætlaði að fara af baki, en þá bítur hún í handfangið, ýtir hurðinni upp með nefinu og ég beygði mig bara niður og við ríðum inn. Eftir þetta gerðum við þetta alltaf. Það er stórkostlegt að fylgjast með dýri læra svona hluti. Mér finnst hún stundum hafa mannsvit. Þetta er alveg ótrúleg meri, en svolítið ofvirk eins og ég.

Stundum þegar ég er með fullt af útlendingum á víkingaskipinu á Baccalá Bar, laumast ég oft burt og sæki hest og kem svo á fullri ferð hér ríðandi frá sjónum og negli niður við skipshlið. Fólkið fórnar höndum og hleypur til mín, klappar og kjassar hestinn og fær jafnvel að mynda sig á baki. Það er dásamlegt að upplifa slíkt,“ segir hin eiturhressi framkvæmdastjóri, Elvar Reykjalín. /HKr.




Viðurkenning sem hugaðir gestir fá eftir að hafa borða hákarl og fengið sérlagaðan snaps hjá Elvari. Með þessu eru þeir komnir í „The Rotten Shark Club of Hauganes“.



Elvar Reykjalín þreyttur í hestaferð í Barkárdal. Á áningastað lagðist hesturinn niður og Elvar lagði höfuðið í hálsakotið og steinsvaf í hálftíma. Hesturinn passaði af mikilli umhyggju upp á húsbónda sinn á meðan.

## Íslendingar komu klyfjaðir verðlaunum frá heimsmeistaramóti íslenska hestsins:

# Hestaveisla í Hollandi

## – Vaskleg framganga ungmenna á stórmóti íslenskra hestaíþrótta

**Alls sóttu 42.500 manns heimsmeistaramót íslenska hestsins sem fram fór í Oirscot í Hollandi dagana 7.–13. ágúst sl. Keppt var í fjórum hringvallargreinum og þremur skeiðgreinum.**

Þrír íslenskir keppendur stóðu saman á palli í lok töltkeppninnar. Jakob Svavar Sigurðsson og Gloría frá Skúfslæk með glæsibrag, en þetta mun vera í fyrsta sinn sem hryssa sigrar greinina. Jakob Svavar og Gloría hlutu hæstu einkunn keppenda í forkeppni töltsins, 8,57 og fylgdu því eftir með fumlausri glæsireið í úrslitum. Hlutu þau 8,94 í lokaeinkunn.

Margfaldur heimsmeistari í greininni, Jóhann R. Skúlason, kom fram með ungan hest, Finnboga frá Minni-Reykjum, og urðu þeir í 2. sæti keppninnar með 8,33 í lokaeinkunn. Guðmundur Friðrik Björgvinsson og Straumur frá Feti urðu þriðju með 8,22 í lokaeinkunn.

Erlingur Erlingsson, sem keppir fyrir Svíþjóð, varð fjórði á Herjólfi frá Ragnheiðarstöðum og Irene Reber frá Þýskalandi varð fimmta á Þokka frá Efstu-Grund, hestinum sem Kristín Lárusdóttir reið til sigurs í greininni fyrir tveimur árum.

### *Þokki í stuði*

Það mæddi reyndar mikið á Þokka á mótinu. Þau Irene fóru fjallabaksleiðina að úrslitum bæði í tölti og fjórgangi, með því að sigra B-úrslit og komu því sex sinnum fram á hringvellinum. Þokki var þó í feiknaformi og skilaði sínu með mikilli reisn. Þau höfnuðu í 2. sæti í fjórgangi eftir mikla keppni. Þar áttu Þjóðverjar sviðið, hlutu gull, silfur og brons í firnasterkum úrslitum þar sem átta keppendur öttu kappi.

Hin ávallt skælbrosandi Jolly Schrenk sigraði greinina á Glæsi von Gut Wertheim og Johanna Tryggvason og Fönix frá Syðra-Holti fengu brons. Artemisia Bertus, sem býr og starfar hér en keppir fyrir heimaland sitt, Holland, varð fjórða á Korgi frá Ingólfshvoli og Guðmundur Björgvinsson og Straumur frá Feti í því fimmta. Johanna Beuk og Merkur von Birkelund frá Þýskalandi urðu sjöttu og Ásmundur Ernir Snorrason og Spölur frá Njarðvík í því sjöunda. Dennis Hedebo Johansen og Kolfaxi frá Blesastöðum 1A varð svo í áttunda sæti.



Jakob Svavar Sigurðsson og Gloría frá Skúfslæk fögnuðu sigri í tölti.
Myndir/ Marius MacKenzie



Afburðarsýningar Johönnu Tryggvason og Fönix frá Syðra-Holti skilaði henni heimsmeistaratitli í slaktaumatölti og samanlögðum fjórgangsgreinum.



Reynsluboltinn Jolly Schrenk á Glæsir von Gut Wertheim sigraði fjórgang og fékk silfur í slaktaumatölti.



Bretar eignuðust sinn fyrsta heimsmeistara í íslenskum hestaíþróttum þegar Charlotte Cook og Sæla frá Þóreyjarknúpi sigruðu 100 metra skeið.



Magnús Skúlason og hin unga Valsa från Bröserpsgården sigruðu gæðingaskeið með 9,09 í lokaeinkunn. Takið eftir méllausa beislinu.

### *Sigursælir Þjóðverjar*

Þjóðverjar voru sigursælasta þjóð mótsins, hlutu sjö heimsmeistaratitla og fimmtán verðlaun alls. Þannig stal Frauke Schenzel og Gustur vom Kronshof sigrinum af Þórarni Eymundssyni og Narra frá Vestri-Leirárgörðum á lokametrum úrslitanna. Þórarinn og Narri, sem komu efstir inn í úrslitin, leiddu þau allt þar til keppendur sýndu skeið. Frauke og Gustur hlutu hærri einkunn fyrir sprettina og sigraði með 7,29 en Þórarinn og Narri hlutu 7,26. Lisa Drath frá Þýskalandi og Bassi frá Efri-Fitjum fengu brons og Viðar Ingólfsson og Kjarkur frá Skriðu í fjórða sæti.

Þjóðverjar tóku einnig gull og silfur í slaktaumatölti. Þar sigraði Johanna Tryggvason og Fönix frá Syðra-Holti með glæsibrag eftir að hafa hlotið 9,17 fyrir afburðasýningu á tölti við slakan taum. Einnig urðu þau heimsmeistarar í samanlögðum fjórgangsgreinum. Önnur varð Jolly Schrenk á Glæsi von Gut Wertheim og Julia Christiansen frá Danmörku varð þriðja á Blika frá Efri-Rauðalæk. Titilverjandinn Vignir Jónasson, sem keppir fyrir Svíþjóð varð fjórði og Reynir Örn Pálmason á Spóa frá Litlu-Brekku fimmtu.

### *Skeiðtitill til Bretlands*

Heimsmeistaratitill í samanlögðum fimmgangsgreinum kom í hlut Magnúsar Skúlasonar, sem keppir fyrir Svíþjóð, og hryssunnar Valsa från Bröserpsgården. Þau sigruðu einnig gæðingaskeið með nokkrum yfirburðum, fengu 9,09 í lokaeinkunn en Guðmundur Einarsson og Sproti frá Sjávarborg sem urðu í 2. sæti fengu 8,54. Titilverjandinn Teitur Árnason og



Agnar Þór Magnússon ásamt þeim Vigni Sigurðssyni í Litlu-Brekku og Gunnari Þorgeirssyni á Efri-Fitjum en fulltrúar ræktunarbúanna stóðu sig með sóma á mótinu. Mynd/SS



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra ásamt hjónunum Gunnari Arnarssyni og Kristbjörgu Eyvindardóttur, hrossaræktendum í Auðsholtshjáleigu. Mynd/SS



Kristín Lárusdóttir mætti til leiks sem titilverjandi í tölti. Þrátt fyrir að hafa ekki keppt í úrslitum naut hún lífsins á mótinu og er hér ásamt Sigrúnu Ólafsdóttur og Skúla Skúlasyni.


Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heiðraði hátíðina en hér er hann ásamt Gunnari Sturlusyni, forseta alþjóðasamtaka hestamannafélaga, FEIF.


Frauke Schenzel og Gustur vom Kronshof fagna sigri í firnasterkum fimmgangsúrslitum.

Tumi frá Borgarhóli sættu sig við þriðja sætið.

Heimsmeistaratitill í 100 metra skeiði fór til Bretlands þegar Charlotte Cook og Sæla frá Þóreyjarnúpi spændu brautina á 7,43 sekúndum. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem Bretar eignast heimsmeistara í íslenskum hestaíþróttum. Charlotte og Sæla bættu svo bronsi við í 250 metra skeiði. Svavar Örn Hreiðarsson á Heklu frá Akureyri hlaut brons en þátttaka hans á heimsmeistaramótinu vakti athygli eftir að þau Hekla féllu harkalega á skeiðspretti í júní. Svavar, sem er með MS sjúkdóminn, lét þó hvorki byltuna, né sjúkdóminn stöðva sig og tók þátt í öllum þremur skeiðgreinum mótsins. Annar í 100 metra skeiði varð Markus Schoch frá Sviss á Kóngi frá Lækjamóti en þeir sigruðu svo 250 metra skeið á tímanum 21,46 sekúndur. Þorvaldur Árnason, sem keppir fyrir Svíþjóð, hlaut silfur á Thyrnir från Knubbo.

### *Þrenna hjá Konráði*

Það voru ekki síst ungu knapar íslenska landsliðsins sem slógu í gegn á mótinu. Fyrsti heimsmeistaratitill mótsins fór til Konráðs Vals Sveinssonar á Sleipni frá Skör sem fékk hæstu einkunn ungmenna í gæðingaskeiði, 7,50. Það var jafnframt fimmta hæsta einkunn mótsins. Þetta er annar heimsmeistaratitill hins unga knapa, en hann sigraði 250 metra skeið árið 2013.

Konráð bætti svo bæði silfri og bronsi við verðlaunasafnið. Hann varð annar í 250 metra skeiði á tímanum 22,23 sekúndur en hin norska Lona Sneve á Stóra-Dímon frá Hauksbæ sigraði á tímanum 21,60 sekúndur. Konráð og Sleipnir þutu 100 metrana svo á 7,68 sekúndum sem tryggði þeim þriðja sæti á eftir Lonu og Stóra-Dímon sem sigraði á 7,57 og Elise Harryson og Lilju frá Hrosshaga frá Svíþjóð sem var önnur á 7,62 sekúndum.

*Framhald á næstu síðu >*



Íslenska landsliðið í hestaíþróttum var kampakátt í mótslok enda var það valið besta lið mótsins. Ísland hlaut samtals fjórtán verðlaun, fjögur gull, fimm silfur og fimm brons á mótinu að þessu sinni.


Konráð Valur Sveinsson sigraði gæðingaskeið ungmenna á Sleipni frá Skör. Þeir Sleipnir hlutu einnig silfur og brons í öðrum skeiðgreinum mótsins.





ChitoClear®

Íslenskt sárasprey fyrir öll dýr, stór og smá

- Mjög græðandi og bakteríudrepandi
- Virkar vel á brunasár, bráða- og krónísk sár
- Hefur reynst vel við hnjóskum á hrossum
- Myndar filmu og verndar sár
- Dregur úr blæðingu

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum og í völdum apótekum um allt land

primex

Umboðsaðili Icepharma
Lynghálsi 13
110 Reykjavík
Sími 540 8000
icepharma.is
www.primex.is

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS



Irene Reber og Þokki frá Efstu-Grund fóru mikinn á mótinu.



Máni Hilmarsson hlaut FEIF-fjöðrina fyrir fumlausa reiðmennsku á mótinu. Öruggir skeiðsprettir skiluðu honum og Presti frá Borgarnesi heimsmeistaratitli í fimmgangi ungmenna.



Þórarinn Eymundsson og Narri frá Vestri-Leirárgörðum þurftu að sætta sig við silfur í fimmgangi eftir æsipennandi úrslit.



Gústaf Ásgeir Hinriksson og Pistill frá Litlu-Brekku urðu heimsmeistarar í fjórgangi ungra knapa. Þetta var þriðja heimsmeistaramót Gústafs sem hlaut þrenn verðlaun á mótinu, gull, silfur og brons.

### *Gull til Gústafs*

Gústaf Ásgeir Hinriksson keppti nú á sínu þriðja heimsmeistaramóti, og er á sínu síðasta ári í ungmennaflokki. Hann ætlaði sér því greinilega stóra hluti eftir að hafa orðið af titli á síðasta móti. Hann tefldi fram Pistli frá Litlu-Brekku í fjórgangi og slaktaumatölti og komu efstir inn í úrslit eftir forkeppni fjórgangs. Þeir héldu toppsæti sínu allt til loka og sigruðu með einkunnina 6,80. Þeir urðu svo í þriðja sæti í úrslitum slaktaumatölts með 7,00 í einkunn og silfur í samanlögðum fjórgangsgreinum og gátu gengið ansi sáttir frá móti.

Clara Olsson frá Svíþjóð sigraði slaktaumatölt á Þór frá Kaldbak með einkunnina 7,13 Brynja Sophie Arnason frá Þýskalandi var önnur á Skugga frá Hofi I en hún hlaut jafnframt heimsmeistaratitil í samanlögðum fimmgangsgreinum ungra knapa.

Þá fór hin þýska Olivia Ritschel og Alvar frá Stóra-Hofi mikinn í töltkeppni ungmenna og sigraði af nokkru öryggi. Hún hlaut einnig heimsmeistaratitil í samanlögðum fjórgangsgreinum ungra knapa. Íslendingar áttu fulltrúa í úrslitum töltsins. Finnbogi Bjarnason á Randalín frá Efri-Rauðalæk urðu þar í fjórða sæti og hækkaði sig um eitt sæti frá forkeppni.

### *Fjaðurmagnaður Máni*

Ein af stjörnum mótsins reyndist vera Máni Hilmarsson og Prestur frá Borgarnesi. Þeir voru valdir inn í íslenska landsliðsins af liðsstjórum en hafa átt góðu gengi að fagna á mótum heima. Þeirra aðalkeppnisgrein var fimmgangur, en tóku þó þátt í slaktaumatölti og skeiðgreinum.

Þeir sigruðu fimmgang ungmenna með glæsibrag, hlutu 6,79 í lokaeinkunn og langhæstu einkunn knapa fyrir skeið 8,17. Við mótsslit var Máni einnig heiðraður af alþjóðasamtökum hestamannafélaga, FEIF, fyrir prúðmannlega reiðmennsku og hlaut fyrir vikið FEIF-fjöðrina. */ghp*

# Næturfrost skemmdi kartöflugrös í Þykkvabæ

**Næturfrost í Þykkvabæ fyrr í ágúst skemmdi talsvert af kartöflugrösum og mun þannig draga úr uppskeru í haust. Að sögn kartöflubónda í Önnuparti er hætta á meira næturfrosti í kortunum og því hættulegir dagar framundan.**

Guðmundur Harðarson, kartöflubóndi í Önnuparti, segir að meiri hluti kartöflugarða Þykkbæinga hafi orðið fyrir einhverjum skemmdum í næturfrosti fyrr í ágúst. Sjálfur ræktar Guðmundur kartöflur á 30 hekturum í tólf görðum og segir hann að af þeim séu skemmdir í ellefu. „Skemmdirnar eru mismiklar, allt frá því að vera smávægilegar í að vera mjög miklar.“

Að sögn Guðmundar er allt of snemmt að gera sér grein fyrir hversu mikið fjárhagslegt tjón vegna frostsins er, en að hans sögn gæti það verið um 20% uppskerunnar ef ekki verða frekari áföll.



Guðmundur Harðarson, kartöflubóndi í Önnuparti í Þykkvabæ, með gullauga undan skemmdum kartöflugrösum.

### *Mismiklar skemmdir*

„Garðurinn sem slapp er um tveir og hálfur hektari þannig að það sér mismikið á 27,5 hekturum hjá mér. Skemmdirnar valda því að undirvöxturinn verður hægari hér eftir og ekkert sem má koma upp á til að sprettan verði enn minni og uppskeran lítil. Reyndar er sýnt nú þegar að uppskeran verður minni vegna frostsins en ef allt gengur að óskum getur hún orðin sæmileg.



Skemmd grös í kartöflugarði í Þykkvabæ.

Garðar, sem eru út við Hólsárbakka og sunnan við byggðina, sluppu best en garðar ofar í landinu fóru verst.

Það er kartöflugarður nánast við hliðina á sjálfvirku veðurstöðinni í Þykkvabæ sem er í túnfætinum hjá mér við Önnupart. Sá garður er svo til alveg óskemmdur og veðurstöðin sýnir skaðlítið frost og það sýnir að frostið hefur verið harðar ofar í landinu.“

### *Skemmdir draga úr uppskeru*

Guðmundur segir að grösin sem skemmdust í frostinu jafni sig ekki. „Ég er hræddur um það séu hættulegir dagar framundan sem geti valdið enn meiri skemmdum á grösunum.“

Yrkin sem Guðmundur ræktar eru gullauga, rauðar íslenskar, premier og milva og segir hann engan mun eftir yrkju hvað skemmdir varðar.

„Ég kíkti sums staðar undir grös sem hafa fallið og kartöflurnar eru enn fremur litlar. Sú stærsta af gullauga skreið varla í 50 millimetra.“

### *Lítið farinn að taka upp*

„Fram til þessa hef ég eingöngu tekið upp kartöflur sem hafa verið ræktaðar undir plasti og til að afgreiða pantanir á sumarmarkað.“

Guðmundur segir að skemmdir eins og garðarnir í Þykkvabæ hafa orðið fyrir seinki fyrir upptöku kartafna í haust vegna þess að vöxturinn er hægari. „Ef við aftur á móti fáum á okkur meira frost og grösin gjörfalla breytist staðan. Að vísu er ágætt að kartöflur geymist í jörðinni í viku eða hálfan mánuð eftir að grösin falla áður en þær eru teknar upp. Hýðið verður sterkara og það sér minna á kartöflunum og þær verða fallegri í hillum verslananna fyrir vikið.“

### *Grösin mega ekki verða fyrir meiri skemmdum*

Markús Ársælsson, kartöflubóndi í Hákoti í Þykkvabæ, tekur undir með Guðmundi í Önnuparti og segir að nánast allir garðar í Þykkvabæ hafi orðið fyrir mismiklum skemmdum.

„Ég rækta kartöflur á 18 til 20 hekturum og það sjást skemmdir á öllum görðunum en mismiklar.

Þar sem skemmdirnar eru verstar dregur úr sprettu en þar sem skemmdirnar eru minnstar munu þær ekki hafa nein áhrif.“

Að sögn Markúsar er það sem skiptir mestu máli núna að það komi ekki aftur frost á grösin. „Gerist það aftur verða grösin fyrir miklu meira áfalli og þá erum við að tala um mikið tjón.

Það er ekki nema miður ágúst núna og ef ekkert gerist frá í september er tjónið ekki svo mikið og við í þokkalegum málum. Útlitið er ekki gott fyrir næstu helgi og ef himininn heldur áfram að vera skafheiðríkur eins og hann er núna er töluverð hætta á næturfrosti. Hver dagur er því dýrmætur fyrir okkur hvað uppskeruna varðar.“ */VH*

# Eigum ýmsar gerðir af kerrum á lager frá Humbaur og Wörmann Þýskalandi!

Flatvagna, véla og sturtukerrur. Einnig krókheysiskerrur.

WÖRMANN
world of trailers







HUMBAUR

Smiðjuvegi 40, gul gata - Kópavogi
Sími: 517 7718 - Heimasíða: www.topplausnir.is

topplausnir.is
Topplausnir
S: 517 7718



www.n1.is facebook.com/enneinn



# Vertu klár í réttirnar!



**Dunlop stígvél Purof Professional**
Vnr. 9655 D460933
Hentug stígvél við margskonar aðstæður. Létt með höggdeyfi í sóla. Endast vel og gott að þrífa þau. Græn. Stærðir: 37 - 48.



**Þunnur samfestingur**
Vnr. 9628 120020
Þunnur samfestingur með hnjápúðavösum – hentar vel fyrir iðnaðarmenn, bændur o.fl. Litir: Navy blár með royal bláu. Stærðir: 48-72.



**Öryggisvesti**
Vnr. 9643 HVW801 VEST
Öryggisvesti HI VIS m/rennilás, vottað samkvæmt sýnileikastaðli. Til í gulum lit.



**Showa vettlingar 451 thermo grip**
Vnr. A414 6917773
Hlýir vettlingar með góðu gripi. Um það bil 25 cm háir.



**Regnjakki**
Vnr. 5790 LR9055
Regnjakki EN471 320 GR vottaður samkvæmt sýnileikastaðli. Stærðir. S - 3XL. Til á lager í gulu og appelsínugulu.



**Regnbuxur**
Vnr. 5790 LR9052
Regnbuxur EN471 320GR vottaðar samkvæmt sýnileikastaðli. Stærðir. S - 3XL. Til á lager í gulu og appelsínugulu.

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Grindavík** s. 426 8290 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
**Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245
**Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Alltaf til staðar N1



## BÆNDUR & GANGNAMENN!
## VERIÐ Í ÖRUGGU SAMBANDI MEÐ MOTOROLA VIÐ LEITIR.

TVÆR VANDAÐAR TALSTÖÐVAR Í PAKKA



**MOTOROLA T41 PMR**
FLOTT Í FRÍIÐ OG LEIKINN
KR. 7.500.-

PMR 446 OPIÐ KERFI
ALLT AÐ 4 KM DRÆGNI
8 RÁSIR
SKANNAR Á MILLI RÁSA
LCD SKJÁR
BELTISKLEMMA
ALKALINE RAFHLÖÐUR



**MOTOROLA T61 PMR**
FYRIR ÚTIVISTINA OG SPORTIÐ
KR.12.600.-

PMR 446 OPIÐ KERFI
ALLT AÐ 8 KM DRÆGNI
8 RÁSIR OG 121 UNDIRRÁS
SKANNAR Á MILLI RÁSA
5 HRINGITÓNAR
LCD SKJÁR
TENGI FYRIR HANDFRJÁLSAN BÚNAÐ
ROOM MONITOR (BARNAPÍA)
BELTISKLEMMA
ENDURHLAÐANLEG RAFHLAÐA NIMH.
HLEÐSLUSTÖÐ
TEKUR LÍKA ALKALINE RAFHL.



**MOTOROLA T80 EXTREME PMR**
FYRIR ÞÁ SEM VILJA FARA LENGRA
KR.19.800.-

PMR 446 OPIÐ KERFI
LED VASALJÓS
ALLT AÐ 10 KM DRÆGNI
8 RÁSIR OG 121 UNDIRRÁS
SKANNAR Á MILLI RÁSA
LCD SKJÁR
VEÐURÞOLIN
HANDFRJÁLS BÚNAÐUR
10 HRINGITÓNAR OG VÍBRINGUR
ROOM MONITOR (BARNAPÍA)
BELTISKLEMMA OG HÁLSÓL
ENDURHLAÐANLEG RAFHLAÐA NIMH.
HLEÐSLUSTÖÐ
TEKUR LÍKA ALKALINE RAFHL.

35 ÁR Í FORYSTU

ÍSMAR
...Við mælum með því besta
SÍÐUMÚLA 28 108 REYKJAVÍK SÍMI 5105100
/ ISMARICELAND · WWW.ISMAR.IS



Undirritun vináttu- og samstarfsamnings í rússneska sendiráðinu. Sigríður Svavarsdóttir, forseti sveitarstjórnar Skagafjarðar, Andrey Nikolaevich Kugaevsky, formaður héraðsstjórna Yamal, og Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðs Skagafjarðar.

Viljayfirlýsing undirrituð:

# Vináttusamband Yamal og Skagafjarðar

**Þann 7. ágúst síðastliðin kom fjölmenn sendinefnd frá rússneska héraðinu Yamal til Íslands. Tilgangur ferðarinnar var að kynnast landi og þjóð og koma á samstarfi og vináttusambandi við Íslendinga.**



Ágúst Andrésson, ræðismaður Rússlands á Íslandi, kynnir fundarmönnum tilurð og tilgang komu Yamal sendinefndarinnar til Íslands.

Áður höfðu aðilarnir verið í samskiptum við Skagfirðinga og vildu gjarnan skrifa undir viljayfirlýsingu um áframhaldandi samstarf og vináttusamband.

*Heimsóttu fyrirtæki og stofnanir*

Sendifulltrúarnir samanstóðu af þingmönnum, borgarstjórum og fleiri aðilum úr stjórnsýslu Yamal. Þeir heimsóttu ýmis fyrirtæki og stofnanir á Íslandi meðan á heimsókn þeirra stóð. Meðal annars heimsóttu þeir forseta Íslands, fóru til Vestmannaeyja og skoðuðu framleiðslu á fiski og landbúnaðarvörum. Ferðin endaði síðan á því að fulltrúar úr Skagafirði og Yamal skrifuðu undir fyrrgreindan samning í rússneska sendiráðinu eftir góða kynningu á heimkynnum sínum.

*Ýmislegt sameiginlegt*

Ágúst Andrésson, ræðismaður Rússlands á Íslandi, sagði við undirritun samningsins í rússneska sendiráðinu að þegar menn fóru að bera saman bækur sínar hafi komið í ljós að ýmislegt var sameiginlegt með Yamal og Skagafirði.

„Náttúra er stundum óblíð og atvinna sambland af tæknivinnu og búskap. Íbúar fundu einnig samhljóm í áhuga á veiði og söngglеði og ljóst að kraftur og bjartsýni íbúa beggja tengdi fólk beggja svæða saman.“

Í framhaldi af undirritun viljayfirlýsingarinnar ætla báðir aðilar að kynna systursvæði á heimaslóðum sínum og hefja samtal og samstarf um áframhaldandi viðræður og jafnvel heimsóknir.

*Hátækniiðnaður og hirðingjar*

Yamal er tangi í Síberíu sem að megninu er innan hins svokallaða Arctic Circle. Svæðið er fámennt en þarna eru um 1/5 af olíu- og gaslindum heimsins.

Vetrarríki er mikið í Yamal og er veturinn níu mánuði á ári í það minnsta og frost fer í -40 gráður og stundum enn lægra. Þrátt fyrir að í Yamal sé hátækniiðnaður sem tengist orkuframleiðslu eru flestir íbúar af hirðingjaþjóðflokkum og margir búa enn tjaldflökkulífi. Um 300 þúsund hreindýr eru í Yamal og eru þau helsta lífframfærsla bænda og hirðingja í héraðinu. /VH

# Miðstöð um sjálfbæra þróun og lífræna ræktun í burðarliðnum

## – Hveragerði og nágrenni verða fyrirmynd um umhverfisvæn sveitarfélög

**Hveragerði og nágrenni verða miðstöð sjálfbærni og umhverfisvitundar samkvæmt viljayfirlýsingu um verkefnið Sjálfbært Ísland sem fulltrúar Heilsustofnunar NLFÍ, Hveragerðisbæjar og Landbúnaðarháskólans að Reykjum undirrituðu á dögunum.**



Ef af verkefninu Sjálfbært Ísland verður er ljóst að allir bæjarbúar Hveragerðis, sem eru nú 2.550 talsins, muni taka þátt í því á einn eða annan hátt.
Mynd / Aldís Hafsteinsdóttir

Samkvæmt yfirlýsingunni verður staðið fyrir gerð könnunar á möguleikanum á því að sett verði á stofn upplýsinga- og fræðslumiðstöð um sjálfbæra þróun og lífræna ræktun í Hveragerði og nágrenni.

Lögð verður áhersla á umhverfi, matvæli, lýðheilsu og orku í ferlinu í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt. Sjálfbær þróun er þar áberandi þáttur og einsetur Ísland sér að stíga afgerandi skref til breytinga sem nauðsynleg eru í því skyni að koma veröldinni á braut sjálfbærni og auka viðnámsþol hennar, samkvæmt yfirlýstum markmiðum Íslands.

„Með því skrefi sem stigið er varðandi könnun á möguleikum á upplýsinga- og fræðslumiðstöð um sjálfbæra þróun og lífræna ræktun er komið til móts við þennan ríka vilja ráðamanna til að standast markmiðin. Tilgangurinn er að vista á einum stað á landinu flest það er snertir áætlun hins opinbera um framgang sjálfbærrar þróunar,“ segir í viljayfirlýsingunni.

Þeirri þekkingu, sem fyrirhuguð miðstöð mun öðlast í ferlinu, verður í framhaldinu miðlað til annarra sveitarfélaga.

*Hveragerði í fararbroddi*

„Okkur líst afar vel á verkefnið og allar hugmyndirnar falla vel að þeim markmiðum sem við höfum sett okkur um framtíðarþróun bæjarins. Við höfum lagt gríðarlega vinnu í að bæta umhverfi og efla umhverfisvitund hér svo ég held að það séu fáir staðir sem henta betur fyrir svona verkefni en Hveragerði,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.

Ef að verkefninu Sjálfbært Ísland verður er ljóst að allir bæjarbúar, sem eru nú 2.550 talsins, muni taka þátt í því á einn eða annan hátt.

„Íbúar Hveragerðis munu finna fyrir aukinni áherslu á umhverfistengd verkefni. Við höfum alltaf verið í fararbroddi sveitarfélaga í umhverfistengdum verkefnum og stigum meðal annars stór skref í gegnum Staðardagskrá 21 þegar hún var og hét. Við vorum meðal annars eitt af fyrstu sveitarfélögum til að fara út í þriggja tunnu flokkun þar sem við sérflokkum endurvinnanlegan úrgang. Við erum eina sveitarfélagið sem er með fullkomna þriggja þrepa hreinsistöð á öllu fráveituvatni. Auk þess hafa fyrirtæki í Hveragerði verið mjög framarlega á sviði lífrænnar ræktunar. Við munum halda áfram á þeirri braut og hvetja íbúa til þátttöku í þessum verkefnum og vera þannig áfram til fyrirmyndar,“ segir Aldís.

Hún nefnir sem dæmi að sveitarfélagið stefni nú að því að verða plastpokalaust, að farið verði í ítarlegri flokkun á rusli auk þess sem hönnun nýrra hverfa gera ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla við hvert hús og að hraðhleðslustöð verði opnuð í bænum innan skamms.

*Ungt fólk dregur vagninn*

„Draumurinn væri að geta komið upp aðstöðu hér á Reykjum þar sem fólk gæti nálgast heildstæða fræðslu um sjálfbæra þróun. Einn liður í slíkri fræðslu gæti verið kennsla á ýmsum hagnýtum atriðum sem leiða til sjálfbærara heimilishalds. Ef við horfum til dæmis á smærri verkefni þá getur þetta til dæmis falið í sér að nota það sem til fellur, jarðgera heimilisúrganginn, nota moldina svo í ræktun. Ef allir taka þessi smáu skref verður breytingin stór og mikil á endanum,“ segir Guðríður Helgadóttir, staðarhaldari Garðyrkjuskóla LbhÍ á Reykjum í Ölfusi.

Hún er afar bjartsýn gagnvart verkefninu enda endurspegli það breyttan tíðaranda. „Fólk er að verða svo meðvitað um umhverfismál. Ég held að það sé fyrst og fremst því að þakka að ungt fólk í dag nálgast umhverfismál með öðrum hætti en eldri kynslóðir. Það virðist bera meiri virðingu fyrir náttúru og umhverfi og veltir fyrir sér þeim áhrifum sem við höfum á umhverfi, efnahag og samfélagið, sem eru allt þættir sem snúa að sjálfbærni.“

Á Landbúnaðarháskólanum á Reykjum í Ölfusi hefur verið kennd garðyrkjuframleiðsla í hartnær 80 ár. Nýjasta námsbraut skólans hverfist um lífræna ræktun matjurta en annar árgangur brautarinnar mun útskrifast vorið 2018. Guðríður skynjar mikinn áhuga á námsbrautinni og telur hann í takt við aukna umhverfisvitund.

„Í garðyrkju felast ótrúleg tækifæri fyrir samfélagið í heild að vera sjálfbærara en það er í dag. Það er mikil eftirspurn eftir afurðum sem ræktaðar eru og framleiddar með heill umhverfisins að leiðarljósi. Neytandinn er tilbúinn til að greiða fyrir vöru hærra verði vitandi að hann er að fá vottaða afurð,“ segir Guðríður. /ghp

FB
FÓÐURBLANDAN
...gæði í hverri gjöf!

**Starfsmaður óskast**

Fóðurblandan leitar eftir starfsmanni í verslun sína á Hvolsvelli. Í starfinu felst sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini, áfyllingar á hillur og annað sem tilheyrir starfinu.

Verslunin er opin alla virka daga frá klukkan 10:00-18:00

Allar nánari upplýsingar veita
Tryggvi Bjarnason verslunarstjóri í síma 570 9852
tryggvi@fodur.is og Úlfur Blandon - ulfur@fodur.is

FB Verslun Hvolsvelli | Hlíðarvegur 2-4

Útilífsmiðstöðin Úlfljótsvatn:

# Fyrst tjaldsvæða til liðs við Vakann

**Útilífsmiðstöðin Úlfljótsvatn er nýjasti liðsmaður Vakans. Nýverið bættust við gæðaviðmið fyrir tjaldsvæði og hostel í Vakann og Úlfljótsvatn er fyrst allra að hljóta þær viðurkenningar.**

Kjarnastarfsemi Úlfljótsvatns snýst um að bjóða skátum, nemendum og öðrum æskulýðshópum vettvang fyrir ævintýri og fræðslu. „Samhliða því meginmarkmiði okkar höfum við undanfarin ár í auknum mæli opnað staðinn fyrir almenningi og góð dæmi um það eru fjölskyldutjaldsvæðið okkar og hostelið, sem bæði styðja við kjarnastarfsemi okkar,“ segir Guðmundur Finnbogason, framkvæmdastjóri Úlfljótsvatns, í frétt á vefsíðu Ferðamálastofu.




Starfsmenn Úlfljótsvatns við afhendingu viðurkenningarinnar.
Mynd / Ferðamálastofa

*Jákvæð og spennandi upplifun í öruggu umhverfi*

„Við leggjum áherslu á að bjóða jákvæða og spennandi upplifun í öruggu umhverfi. Þetta gerum við til dæmis með spennandi afþreyingu fyrir gesti um helgar, en líka með því að bjóða sérsniðna dagskrá fyrir hópa, bæði íslenska og erlenda. Í því samhengi njótum við líka góðs samstarfs við marga ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi. Það er okkur gríðarlega mikilvægt að gestir okkar upplifi sig velkomna og örugga. Markmið Vakans falla því vel að okkar markmiðum og innleiðingarferlið hefur reynst okkur gagnlegt við að festa í form ferla og starfshætti,“ segir Guðmundur. /MÞÞ





STAHL CraneSystems

kranar & talíur

STAHL kranar og talíur frá Þýskalandi eru áreiðanlegir vinnuþjarkar sem auðvelda alla vinnu. Kranarnir og talíurnar eru í hæsta gæðaflokki þar sem öryggi og góð ending eru höfð að leiðarljósi.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is



Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300

Hafa áhrif um land allt!



STARFSMENN S.S. SMIÐIR, RAFVIRKJAR, PÍPARAR, BIFREIÐASTJÓRAR, VÉLVIRKJAR OG MÁLARAR

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 7. september



Bylting í hreinlæti!

Auðveldari og betri þrif, sparar tíma og léttir lífið




Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
Sími 480-0040 sala@buska.is www.i-teamglobal.com
Búska






Framkvæmdir við kísilver PCC á Bakka við Húsavík eru núna langt komnar. Kísil- verið verður búið bestu og reyndustu tækni sem fáanleg er í dag. Áætlað er að gangsetning hefjist í desember 2017. Hjá PCC BakkiSilicon munu starfa um 110 manns með ýmiss konar bakgrunn og menntun. Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessum störfum. Unnið er eftir jafnréttisáætlun og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

**Iðnaðarmenn**
Lögð verður áhersla á áreiðanleika miðað viðhald (RCM), að nýta ástands greiningar og fyrirbyggjandi aðferðir til að lágmarka niðritíma á búnaði. Unnið verður eftir viðurkenndum aðferðum við skipulagningu á viðhaldinu. Fagmennska verður höfð í fyrirrúmi og er þetta tækifæri til að taka þátt í spennandi uppbyggingu. Iðnaðarmenn verða ráðnir til að hefja störf frá september 2017.

**Vélvirkjar** sinna margvíslegu viðhaldi. Unnið er í teymum og verkefni hvers og eins eru fjölbreytt. Vélvirkjar munu starfa á dagvöktum og sinna einnig útkallsvöktum (bakvöktum).

**Rafvirkjar** sinna margvíslegum störfum í verksmiðjunni. Unnið er í teymum og verkefni hvers og eins eru fjölbreytt. Rafvirkjar munu starfa á dagvöktum og sinna einnig útkallsvöktum (bakvöktum).

**Framleiðslustarfsmenn**
Framleiðslustörfin eru fjölbreytt og til lengri tíma er lögð áhersla á fjölhæfni starfsmanna. Áætlanir gera ráð fyrir átta tíma þrískiptum vöktum á virkum dögum og tólf tíma vöktum um helgar. Hver vakt á frí aðra hverja helgi og valda virka daga. Framleiðslustarfsmenn verða ráðnir til að hefja störf í október og nóvember 2017.

Verið er að reisa falleg parhús sem standa starfsmönnum fyrirtækisins til boða að leigja á sanngjörnu verði. Í fyrsta áfanga verða húsin 22 og nokkru seinna er gert ráð fyrir 20 parhúsum til viðbótar.

Húsin eru byggð á mjög fallegu svæði í suðurhluta Húsavíkurbæjar með einstakt útsýni yfir Skjálfandaflóa og Kinnarfjöllin.

Stutt er yfir á golfvöll Húsavíkur auk þess eru skemmtilegar gönguleiðir í nágrenni svæðisins

Hægt er að sækja um störfin á vefsíðunni pcc.hcm.is/storf/

**Allar nánari upplýsingar gefur Elma Sif Einarsdóttir, elma.sif.einarsdottir@pcc.is sími 8551053**



mast Matvælastofnun

## Úreldingarbætur í svínarækt

Í samræmi við VIII. kafla reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað 1240/2016 auglýsir Matvælastofnun eftir umsóknum um úreldingu gyltuhúsa.

Greidd eru framlög til úreldingar gyltuhúsa á árunum 2017–2021 í þeim tilgangi að hraða endurbótum í svínarækt til samræmis við kröfur í reglugerð um velferð svína nr. 1276/2014, með síðari breytingum. Framleiðendur sem hafa haldið gyltur á árunum 2014–2016 geta sótt um úreldingarbætur.

**Umsóknum ásamt viðeigandi fylgiskjölum skal skila inn rafrænt í þjónustugátt Matvælastofnunar, eigi síðar en 25. september 2017.**

## Suðvesturland

| | |
|---|---|
| Fossvallarétt við Lækjarbotna (Rvk/Kóp.) | sunnudaginn 17. sept. kl. 11.00 |
| Hraðastaðarétt  í Mosfellsdal | sunnudaginn 17. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 1. okt. kl. 13.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. sept. kl. 15.00. seinni réttir sun. 8. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugardaginn 23. sept. kl. 13.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |

## Vesturland

| | |
|---|---|
| Arnarhólsrétt í Helgafellssveit | sunnudaginn 17. sept. |
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 23. sept. |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 24. sept. |
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | sunnudaginn 17. sept. |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | sunnudaginn 17. sept. Kl. 14.00, seinni réttir sun. 1. okt. |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | laugardaginn 16. sept. |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | lau. 9. sept. og sun. 10. sept., seinni réttir lau. 23. sept. |
| Fróðárrétt í Fróðárhreppi | laugardaginn 16. sept. |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | sunnudaginn 17. sept. |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 23. sept. |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | þriðjudaginn 12. sept. kl. 10.00, seinni réttir mán. 25. sept. |
| Hellnarétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 16. sept. |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | mánudaginn 11. sept. kl. 9.00, seinni réttir sun. 24. sept. |
| Hornsrétt í Skorradal, Borg. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00, seinni réttir lau. 23. sept. |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | mánudaginn 25. sept. kl. 10.00 |
| Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði | laugardaginn 16. sept. kl. 16.00 |
| Kaldárbakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu | sunnudaginn 3. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 24. sept. |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | laugardaginn 16. sept., seinni réttir 30. sept. |
| Klofningsrétt í Beruvík, Snæf. | laugardaginn 23. sept. |
| Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr. | mánudaginn 18. sept. |
| Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. | laugardaginn 9. sept. |
| Mýrar í Grundarfirði | laugardaginn 16. sept. kl. 16.00 |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | þriðjudaginn 19. sept. |
| Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr. | laugardaginn 2. sept. |
| Núparétt í Melasveit, Borg. | sunnudaginn 10. sept. kl. 13.00, seinni réttir lau. 23. sept. |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. | miðvikudaginn 6. sept. kl. 9.00, seinni réttir sun. 1. okt. |
| Ólafsvíkurrétt í Ólafsvík, Snæf. | laugardaginn 16. sept. |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | föstudaginn 29. sept. |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | sunnudaginn 17. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 1. okt. |
| Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg. | laugardaginn 23. sept., seinni réttir lau. 30. sept. |
| Skarðsrétt á Skarðsströnd, Dal. | sunnudaginn 17. sept., seinni rétt 1. okt. |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | sunnudaginn 17. sept. kl 11.00, seinni réttir sun. 1. okt. kl. 13.00 |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 1. okt. |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | mánudaginn 11. sept. kl. 10.00, seinni réttir mán. 25. sept. |
| Tungurétt á  Fellsströnd, Dal. | laugardaginn 16. sept. |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | laugardaginn 16. sept. |
| Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf. | sunnudaginn 17. sept. |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | mánudaginn 11. sept. kl. 7.00, seinni réttir mán. 25. sept. |
| Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf. | laugardaginn 16. sept. |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 23. sept. |

## Vestfirðir

| | |
|---|---|
| Arnardalsrétt í Arnardal í Skutulsfirði | laugardaginn 23. sept. |
| Broddanes, Strand. | sunnudaginn 17. sept. kl. 16.00 |
| Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahrepp, A-Barð. | laugardaginn 9. sept. |
| Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð. | föstudaginn 22. sept. |
| Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði | laugardaginn 23. sept. |
| Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði | laugardaginn 23. sept. |
| Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V.-Barð. | sunnudaginn 1. okt. kl. 14.00 |
| Kinnarstaðarétt í Reykhólahr., A-Barð. | sunnudaginn 24. sept. |
| Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | sunnudaginn 17. sept. kl. 14.00 |
| Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði | laugardaginn 23. sept. |
| Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 23. sept. kl. 14.00 |
| Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð. | laugardaginn 23. sept. |
| Melarétt í Árneshreppi, Strand. | laugardaginn 16. sept. kl. 16.00 |
| Minni-Hlíð í Hlíðardal | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |
| Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand. | laugardaginn 23. sept. |
| Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand. | föstudaginn 8. sept. kl. 16.00 |
| Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand. | sunnudaginn 10. sept. kl. 14.00 |
| Syðridalsrétt í Bolungarvík | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |
| Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Önundarfirði | laugardaginn 23. sept. |

## Norðvesturland

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | laugardaginn 9. sept. kl. 8.00 |
| Beinakeldurétt, A-Hún. | þriðjudaginn 12. sept. kl. 9.00 |
| Fossárrétt í A-Hún. | laugardaginn 9. sept. kl. 14.00, seinni réttir 16. sept. kl. 12.00 |
| Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún. | laugardaginn 9. sept. |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún. | laugardaginn 9. sept. kl. 9.00 |
| Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand. | laugardaginn 16. sept. |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún. | laugardaginn 9. sept. |
| Kjalarlandsrétt, A-Hún. | laugardaginn 9. sept. kl. 14.00, seinni réttir 16. sept. kl. 13.00 |
| Rugludalsrétt í Blöndudal, A-Hún. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00 |
| Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. | laugardaginn 9. sept. kl. 9.30 |
| Sveinsstaðarétt, A-Hún. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00 |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | föstudaginn 8. sept. kl. 12.00 og lau. 9. sept. kl. 9.00 |
| Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún. | föstudaginn 8. sept. kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 9. sept. kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugardaginn 9. sept. |

## Mið-Norðurland

| | |
|---|---|
| Akureyrarrétt við Hrappstaði, Eyf. | laugardaginn 9. sept. |
| Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyf. | laugardaginn 9. sept. |
| Dalvíkurrétt, Dalvík | laugardaginn 9. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | laugardaginn 2. sept. |
| Flókadalsrétt í Fljótum, Skag. | laugardaginn 9. sept. |
| Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði | föstudaginn 15. sept. |
| Hlíðarrétt í Vesturdal, Skag. | sunnudaginn 17. sept. |
| Hofsrétt í Vesturdal, Skag. | laugardaginn 16. sept. |
| Holtsrétt í Fljótum, Skag. | laugardaginn 9. sept. |
| Hraunarétt í Fljótum, Skag. | fimmtudaginn 7. sept. |
| Hraungerðisrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 2. sept. |
| Kleifnarétt í Fljótum, Skag. | laugardaginn 2. sept. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði | sunnudaginn 3. sept. |
| Mælifellsrétt í Skagafirði | sunnudaginn 10. sept. |
| Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit | sunnudaginn 3. sept. |
| Ósbrekkurétt í Ólafsfirði | föstudaginn 15. sept. |
| Reistarárrétt í Hörgársveit, Eyf. | laugardaginn 9. sept. |
| Reykjarrétt í Ólafsfirði | laugardaginn 9. sept. og sun. 10. sept. |
| Sauðárkróksrétt, Skagafirði | laugardaginn 2. sept. |
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | laugardaginn 9. sept. |
| Siglufjarðarrétt í Siglufirði | laugardaginn 16. sept. |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skag. | mánudaginn 11. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | laugardaginn 2. sept. |
| Skálárrrétt í Hrollleifsdal, Skag | laugardaginn 9. sept. |
| Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyf. | föstudaginn 8. sept. |
| Staðarrétt í Skagafirði | sunnudaginn 3. sept. |
| Stíflurétt í Fljótum, Skag. | föstudaginn 8. sept. Fljótafé réttað 11. sept. |
| Tungurétt í Svarfaðardal | laugardaginn 9. sept. |
| Unadalsrétt í Unadal við Hofsós, Skag. | laugardaginn 9. sept. |
| Vatnsendarétt, Eyf. | sunnudaginn 3. sept. |
| Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyf. | laugardaginn 9. sept. |
| Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyf. | laugardaginn 9. sept. |
| Þverárrétt í Öxnadal, Eyf. | mánudaginn 11. sept. |
| Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit | sunnudaginn 3. sept. |

## Helstu réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar 2017

| | |
|---|---|
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit | sunnudaginn 17. sept. kl. 17.00 |
| Fossvallarétt við Lækjarbotna | sunnudaginn 17. sept. kl. 11.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit | laugardaginn 16. sept. kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt  í Mosfellsdal | sunnudaginn 17. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 1. okt. kl. 13.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól | laugardaginn 16. sept. Kl. 14.00, seinni réttir lau. 30. sept. kl. 14.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 8. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugardaginn 23. sept. kl. 13.00 |
| Selflatarétt í Grafningi | mánudaginn 18. sept. kl. 9.45 |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 17. sept. Kl. 9.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 17. sept. Kl. 16.00 |

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 733/2012 eru seinni leitir tveim vikum síðar og er því réttað aftur í flestum framangreindum réttum dagana 1.–3. október. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.






# Fjárréttir haustið 2017

**Bændablaðið birtir yfirlit um fjár- og stóðréttir. Listinn er unninn með þeim hætti að leitað er til sveitarfélaga um upplýsingar. Víða hafa bændur og ráðunautar lagt hönd á plóginn. Á nokkrum stöðum eru gloppur í listanum þar sem umbeðnar upplýsingar hafa ekki borist frá heimamönnum.**

Á listanum er að finna upplýsingar um réttardaga og sumum tilvikum tímasetningar. Víða eru fyrri og seinni réttir og eru dagsetningar tilteknar í listanum þar sem við á.

Upplýsingar um dagsetningar rétta birtast hér á opnunni, skipt eftir landshlutum en í stafrófsröð innan hvers landshluta. Listi yfir helstu stóðréttir á landinu er birtur á blaðsíðu 34.

### *Leitið til heimamanna*

Rétt er að minna á að villur geta slæðst inn í lista af þessu tagi og eins geta náttúruöflin orðið til þess að breyta þarf tímasetningum á smalamennsku og þar með réttarhaldi. Eru lesendur því hvattir til að hafa samband við heimamenn á hverjum stað til að fullvissa sig um réttar dag- og tímasetningar.

Upplýsingar um viðbætur og leiðréttingar sendist á netfangið tb@bondi.is. Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og eru aðgengilegar á vef Bændablaðsins, bbl.is. /TB




## Norðausturland

| | |
|---|---|
| Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | mánudaginn 18. sept. |
| Árrétt í Bárðardal | sunnudaginn 3. sept. |
| Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing. | sunnudaginn 3. sept. |
| Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | laugardaginn 16. sept. kl. 7.00 |
| Dálkstaðarétt á Svalbarðsströnd, S.-Þing | laugardaginn 9. sept. Fljótlega eftir hádegi. |
| Fjallalækjarselsrétt | sunnudaginn 10. sept. |
| Fótarétt í Bárðárdal | mánudaginn 4. sept. kl. 9.00 |
| Garðsrétt í Þistilfirði | sunnudaginn 10. sept. |
| Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing. | sunnudaginn 10. sept. kl. 9.00 |
| Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | laugardaginn 16. sept. |
| Hallgilsstaðarétt á Langanesi | sunnudaginn 17. sept. |
| Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing | sunnudaginn 3. sept. |
| Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00 |
| Húsavíkurrétt | laugardaginn 9. sept. kl. 14.00 |
| Hvammsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði | laugardaginn 16. sept. |
| Illugastaðarétt í Fnjóskadal S.-Þing. | sunnudaginn 3. sept. kl. 9.00 |
| Katastaðarétt í Núpasveit, N-þing. | sunnudaginn 10. sept. |
| Leirhafnarrétt í Núpasveit, N-Þing | sunnudaginn 17. sept. |
| Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing. | sunnudaginn 10. sept. kl. 9.00 |
| Mánárrétt á Tjörnesi | sunnudaginn 10. sept. |
| Miðfjarðarnesrétt á Langanesi | sunnudaginn 10. sept. |
| Miðfjarðarrétt | föstudaginn 22. sept. |
| Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing. | laugardaginn 2. sept. kl. 8.00 |
| Ósrétt á Langanesi | sunnudaginn 17. sept. |
| Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing. | þriðjudaginn 12. sept. |
| Skógarrétt í Reykjahverfi, S-Þing. | laugardaginn 9. sept. |
| Svalbarðsrétt | sunnudaginn 10. sept. |
| Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, S-Þing. | sunnudaginn 17. sept. |
| Tungugerðisrétt á Tjörnesi | laugardaginn 9. sept. |
| Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing. | sunnudaginn 10. sept. |
| Tunguselsrétt á Langanesi | sunnudaginn 10. sept. |
| Víðikersrétt í Bárðardal, S-Þing. | sunnudaginn 27. ágúst, seinni part dags. |
| Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, S-Þing. | laugardaginn 16. sept. |
| Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð | laugardaginn 23. sept. |

## Austurland

| | |
|---|---|
| Melarétt í Fljótsdal, N.-Múl. | laugardaginn 23. sept. |
| Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði | sunnudaginn 24. sept. kl. 13.00 |
| Teigsrétt, Vopnafirði | sunnudaginn 3. sept. kl. 14.00 |

## Suðausturland

| | |
|---|---|
| Borgarhafnarrétt, Suðursveit, A-Skaft. | laugardaginn 9. sept. um kl. 15.00 |
| Fossrétt á Síðu, V.-Skaft. | laugardaginn 9. sept. |
| Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft. | laugardaginn 9. sept. |
| Lögrétt Álftveringa í landi Holts og Herjólfsstaða | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Skaftárrétt, V.-Skaft. | laugardaginn 9. sept. |

## Suðurland

| | |
|---|---|
| Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang. | sunnudaginn 24. sept. |
| Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn. | sunnudaginn 17. sept. kl. 17.00 |
| Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang. | mánudaginn 11. sept. kl. 10.00 |
| Fljótshlíðarrétt í Fljótshlíð, Rang. | sunnudagurinn 17. sept. kl. 11.00 |
| Fossvallarétt við Lækjarbotna | sunnudaginn 17. sept. kl. 11.00 |
| Haldréttir í Holtamannaafrétti, Rang. | sunnudaginn 10. sept. kl. 10.00 |
| Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn. | laugardaginn 16. sept. kl. 15.00 |
| Hraðastaðarétt í Mosfellsdal | sunnudaginn 17. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 1. okt. kl. 13.00 |
| Hrunaréttir í Hrunamannahr., Árn. | föstudaginn 15. sept. kl. 10.00 |
| Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn. | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00, seinni réttir lau. 30. sept. kl. 14.00 |
| Kjósarrétt í Kjós | sunnudaginn 17. sept. kl. 15.00. Seinni réttir sun. 8. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr. | laugardaginn 23. sept. kl. 13.00 |
| Landréttir við Áfangagil, Rang. | fimmtudaginn 21. sept. kl. 12.00 |
| Laugarvatnsrétt, Árn. | sunnudaginn 10. sept. kl. 16.30 |
| Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum | laugardaginn 16. sept. kl. 11.00 |
| Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. | laugardaginn 16. sept. kl. 9.00 |
| Selflatarétt í Grafningi | mánudaginn 18. sept. kl. 9.45 |
| Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang. | laugardaginn 16. sept. |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 17. sept. kl. 9.00 |
| Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn. | föstudaginn 15. sept. kl. 11.00 |
| Tungnaréttir í Biskupstungum | laugardaginn 9. sept. kl. 9.00 |
| Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang. | sunnudaginn 24. sept. |
| Þóristunguréttir, Holtamannaafr., Rang | sunnudaginn 10. sept. kl 10.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | laugardaginn 16. sept. kl. 14.00 |
| Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi | sunnudaginn 17. sept. kl. 16.00 |



Með því að tengja örmerkjalesarann við snjallsíma er hægt að skanna, safna og vinna með upplýsingar um búfénað.

# Hópfjármögnun Anitar

**Hugbúnaðar- og tæknifyrirtækið Anitar ehf. er komið langt með þróun á örmerkjalesara til að auðvelda skráningu og utanumhald húsdýra. Lesarinn ber heitið The Bullet og er notaður samhliða snjallsímaforritum.**

„Með þessari samsetningu á lesaranum og snjallsímaforritum verður hægt að skanna og vinna með upplýsingar fjölda dýra, svo sem hesta, hunda og svína. Þegar unnið er með íslenska hestinn þá tengir snjallsímaforritið þig beint við gagnagrunn íslenska hestsins, WorldFeng,“ segir Karl Már Lárusson, stofnandi Anitar, sem stendur fyrir Animal Intelligent Tag Reader.

„Tækni er tengist búskap er oft kostnaðarsöm eða gamaldags. Við vorum með tvö markmið við þróun á The Bullet örmerkjalesaranum. Annað var að hafa lesarann eins lítinn og nettan og við kæmumst upp með og hitt var að stilla verðinu í hóf. Sem hestaræktandi langaði mig að þróa vöru sem hægt væri að nota daglega og myndi auðvelda hestamönnum, dýralæknum og bændum lífið,“ segir Karl Már en prófanir á örmerkjalesaranum hafa nú farið fram og hefur fyrirtækið hafið hópfjármögnun til að koma lesaranum í framleiðslu.

Karl Már segist vonast til að safna 40.000 dollurum, eða rúmum 4 milljónum króna. Hægt er að styðja við bakið á verkefninu og um leið næla sér í eintak af örmerkjalesaranum til 8. september í gegnum hópfjármögnunarsíðuna Kickstarter, eða vefsíðu fyrirtækisins anitar.is. */ghp*



# Stóðréttir haustið 2017

**Mikill áhugi er fyrir stóðréttum ekki síður en fjárréttum. Hér er listi yfir stóðréttirnar sem að þessu sinni eru 19 talsins. Ekki voru þó fyrirliggjandi upplýsingar um þær allar þegar blaðið fór í prentun. Samkvæmt þeim upplýsingum sem blaðið hefur fengið eru síðustu stóðréttir haustsins þann 7. október í Víðidalstungurétt og Flókadalsrétt.**

Listi yfir fjárréttir er á blaðsíðum 32 og 33 ásamt korti sem sýnir staðsetningu réttanna.

Fyrirvari er gerður á að einhverjar villur kunni að hafa slæðst inn og verður þá reynt að bæta úr því í næsta blaði eftir því sem kostur er. Sömuleiðis eru ábendingar vel þegnar ef einhverjar réttir hafa orðið útundan í upptalningu blaðsins. */TB*

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | laugardaginn 23. sept. kl. 16.00 |
| Árhólarétt í Unadal, Skag. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | föstudaginn 29. sept. |
| Flókadalsrétt, Fljótum, Skag. | laugardaginn 7. okt. |
| Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | laugardaginn 30. sept. |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 7. okt. |
| Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V. - Hún. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Sauðárkróksrétt, Skag. | laugardaginn 16. sept. |
| Selnesrétt á Skaga, Skag. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skag. | sunnudaginn 24. sept. |
| Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag. | laugardaginn 16. sept. |
| Skrapatungurétt í A.-Hún. | sunnudaginn 17. sept. kl. 11 |
| Staðarrétt í Skagafirði. | laugardaginn 16. sept. |
| Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | laugardaginn 7. okt. |
| Unadalsrétt í Unadal við Hofsós, Skag. | föstudaginn 29. sept. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | laugardaginn 23. sept. kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 7. okt. kl. 11.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 7. okt. |

## Landstólpi reisir 10 ný fjós fyrir norðan:

# Mikill metnaður og bjartsýni ríkjandi meðal kúabænda

## – segir Arnar Bjarni Eiríksson, framkvæmdastjóri Landstólpa

**„Það er allt að komast á fullan skrið hjá okkur, mikið um að vera og í mörg horn að líta,“ segir Arnar Bjarni Eiríksson, framkvæmdastjóri Landstólpa, en til stendur að reisa alls tíu ný fjós frá félaginu á norðanverðu landinu nú á næstu mánuðum.**

Þau eru í Eyjafirði, Svarfaðardal, Skagafirði og Húnavatnssýslum. Fyrsta húsið er nýtt fjós að Stekkjarflötum í Eyjafjarðarsveit en einnig er í gangi vinna við annað slíkt að Sólheimum í Skagafirði. Þá verður einnig reist geldneytahús í Þingeyjarsýslu, en um það verkefni sér verktaki á Húsavík.

### *Heilmikil lota sem stendur fram að áramótum*

Arnar Bjarni segir að um heilmikla lotu sé að ræða, en stefnt er að því að öll nýju fjósin verði risin fyrir áramót. Mannskapur frá Landstólpa er sem fyrr segir við störf á tveimur stöðum norðan heiða um þessar mundir, en hann býst við að þegar hjól fara að snúast af fullum krafti verði samtímis unnið við að reisa húsin á þremur stöðum í einu.

„Við einbeitum okkur að Norðurlandi núna, verðum þar með mikinn mannskap fram að áramótum,“ segir Arnar Bjarni. Hann segir að álíka fjósbyggingalota hafi áður verið tekin á Suðurlandi og bændur á Norðurlandi beðið á meðan.

„Nú erum við komin norður og gerum ráð fyrir að allt verði komið í fullan gang þegar kemur fram í september. Við munum sinna þessum verkefnum af fullum krafti fram að áramótum.“

### *Bændum umhugað um velferð dýranna*

Arnar Bjarni segir að þó nokkuð sé um að á bæjum sé verið að breyta eldri básafjósum fyrir 30 til 50 gripi í lausagöngu með einum mjaltaþjóni.

„Það er mikill metnaður hjá kúabændum og hugur í mjólkurframleiðendum um allt land reyndar. Bændur horfa nú mjög til þess að standast kröfur laga og reglna um aðbúnað dýra, bændum er umhugað um velferð dýra sinna og koma sér í leiðinni og breytingar eru gerðar upp betri vinnuaðstöðu í leiðinni.“

Arnar Bjarni segir að öll Landstólpahúsin sem rísa á næstunni séu hátæknifjós, með mjaltaþjónuum, vélvæddum flórsköfum og jafnvel tölvustýrðu gjafakerfi.

„Fjósin eru þó fyrst og fremst hönnuð með velferð dýranna í huga þó ég geti fullyrt að bætt vinnuaðstaða hafi líka áhrif á velferð bænda,“ segir hann.

„Það er virkilega gaman að finna fyrir þeim mikla metnaði og bjartsýni sem ríkir meðal kúabænda, þeir sem ætla sér að halda búskap og þurfa að gera breytingar á sínum húsakosti eru nú í óða önn að vinna að þeim,“ segir Arnar Bjarni. */MÞÞ*







Eitt af Landstólpafjósunum sem unnið verður við að reisa á næstu mánuðum norðan heiða er á Sólheimum í Skagafirði. Fyrirtækið fjárfesti í sérstökum sogskálakrana sem getur hift 2 tonna steypueiningar í einu.

## OPIÐ ER FYRIR UMSÓKNIR Í HÚSSTJÓRNARSKÓLANN Í REYKJAVÍK

**Skólastarf hefst 23. ágúst** en nemendur geta innritað sig og hafið skólagöngu þótt skólastarf sé hafið.



*Ath. röng dagsetning var í auglýsingu frá skólanum í Fréttablaðinu þann 19. ágúst.*

Kynnið ykkur heimasíðu skólans sem er **husstjornarskolinn.is.**

Hægt er að senda inn umsókn í gegn um heimasíðuna eða á netfang skólans **husrvik@centrum.is**

*Skólameistari*

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík






RAFVER
Umboð og þjónusta
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is



mast Matvælastofnun

## „Íslenskt lambakjöt“ sem verndað afurðarheiti

**Matvælastofnun hefur borist umsókn frá markaðsráði kindakjöts í Reykjavík þar sem sótt er um vernd fyrir afurðarheitið „íslenskt lambakjöt“ (e. „Icelandic Lamb“). Um er að ræða umsókn um vernd afurðarheitis skv. lögum nr. 130/2014 um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu.**

**Sótt er um vernd sem vísar til uppruna sbr. 4.gr. laga nr. 130/2014. Skv. 2. mgr. 15.gr. sömu laga er heimilt að andmæla þessu afurðarheiti og afurðarlýsingu áður en endanleg ákvörðun er tekin um skráningu. Skal það gert innan tveggja mánaða frá birtingu þessarar auglýsingar eða fyrir 23. október 2017. Andmælum skal skilað skriflega til Matvælastofnunar á netfangið mast@mast.is. Afurðarlýsingu er að finna á vef Matvælastofnunar.**

**www.mast.is**



*Bændablaðið* ***Smáauglýsingar 56-30-300***

***Næsta blað kemur út 7. september***



## Skráðu smáauglýsingu í gegnum bbl.is





# MENNINGARLANDIÐ 2017



**Ráðstefna um barnamenningu þar sem áhersla er lögð á menningu fyrir börn og menningu með börnum.**

**13.–14. september í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík**

Aðalfyrirlesarar Tamsin Ace og Shân Maclennan frá Southbank Centre London.

Vinsamlegast skráðu þig fyrir **7. september nk**.
Þáttökugjald **5.500 kr**. (hádegismatur báða daga og kvöldverður 13. september).

**Skráning og frekari upplýsingar hér:**
www.menntamalaraduneyti.is
www.facebook.com/menningBarna/

Mennta- og menningarmálaráðuneytið · Byggðastofnun · Samband íslenskra sveitarfélaga · Eyþing



## Gæða gluggar og útihurðir frá Viking fyrir íslenskar aðstæður!

**Trégluggar með eða án álkápu í öllum litum**
**Stuttur afgreiðslutími**



Viking
Viking Window AS

**Hafðu samband og fáðu tilboð**
Buska ehf · Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ
Sími 480-0040 · www.buska.is · sala@buska.is

Buska

UTAN ÚR HEIMI

# Veruleg aukning á smiti af lifrarbólguvírus úr innfluttu unnu svínakjöti í Bretlandi

## – Smit sem getur reynst banvænt berst með innfluttri skinku og pylsum sem seldar eru í ónefndum leiðandi stórmarkaði

**Breska blaðið The Guardian greindi frá því 20. ágúst sl. að vaxandi fjöldi Breta hafi smitast af lifrarbólgu E við neyslu á innfluttu unnu svínakjöti á undanförnum árum. Smit af þessum toga getur í sumum tilvikum leitt til dauða.**

Um er að ræða pylsur og skinku sem seldar hafa verið í einum ónefndum leiðandi stórmarkaði. Að sögn sérfræðinga hjá breska heilbrigðiseftirlitinu (Public Health England - PHE) hafa innkaupavenjur og neyslumynstur þeirra sem smitast hafa af lifrarbólgu E verið rannsakað. Yfirvöld sögðu í síðasta mánuði að ekkert smit hafi fundist í vörum unnum í bresku svínakjöti svo líklega kæmi smitið úr vörum sem unnar eru utan Bretlands.

Lifrarbólga E stafar af ssRNA veiru úr flokki Caliciviridae og yfirleitt verður smit vegna saurmengunar í drykkjarvatni. Sjúkdómurinn er til staðar í mörgum þróunarlöndum í Asíu, Afríku og Mið- og Austur-Ameríku segir í riti HÍ um mannasjúkdóma.

.

*Nafni verslunar haldið leyndu*

Heilbrigðiseftirlitið vill ekki skella skuldinni á ónefnda breska stórmarkaðinn og Matvælaeftirlit Bretlands (Food Standars Agency – FSA) segist heldur ekki vilja gefa upp nafnið á stórmarkaðinum.

Heilbrigðiseftirlitið segir að frá 2010 hafi orðið vart við verulega aukningu á smittilfellum vegna lifrarbólgu E hjá fólki sem ekki hefur verið að ferðast úr landi. Tölur sýna að skráðum smittilfellum hefur fjölgað úr 368 tilfellum árið 2010 í 1.243 árið 2016.

Yfirleitt eru afleiðingar smitsins vægar en geta verið mjög alvarlegar hjá fólki sem á við lifrarsjúkdóma að stríða og eins hjá ófrískum konum. Einkennin líkjast oft flensu. Hins vegar þekkist smitið á því að húð verður gul og einnig augun. Þá verður fólk vart við slappleika, fær hita og missir matarlyst. Í einstaka tilfellum getur smit leitt til lifrarbilunar og dauða.

*Áætlað að hundruð þúsunda hafi smitast*

Í Sunday Times er greint frá því að í rannsókn sem gerð var á árunum 2014 til 2016 hafi verið áætlað að á milli 150.000 og 200.000 Bretar smituðust á ári af vírus sem berist með innfluttu svínakjöti. Hefur blaðið eftir talsmanni heilbrigðiseftirlitsins að smitið kæmi úr pylsum úr svínakjöti sem þarfnast suðu fyrir neyslu og úr skinku sem tilbúin er til neyslu. Fundu sérfræðingar út að pylsur sem seldar voru undir nafni stórmarkaðarins voru mjög tengdar smiti á lifrarbólgu E. Talsmaðurinn tók þó fram að hættan á smiti væri lítil ef svínaafurðirnar væru mjög vel eldaðar. Hefur Matvælaeftirlitið ráðlagt neytendum að sjóða allt svínakjöt í gegn fyrir neyslu. */HKr.*

# Áningarstaðir fyrir ferðamenn vekja heimsathygli

**Fyrir rúmum 20 árum fékk norska Vegagerðin (Statens vegvesen) ábyrgðarhlutverk í að byggja upp 18 þjóðlega ferðamannavegi í landinu þar sem aðstaða og upplifun fyrir ferðamenn eru sett á oddinn. Verkefnið er langt á veg komið en því lýkur árið 2023 og eru margir staðir í því orðnir að fjölförnustu ferðamannastöðum í Noregi.**

Til að tryggja gæði verkefnisins var í byrjun skipað gæðaráð en einnig ráð arkitekta sem hefur það hlutverk að tryggja sjónræn gæði á útsýnis- og áningarstöðunum. Í arkitektaráðinu er einn arkitekt, einn landslagsarkitekt og myndlistarmaður og er mikið lagt upp úr því að fara nýjar leiðir á stöðunum til að hámarka upplifun þeirra sem eiga þar leið hjá. Yfir 50 arkitektar, landslagsarkitektar, hönnuðir og listamenn, jafnt ungir sem eldri og reyndari, hafa komið að verkefnunum þar sem mikil áhersla er lögð á nýsköpun og sköpunarkraft.

Útkoman er ævintýraleg þar sem mörg verkefnin hafa leitt til margfaldra heimsókna fólks sem á leið um þá og nokkur þeirra hafa unnið til alþjóðlegra arkitektaverðlauna. Búið er að betrumbæta 1850 kílómetra vegakafla víðs vegar um landið þar sem hver af þeim 18 leiðum sem valdar voru til verkefnisins hafa fengið sín sérkenni. Þau 114 verkefni sem lokið hefur verið við eru ýmist í formi útsýnispalla, upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn, salernisaðstaða, listaverk og uppsetningar á upplýsingaskiltum. Öll verkefnin hafa verið í höndum norskra arkitekta fyrir utan eitt þeirra og hafa í sumum tilfellum verið stökkpallur fyrir þá til stærri verkefna. Þegar verkefnunum lýkur verður búið að verja 3,4 billjónum norskra króna til þeirra sem er stjarnfræðileg upphæð en hugmyndin og framkvæmdin er engu að síður góð og gæti verið hvatning fyrir íslensk stjórnvöld til að ráðast í viðlíka aðgerðir á helstu ferðamannastöðum hérlendis. */ehg*



Stegastein-útsýnispallurinn yfir Aurlandfirðinum í Sogni. Arkitektar: Todd Saunders / Saunders & Wilhelmsen.
Mynd / Roger Ellingsen/Statens vegvesen.



Aðstaða til fuglaskoðunar við höfnina í Vadsø í Norður-Noregi. Arkitektar: biotope.no. Mynd / Fredrik Fløgstad/Statens vegvesen.



Útsýnispallurinn „Útsýnið“ á Gaularfjalli. Arkitektar: code arkitektur AS. Mynd / Jarle Wæhler/Statens vegvesen.



Útsýnispallurinn „Útsýnið“ á Gaularfjalli. Arkitektar: code arkitektur AS. Mynd / Jarle Wæhler/Statens vegvesen.



Magnaður útsýnispallur við Tröllastigann (Trollstigen) sem er einnig aðgengilegur fyrir fólk í hjólastólum og fyrir barnavagna. Arkitektar: Reiulf Ramstad Arkitekter AS.



Þjónustumiðstöð við ferjubryggju í Ropeid í Ryfylke. Arkitektar: Jensen & Skodvin.
Mynd / Vegar Moen/Statens vegvesen.



Áningarstaðurinn Eldhusøya þar sem er kaffi- og salernisaðstaða. Arkitektar: Ghilardi + Hellsten arkitekter AS, landslagsarkitekt: Asplan Viak AS.
Mynd / Jarle Wæhler/Statens vegvesen.



Útsýni við Gaularfjallið. Arkitektar: code arkitektur AS.
Mynd / Per Ritzler/Statens vegvesen.

# Fuglavarnir fyrir íslenskan landbúnað





Scarcrow 360 er ný kynslóð fuglavarna sem er sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður og þá fugla sem eru hér á landi, líkt og íslenskar gæsir, álftir, máva, starra, hrafna og fleiri tegundir. Notast er við byltingarkennda tækni en aðvörunarhljóð í tækjunum eru þróuð og unnin hér á Íslandi og í Bretlandi.

**Nánari upplýsingar**
www.fuglavarnir.is, sala@fuglavarnir.is, sími: 896 1013

fuglavarnir.is





# ÓDÝR
Gleraugu með glampa- og rispuvörn



## Verð 19.900 kr
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 5.0 með cyl. til 2,0.

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN



# MótX leitar að starfsmönnum í byggingavinnu

MótX óskar eftir því að ráða starfsmenn í byggingavinnu til starfa sem fyrst.

Mikil vinna og góður starfsandi.

Hægt er að senda inn umsókn á tölvupóstfangið **motx@motx.is** eða hafa samband við Guðmund í síma **861 2736**

MótX
*Við erum uppbyggjandi*

Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogur | sími 898 8872 | www.motx.is





# Það er ekkert gagn af ónýtri girðingu

Náttúruverndarsamtök Austurlands þakka þátttakendum í átaki NAUST síðasta sumar, þar sem aðalmarkmiðið var að fjarlægja ónýtar girðingar, kærlega fyrir samvinnuna.

Þá vilja samtökin um leið hvetja sveitarfélög, landeigendur og ábúendur til þess að halda áfram að fjarlægja ónýtar girðingar úr náttúrunni - því ekkert gagn er af ónýtri girðingu.

www.nattaust.is

NAUST
NÁTTÚRUVERNDARSAMTÖK AUSTURLANDS

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ





plettac distribution

**Plettac vinnupallar til sölu.**
**Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni.**

## VINNUPALLAR EHF
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com



Alls stunduðu 250 bátar grásleppuveiðar á nýlokinni grásleppuvertíð. Heildaraflinn í ár var 4.542 tonn.

Grásleppuvertíðinni lokið:

# 16% minni afli en á síðasta ári en verð hærra

**Alls stunduðu 250 bátar grásleppuveiðar á nýlokinni grásleppuvertíð. Heildaraflinn í ár var 4.542 tonn sem er 16% minni afli en á vertíðinni í fyrra.**

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, sagði í samtali við Bændablaðið að vertíðin í ár hafi staðið frá 20. mars til 14. ágúst og að veiðidagar í ár hafi verið óvenju margir.

„Landinu er skipt í átta veiðisvæði og hafði hver bátur leyfi til að stunda veiði í 46 daga samfellt á sínu svæði en undanfarin ár hafa þeir verið 32.“

### *Veiði undir meðallagi*

Að sögn Arnar var veiði á vertíðinni misjöfn eftir svæðum. „Víða var hún léleg, og þegar á heildina er litið er veiðin nokkuð undir meðaltali.

Langmestu var landað í Stykkishólmi, 919 tonnum. Næstmest var landað á Bakkafirði, 294 tonn, og á Drangsnesi 290 tonn sem er tæpur helmingur þess sem var á vertíðinni í fyrra.“

### *Verð hærra en í fyrra*

Örn segir að Landssamband smábátaeigenda hafi ávallt brýnt fyrir grásleppukörlum að veiða ekki umfram það sem þeir hafa markað fyrir, þannig að komið verði í veg fyrir offramboð.

„Á síðasta ári var veiði undir eftirspurn og skilaði það verðhækkun. Sú verðhækkun hefur gengið eftir á helstu mörkuðum fyrir grásleppukavíar. Grásleppan er ein fárra fisktegunda sem skilar hærra verði til sjómanna í ár en í fyrra.“ /VH



Talsvert magn af kókaíni, þunglyndis-, verkja- og sýklalyfjum hafa fundist í villtum laxi í Washingtonríki í Bandaríkjunum.

Umhverfismál:

# Leifar af kókaíni, þunglyndis-, verkja- og sýklalyfjum finnast í villtum laxi

**Leifar af áttatíu og einni gerð af lyfjum og snyrtivörum hafa greinst í villtum laxi sem veiðist við árósa Puget-svæðis sem er skammt frá Seattle-borg í Washington-ríki í Bandaríkjunum. Meðal lyfja eru kókaín, þunglyndis-, verkja- og sýklalyf.**

Stundum er er því haldið fram að villtur lax sé einhver hollasti matur í heimi. Fullur af ómega 3, próteini og góðum fitusýrum. Rannsóknir á villtum laxi við árósa Puget-svæðis skammt frá Seattle-borg í Washington-ríki í Bandaríkjunum er einnig stappfullur af leifum af alls konar lyfjum og snyrtivörum. Meðal þeirra áttatíu og eins lyfjaleifa sem fundist hafa í laxi við árósana er talsvert magn af kókaín, þunglyndis-, verkja- og sýklalyfjum.

Áætlað er að um 45 tonn af lyfjum og snyrtivörum berist í árósana á ári.

### *Lyfjum sturtað niður*

Flest bendir til að lyfin hafi borist í laxinn úr lyfjum sem fólk hefur skolað niður og hreinsistöðvar hafi ekki náð að skilja út áður en þau bárust í ána. Í Seattle Times er haft eftir fulltrúa bandaríska lyfjaeftirlitsins að magn efnanna í laxinum hafi verið mun meira en búist hafði verið við og að mismunandi efni hafi fundist í 62% sýna. Auk þess sem leifar af lyfjum og snyrtivörum fundust einnig í vatnssýnum sem tekin voru við árósana.

Veiðieftirlitsmenn í Washingtonríki segjast hafa miklar áhyggjur af því hvaða áhrif lyfjakokteillinn geti haft á dýralíf á Puget-svæðinu og öðrum svæðum þar sem mikið magn af lyfjum kann að finnast í náttúrunni. Mælingar sýna að lax sem sækir í árósa við Puket deyr að jafnaði mun yngri en laxar sem sækja í ár sem ekki eru mengaðar af lyfjum og snyrtivörum.

Líkt og mengun vegna plasts og gróðurhúsalofttegunda, sem mikið er í umræðunni núna, er mengun vegna lyfja og snyrtivara vaxandi vandamál sem alfarið er af mannavöldum. /VH



Hnúðlax er algengur í ám á Kamtsjatka-skaga í Síberíu.
Mynd / centralcoastbiodiversity.org

Flökkufiskur ættaður úr Kyrrahafi veldur áhyggjum:

# Hnúðlax í íslenskum ám

**Nokkuð hefur borið á því að hnúðlax hafi veiðst í ám hér á landi í sumar. Sérfræðingar Hafró telja að hann geti numið land í íslenskum ám.**

Í lok júlí veiddist hnúðlax í net í Patreksfirði og snemma í ágúst veiddust nokkrir hnúðlaxar í Hafralónsá í Þistilfirði og annar í Sandá í Þistilfirði. Laxinn sem veiddist í Patreksfirði var kynþroska hængur.

### *Fyrsta dæmið er frá 1960*

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hnúðlaxa verður vart í íslenskum ám. Fyrsta skráða dæmið er frá því í ágúst 1960 þegar einn slíkur veiddist í Hítará á Mýrum. Árið 2015 bárust fregnir um hnúðlax í ám víðs vegar um landið, Ytri Rangá, Hamarsá í Hamarsfirði, Skjálfandafljóti, Þorskafjarðará og Soginu.

Í Fiskifréttum hefur komið fram að sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar hafa varað við að hnúðlax geti numið land í íslenskum ám.

### *Upprunninn í Kyrrahafi*

Hnúðlax, Oncorhynchus gorbuscha, kallast einnig bleiklax og á náttúruleg heimkynni í norðanverðu Kyrrahafi og algeng þar frá Beringssundi niður með Norður-Ameríku, Kóreuskaga og Japan. Hnúðlax er auðþekktur á dökkum hringlaga blettum á sporðinum og fíngerðu hreistri. Gerðar voru tilraunir með að sleppa hnúðlaxaseiðum í ár við Kólaskaga um 1960. Talið er að afkomendur þeirra hafi komið sér fyrir í nokkrum ám í Noregi og að laxarnir sem fundist hafa hér séu þaðan komnir.

### *Fremur smávaxinn lax*

Hnúðlax dregur nafn sitt af stórum hnúð á baki hænganna. Hnúðurinn myndast við kynþroska auk þess sem skoltur hængsins stækkar við kynþroska. Við kynþroska eru hnúðlaxar 1,75 til 2,5 kíló að þyngd og 45 til 60 sentímetrar á lengd. /VH



Kolkrabbar í sínu náttúrulega umhverfi líta út fyrir að vera afskaplega gáfaðir.

Undur náttúrunnar:

# Kolkrabbar vel gáfum gæddir

**Nýjar rannsóknir sýna að kolkrabbar eru einstaklega vel gefnar skepnur og hafa sterka vitund um sjálfa sig og umhverfi sitt.**

Hvort sem fólki finnst kolkrabbar ógnvekjandi eða heillandi benda nýjar rannsóknir til að þeir séu vel gáfum gæddir. Þekkt er að kolkrabbar í fiskabúrum hafa skriðið á milli fiskabúra standi þau hlið við hlið og sótt sér fæðu og að kolkrabbar í lokuðum krukkum geta skrúfað lokið af krukkunum innan frá. Að minnsta kosti er eitt dæmi um að kolkrabbi hafi skriðið upp úr fiskabúri á rannsóknarstöð, lyft upp niðurfalli í gólfinu og látið sig hverfa niður í það.

Í einni tilraun, þar sem óþægilega sterku ljósi var beint að kolkrabba, gerði hann sér lítið fyrir og sprautaði vatni á peruna þar til að rafmagninu sló út. Sýnt hefur verið að þetta átta arma sjávardýr þekkir fólk í sundur, jafnvel þótt það sé í eins einkennisbúningum.

### *Líkjast geimverum*

Prófessor nokkur í heimspeki við háskóla í Sydney og New York segir að ef einhver lífvera á jörðinni líkist geimverum þá séu það kolkrabbar. Hann segir að kolkrabbar séu eins fjarskyldir mönnum og hugsast getur og um leið afskaplega þróaðar lífverur.

Ekki er vitað með vissu hver var síðasti sameiginlegi forfaðir manna og kolkrabba en talið er að það hafi verið frumstæð blóðsuga eða flatormur með vanþróað taugakerfi. Þetta þýðir að menn og kolkrabbar eiga lítið sameiginlegt hvað þróun varðar.

Þrátt fyrir það hafa báðar dýrategundir þróað augu, útlimi og heila eftir ólíkum þróunarbrautum. Það sem meira, er báðar tegundir sýna greind, getu til að læra, draga ályktanir og merki um vitund.

### *Hvað er vitund?*

Heimspekingurinn segir að erfiðast sé að dæma um hvort kolkrabbar hafi vitund og reyndar sé það sama að segja um menn. Ekkert segir okkur fyrir víst að menn hafi vitund að undanskilinni sjálfsvitund og að allir aðrir sýni einungis merki um vitund án þess að hún sé til til staðar.

Hann segir að kolkrabbar sýni merki um forvitni og hann telur lítinn vafa á að þeir séu meðvitaðar lífverur. Þeir hafa góða sjón, eiga til að raða grjóti upp á nýtt við holur sem þeir dvelja í. Þetta bendir til að vitund lífvera hafi þróast eftir meira en einni leið á Jörðinni.

Svo má heldur ekki gleyma því að kolkrabbar í sínu náttúrulega umhverfi líta út fyrir að vera afskaplega gáfaðir. /VH


DEKKJASALA AKUREYRAR
Úrval hjólbarða á betra verði
Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.
Vinnu- og dráttarvéladekk
20%
afsláttur af öllum dekkjum
Double Star vörbíladekk
Double Star Jeppadekk 35x12,5x15
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124
MOTUL
Smurþjónusta
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350


STRÚKTÚR
Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni
Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré
WWW.STRUKTUR.is
Við finnum lausn sem hentar þér!
| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ |


SUMARTILBOÐ
10% sumarafsláttur af öllum
GARÐHÚSUM
og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðunum á heimasíðunni okkar
www.volundarhus.is
50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.
GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður
Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is
44 mm bjálki / Tvöföld nótun
GARÐHÚS 14,5 m²
GARÐHÚS 4,4m²
GARÐHÚS 4,7m²
GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs
GARÐHÚS 9,7m²
völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.
volundarhus.is · Sími 864-2400
www.volundarhus.is


DANUBE
UniMac
Getum við orðið að liði?
Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.
Þurrkarar
Þvottavélar
Strauvélar
Hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.
IceFAKTA ehf.
Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is


VINNUBUXUR
Úr teygjanlegu efni. Vinnubuxur með teygjur í klofinu og fyrir ofan hné á skálmum sem hámarka þægindi og auðvelda alla hreyfingu. Nýmóðins snið, hliðarvasar, lærvasi hægra megin með tommustokksvasa, pennavasa og farsímavasa.
Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.
Öryggisskór við vinnuna!
Það getur verið þreytandi að reima. Hvernig væri að prufa öryggisskó með Bóa snúrukerfi? Auðveldar að þrengja og losa um skóna.
DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is


IS HURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR | IÐNAÐARHURÐIR
www.ishurdir.is
✔ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
✔ ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
✔ MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÖGULEIKAR
✔ ÁRATUGA REYNSLA STARFSMANNA Í HURÐUM
✔ HÁGÆÐA HRÁEFNI
✔ ÞOLA VEL ÍSLENSKT VEÐURFAR
✔ STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI
ÝMSAR GERÐIR & ÚTFÆRSLUR
YFIR 20 ÁRA REYNSLA Í HURÐUM Á ÍSLANDI
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
STÍLHREINAR FYRIR BÍLSKÚRINN BÍLSKÚRSHURÐIR
ÖFLUGAR FYRIR IÐNAÐINN IÐNAÐARHURÐIR
FÁÐU HEIMSÓKN
SÖLURÁÐGJAFI OKKAR KEMUR Á STAÐINN, VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF OG GERIR ÞÉR VERÐTILBOÐ.
VINSAMLEGAST ÓSKIÐ EFTIR HEIMSÓKN Í SÍMA 865-1237 EÐA Á logi@ishurdir.is
IS HURÐIR
Sími 564 0013 | www.ishurdir.is
HAFÐU SAMBAND
✔ IS Hurðir ehf.
✔ Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
✔ Sími: 564 0013
✔ logi@ishurdir.is / 865 1237
✔ www.ishurdir.is



Í leit að uppbroti á tilverunni fluttu hjónin Dagný Guðmundsdóttir og Sigurður Jónsson úr borg í sveit þar sem þau rækta margvíslegar matjurtir og halda hænur.

### Ísland gæti uppfyllt grundvallarfæðuþörf þjóðarinnar með fjölbreyttum ræktunaraðferðum að mati Dagnýjar og Sigurðar:

# Ætigarður í uppsveitunum

## – Fluttu úr borg í sveit til að rækta matvæli

Guðrún Hulda Pálsdóttir
ghp@bondi.is



**Hversu mikinn mat geta hjón búið sér til á litlu landi? Þetta er spurning sem hjónin Dagný og Sigurður ákváðu að gera atlögu að þegar þau keyptu landið Skyggnisstein í Bláskógabyggð fyrir nokkrum árum. Í dag rækta þau býsnin öll af góðmeti upp á lífrænan máta.**

Fyrir nokkrum árum ákváðu hjónin Dagný Guðmundsdóttir og Sigurður Jónsson að venda kvæði sínu í kross og flytja úr borg í sveit.

Dagný og Sigurður voru útivinnandi hjón í Reykjavík og höfðu gaman af því að rækta garðinn sinn í hjáverkum. Endrum og sinnum ræddu hjónin um að taka ræktunaráhugann á næsta stig og einn daginn ákváðu þau að stíga það skref til fulls.

„Ég held að þetta sé einhvers konar þörf á að brjóta upp tilveruna. Við vildum fá að takast á við nýja hluti,“ segir Dagný.

Í tvö ár leituðu þau sér að jarðnæði til að láta á drauma sína reyna. Þótt matvælaræktun væri ákveðin undirstaða voru þau ekki með fastmótaðar hugmyndir um hvað biði þeirra.

„Við ætluðum að finna út úr því hvað nákvæmlega við myndum gera eftir því hvað staðurinn, sem við keyptum myndi bjóða upp á.“

*Vinna með landgæðunum*

Skyggnissteinn í Bláskógabyggð varð fyrir valinu.

Landið er um 6 ha, 3 km norður af Geysi, austan Tungufljóts andspænis skógræktinni í Haukadal. Einn hektari er skjólgott frístundaland með sumarbústað. Tæpir 5 ha eru landbúnaðarland.

Fyrri eigendur höfðu ræktað þar margbreytilegan skóg sem nú nýtist á margan hátt. Þar er einnig að finna mikið og fjölbreytt blómaskrúð og



**Hjónin bættu glerskýli á bústaðinn sem þau nýta við forræktun plantna á vorin. Gott er að hafa kryddjurtir í seilingarfjarlægð svo auðvelt sé að grípa til þeirra í matseldinni.**

víðáttumikla móa með fjalldrapa og bláberjalyngi, gróðursælt votlendi og hólma í fljótinu. Stærsti hluti af landinu hefur verið friðaður fyrir beit í um 30 ár og er mjög vel gróinn.

„Kosturinn við landið er að við höfum skjól, mjög mikið af góðu vatni og djúpan moldarjarðveg. Vatnið kemur úr uppsprettulindum Bláskógabyggðar, þeim vatnsmestu sem þekkjast á jörðinni. Um leið erum við ansi langt inni í landi og því er næturfrost langt fram eftir vori,“ segir Dagný en þau Sigurður vinna með landgæðin á ýmsan hátt.

Þannig hafa tvö óupphituð gróðurhús og gróðurkassar með ylplasti reynst þeim afar vel. Auk þess bættu þau glerskýli á bústaðinn sem þau nýta við forræktun plantna á vorin. Skóginn hafa þau síðan grisjað til muna og inni í honum má nú finna veglega kartöflu- og rófugarða í skjólgóðum skógarlundi.

„Annað sem við stefnum meira að, en höfum gert of lítið, er að nýta grjót sem hitagjafa,“ segir Dagný.



**Hraukbeð í blóma. Hraukbeð eru upphækkuð beð sem búin eru til með því að grafa trjádrumb og greinar ofan í jörðina, hylja með moltu og jarðvegi og rækta svo á beðinu. Með tímanum brotnar trjádrumburinn niður og losar þá hita og æskileg næringarefni fyrir jurtir í beðinu.**

*Vistræktaraðferðir við íslenskar aðstæður*

Veturinn áður en hjónin hófust handa á Skyggnissteini undirbjuggu þau sig með lestri bóka um ræktun auk þess að viða að sér upplýsingum af vefnum og það var einmitt í slíku vafri sem þau kynntust vistrækt (e. permaculture).

„Við sáum að þarna var eitthvað sem passaði algjörlega inn í okkar hugmyndafræði. Við höfðum einhverja óljósa hugmynd um hvað við vildum gera og fannst merkilegt að það væri fullt af fólki úti um allan heim sem væri að hugsa akkúrat svona og að það væri til hugtak fyrir þetta – permaculture.“

Vistrækt er heildrænt ræktunar- og hönnunarkerfi sem líkir eftir náttúrunni með sjálfbærni



**Inn í skógarlundi er veglegur kartöflu- og rófugarður.**



Þarna eru þau Dagný og Sigurður að prófa þekkt samval innan vistræktar sem nefndist „Systurnar þrjár“. Maískorn, kúrbítur og baunir eru ræktaðar saman og eiga að hjálpa hvert öðru. Maísplantan er sterkur burðarbiti fyrir baunaplöntur sem þarf eitthvað til að klifra upp. Baunirnar sækja nitur í jarðveginn sem gagnast bæði maísnum og kúrbítnum. Kúrbítur er skriðjurt sem þekur moldina, viðheldur því raka í jarðveginum og kemur í veg fyrir illgresi.



Það er stefna hjónanna að borða aðallega uppskeruna úr garðinum og þau þurfa sjaldan að sækja í grænmetisdeild matvöruverslana.

að markmiði. Í því felst m.a. matvælaframleiðsla sem vinnur með náttúrulegu umhverfi. Ein af megináherslum vistræktar er tengsl milli einstakra þátta og staðsetningar þeirra innan kerfis með það fyrir augum að mynda stöðugt og afkastamikið samfélag sem líkir eftir samvirkni og skilvirkni náttúrulegra vistkerfa.

Vistrækt er áströlsk að uppruna en hugmyndafræðin hefur breitt úr sér víða um heim, sér í lagi í Asíu, Afríku og Eyjaálfu. Garðyrkjuaðferðir vistræktar eiga því til að byggja á heitu loftslagi og þurrum jarðvegi. Því felst ákveðin áskorun í því að aðlaga vistræktaraðferðir að íslenskum aðstæðum.

„Ég hef viljað að ræktunin okkar sé æt og sem mest fjölær. Við höfðum einnig alltaf verið ákveðin í því að ræktunin okkar yrði lífræn. Við vildum leita leiða til að vinna með náttúrunni í stað þess að berjast við hana. Fólk hefur verið að vinna með náttúrunni gegnum aldirnar og við þurfum bara að rifja upp aðferðir sem notaðar voru. Um allan heim hefur fólk kunnað aðferðir til að nýta vatnið, nýta hitann, nýta skjólið og samræktun svo ég nefni eitthvað.“

Dagný og Sigurður hafa því prófað sig áfram með ýmsar aðferðir í matjurtarræktun sinni. Sumt hefur virkað vel og annað ekki.

„Það sem er flókið við það er að þetta er svo margþætt. Ákveðnar aðferðir geta verið að virka eitt sumarið og ekki það næsta. Þetta er ekki vísindaleg vinna hjá okkur. Þótt við skráum mjög mikið niður hvað við erum að gera og fylgjumst vel með því þá tel ég að það þurfi heila mannsævi til að læra hvað virkar í alvöru. Maður þarf að minnsta kosti að hafa lifað mörg mismunandi sumur,“ segir Dagný og nefnir dæmi.

„Fyrripart sumars óx salatið illa hjá okkur og ég leitaði að ástæðu þess í aðferðum mínum og áburðargjöf og einhverju slíku. Svo hitti ég konu sem hafði svipaða sögu að segja af sér og öðrum í kringum sig. Þá er það bara þetta ár og árferði, hvað sem kann að útskýra það, salatið var bara lélegt.“

### *Uppskeran undirstaða fæðunnar*

Það kennir ýmissa grasa á Skyggnissteini. Dagný og Sigurður rækta bæði kartöflur og rófur af ýmsum gerðum, kúrbít og kuldaþolna tómata, maís, baunir, aspas, vínber, kál í öllum stærðum og gerðum, innlend og erlend ber, ávaxtatré, kryddjurtir, tejurtir og svo mætti lengi telja. Enda segir Dagný þau rækta allt sem þeim dettur í hug. Á landinu er fjölbreytt flóra af villtum jurtum sem þau nýta einnig mjög mikið. Umfang uppskerunnar er á þann veg að þau sækja lítið í grænmetisdeildir matvöruverslana.

„Það hefur verið stefnan að borða aðallega uppskeruna okkar. Að sjálfsögðu kaupum við stundum eitthvað grænmeti. En við lítum á það sem áskorun, til að mynda að finna grænmeti sem vex sem lengst fram á veturinn og þolir töluvert frost. Þar get ég nefnt pastínökkur og rósakál sem dæmi. Einnig erum við að reyna að finna út úr því hvernig við getum fengið grænmeti sem fyrst á vorin. Þannig höfum við leyft svartrótinni að vera eftir á haustin og þá koma blöð á vorin sem hægt er að nota ásamt piparrótarblöðum, sjálfsáðu klettasalati í gróðurhúsunum o.fl.“

Dagný segir mikla vinnu fylgja því að rækta garðinn og sér í lagi meðhöndla uppskeruna svo hún geymist. Auk þess að ganga frá ferska grænmetinu haganlega, þá þurrka þau hráefnið, frysta það, salta, súrsa, sulta og setja í olíur.

Auk þess halda Dagný og Sigurður fáeinar hænur sem sjá þeim fyrir eggjum til eigin nota. „Hænurnar lífga upp á tilveruna og hjálpa til með því að róta í haugum og beðum og leggja til áburð.“

### *Hraukbeðin hentugu*

Ein af þeim aðferðum sem Dagný og Sigurður kynntust gegnum vistrækt var notkun hraukbeða (e. Hugelkultur). Hraukbeð eru upphækkuð beð sem búin eru til með því að grafa trjádrumb og greinar ofan í jörðina, hylja með moltu og jarðvegi og rækta svo á beðinu.

Með tímanum brotnar trjádrumburinn niður og losar þá hita og æskileg næringarefni fyrir jurtir í beðinu.

„Ég held að hraukbeð séu eitthvað sem Íslendingar ættu að nota mikið af því þau er ótrúlega hentug fyrir okkar aðstæður. Beðið býr til skjól, hita og áburð og er praktískt á margan hátt.“



Óupphituð gróðurhús reynast vel fyrir hitakærar plöntur. Hægra megin má sjá hina voldugu valurt sem nýtist bæði sem lækningajurt og er sérstök búbót í jarðvegsgerð.



Matjurtarbeð hannað í mandölusniði að hætti vistræktar. Þarna má sjá lauka, gulrætur, næpur, sellerí, rófur, kál, baunir, kamillu og fleira. Túnið nýtir fjölskyldan í leik og störf.



Jurtasveipur sóttur í aðferðafræði vistræktar. Steinarnir þjóna sem hitagjafar og kryddjurtum er raðað eftir vatns- og birtuþörf.

### *Lífræn umbreyting*

Með reynslu síðustu ára hafa Dagný og Sigurður komist að því að möguleikar matvælaframleiðslu hér á landi eru gríðarmiklir.

„Við erum alltaf að sjá fleiri og fleiri fréttir af því við hvaða aðstæður matvæli eru framleidd. Við vitum ekki hvaða fólkið sem ræktaði þetta hefur þurft að þola, við vitum ekki hvaða efni eru notuð. Svo getum við ekki treyst á alla þessa flutninga til landsins að eilífu. Mér finnst allt í lagi að kaupa framandi krydd og spennandi matvæli til að krydda lífið. Það er varla hægt að tala um fæðuöryggi ef framleiðslan byggir mest á innflutningi. Við ættum því að reyna að uppfylla grundvallarþarfir okkar sjálf.“

Hún segir einnig uppgang í lífrænni ræktun um allan heim enga tilviljun. Eftirspurn eftir lífrænum vörum hefur aukist svo um munar og í því liggi miklir möguleikar á Íslandi. Þá sé lífræn ræktun ekki síður spurning um náttúruvernd og heilsuvernd.

„Það er mikilvægt að styrkja bændur í að umbreyta búum sínum í lífrænt býli. Því það er mikið átak og getur tekið langan tíma, sérstaklega ef þeir eru með heybúskap. Það er um að gera að nýta þá styrki sem í boði eru, í því felast tækifæri,“ segir Dagný. Í búvörusamningi frá 2016 er gert ráð fyrir 35 milljónum á ári í aðlögunarstyrki til þeirra sem hafa byrjað lífræna aðlögun í landbúnaði undir eftirliti vottunarstofunnar Túns, en framleiðendur geta sótt um slíkan styrk í gegnum Matvælastofnun.

### *Ræktun er vinna*

Dagný og Sigurður hyggja ekki á umfangsmikla matvælaframleiðslu, en hafa í litlum mæli verið að taka á móti fólki á Skyggnissteini þar sem þau kynna starfsemi sína og matbúa síðan handa gestum úr afurðunum.

Dagný segir þó að afurðasala í litlum mæli gæti hentað þeim miðað við þær aðstæður sem staðurinn býður núna upp á, og bendir á reglugerð nr. 580/2012 um framleiðslu á matvælum undir smáræðismörkum, sem gefur frumframleiðendum afurða í litlu magni færi á að selja vöru til neytenda undir ákveðnum kringumstæðum.

„Ef fólk ætlar að fara þessa leið sem við fórum, það er að gera margt og pínulítið af hverju, þá verður það að átta sig á því að maður býr ekki til mikla peninga úr því og því fylgir mikil vinna. Mér finnst gott að rifja upp það sem Hildur Hákonardóttir sagði í bókinni Ætigarðurinn. Þar stendur að maður eigi ekki að láta sér detta það í hug að hægt sé að rækta ofan í heila fjölskyldu og um leið vera útivinnandi í fullu starfi.“

Hún segir því að best sé að sníða ræktun sína eftir aðstæðum. „Ef þú ert útivinnandi með lítinn garð þá er t.d. mjög sniðugt að rækta salat og kryddjurtir.“

### *Opnir framtíðarmöguleikar*

Eftir að hafa búið bæði í sveit og borg í 4 ár hafa Dagný og Sigurður nú sest alfarið að á Skyggnissteini.

Þar ætla þau að halda áfram að rækta garðinn og vinna úr þeim efniviði og tækifærum sem þeim bjóðast í náttúrunni og nálægð við víðernin á hálendinu.

„Ég hef enga þörf á að skilgreina okkur. Mér finnst gaman að vasast í öllu mögulegu. Hluti af því er að rækta. Í því felst sköpun og það er gefandi.“



Gamli traktorinn



# TAFE – þriðji stærsti dráttarvélaframleiðandi í heimi



**Véla-landbúnaðartækjaframleiðandinn TAFE er þriðji stærsti framleiðandi dráttarvéla í heiminum í dag og starfar í nánu samstarfi við framleiðendur AGCO og Massey Ferguson dráttarvélar.**

Skammstöfunin TAFE stendur fyrir Tractors & Farm Equipment Limited.

Fyrirtækið, sem er indverskt og hét upphaflega Amalgamations, hóf framleiðslu á dráttarvélum árið 1960. Fyrirtækið hafði þá um tíma framleitt Perkins dísilvélar fyrir Standard Motor Products of India Limited sem setti saman Massey Ferguson traktora fyrir Indlandsmarkað. Stofnandi, aðaleigandi og stjórnarformaður Amalgamations, herra Anantharamakrishnan, hafði mikla trú á grænu byltingunni og öllu sem viðkom landbúnaði. Það var hann sem tók ákvörðunina sem leiddi til þess að fyrirtækið hóf framleiðslu á dráttarvélum.

### *Framleiða Massey Ferguson*

Skömmu eftir að ákvörðun Amalgamations um framleiðslu á eigin dráttarvélum var kynnt var henni slegið á frest. Framleiðendur Ferguson fóru þess á leit við fyrirtækið að það



yfirtæki framleiðslu á Massey Ferguson á Indlandi. Samhliða því var nafni Amalgamations breytt í Tractors and Farm Equipment Limited, skammstafað TAFE.

Fyrsti traktorinn sem TAFE framleiddi var Massey Ferguson 1035 og naut sú dráttarvél mikilla vinsælda á Indlandi. Fyrirtækið öðlaðist á skömmum tíma yfirburðastöðu á dráttarvélamarkaði á Indlandi. Á sjöunda áratug síðustu aldar seldust um 12.000 traktorar á ári á Indlandi og TAFE framleiddi um 7.000 af þeim.

### *Verksmiðja í Malasíu og önnur í Tyrklandi*

Auk þess að reka fjórar dráttarvélaverksmiðjur á Indlandi starfrækir TAFE einnig dráttarvélaverksmiðju í Malasíu og aðra í Tyrklandi.

Sé litið til dráttarvélaframleiðenda sem framleiða traktora sem eru undir 100 hestöfl er TAFE annar stærsti dráttarvélaframleiðandi í heimi. Vinsældir TAFE smátraktora hafa aukist mikið undanfarin ár og eru þeir mikið notaðir til að létta gegningar og alls kyns verk innandyra.

Hönnun smátraktoranna, sem allir eru dísilknúnir, þykir einföld og litla sem enga kunnáttu í vélfræði þarf til að gera við flestar bilanir þar sem í traktorunum er ekki flókinn tölvubúnaður.

Árið 2009 hóf TAFE framleiðslu á 90 til 105 hestafla dráttarvélum fyrir bandaríska fyrirtækið AGCO. Í fyrstu fóru traktorarnir á markað í Tyrklandi og Suður-Afríku en í dag eru þeir seldir víðar um heim. Verksmiðja TAFE í Tyrklandi framleiðir aðallega traktora fyrir AGCO.

### *Tebúgarður og 150.000 traktorar*

Í dag framleiðir fyrirtækið dráttarvélar á Indlandi undir þremur vörumerkjum, TAFE, Massey Ferguson og Eicher. Auk þess sem fyrirtækið framleiðir margs konar landbúnaðartæki, jarðtætara, plóga og vélar til að taka upp kartöflur. Það framleiðir einnig dísilvélar, vökvapumpur, rafgeyma og ýmiss konar vörur úr plasti. TAFE rekur einnig stóran tebúgarð á Indlandi undir sérstakri landbúnaðardeild.

Árið 2015 seldi TAFE um 150.000 dráttarvélar sem eru




á bilinu 25 til 45 hestöfl í um 100 löndum. Þar á meðal í Bandaríkjunum og Evrópu.

Ekki er vitað til að dráttarvél af gerðinni TAFE hafi verið flutt inn til Íslands. /VH

UTAN ÚR HEIMI



Upp hefur komist um notkun á skordýraeitrinu fiprolin til að aflúsa hænur í eggjaframleiðslu í Hollandi. Notkun á efninu er stranglega bannað í matvælaframleiðslu.

Matvælaöryggi:

# Milljónir eggja fjarlægð úr hillum verslana í Evrópu vegna skordýraeiturs

**Yfirvöld í Þýskalandi, Hollandi og Belgíu hafa látið kalla inn milljónir eggja úr verslunum. Krafist er lögreglurannsókna eftir að mælingar sýndu hátt hlutfall skordýraeitursins fipronil í eggjum.**

Verið er að innkalla margar milljónir eggja úr verslunum og vöruhúsum í Þýskalandi og Hollandi og búið er að stöðva sölu á eggjum frá Hollandi í Belgíu eftir að í ljós kom að í eggjum frá sumum framleiðendum fannst hátt hlutfall af skordýraeitri. Eitrið sem um ræðir kallast fipronil og er notkun þess stranglega bönnuð í matvælaiðnaði.

Áætlað er að 2,9 milljón egg smituð af fiprolin hafi verið flutt til Þýskalands áður en innflutningur á eggjum til landsins frá Hollandi var stöðvaður í síðasta mánuði.

Samkvæmt frétt The Guardian er búið að loka tímabundið um 180 hollenskum kjúklingabúum og hefja á lögreglurannsókn á umfangi málsins. Litið er á notkun eitursins í matvælaiðnaði sem glæpsamlegt athæfi.

Fyrstu viðbrögð hollenska matvælaeftirlitsins vegna málsins hafa verið harðlega gagnrýnd. Í fyrstu gaf matvælaeftirlitið út yfirlýsingu þar sem sagt var að engin hætta væri á ferðum. Skömmu síðar kom önnur yfirlýsing þar sem neytendur voru varaðir við að borða egg þar til rannsókn málsins væri lokið.

### *Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir fiprolin mjög skaðlegt*

Sýni sem tekin voru úr kjúklingadriti, blóði og eggjum, sýndi mjög hátt hlutfall skordýraeitursins fiprolin á mörgum eggjabúum í Hollandi. Efnið er notað af dýralæknum til að drepa flær, lýs og önnur skordýr en notkun þess er bannað á dýrum sem ætluð eru til manneldis.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO, telst fiprolin til mjög hættulegra efna sem geta við inntöku valdið alvarlegum skemmdum á lifur, skjaldkirtli og nýrum svo dæmi séu tekin.

Saksóknari í Belgíu er að fara yfir lista viðskiptavina tveggja fyrirtækja í landinu sem framleiða og selja lúsavarnarefni til býla og annarra í Hollandi og Belgíu. Hugsanlegt er talið að fiprolin hafi verið blandað við önnur og lögleg efni sem notuð eru til að aflúsa kjúklinga til að auka notagildi þeirra.

Einnig er talið mögulegt að fiprolin eða skordýraeitur blandað með því hafi verið selt til Bretlands, Frakklands og Póllands og notað til að aflúsa kjúklinga í eggjaframleiðslu í þeim löndum.

### *Búið að borða sönnunargögnin*

Samkvæmt frétt í hollensku dagblaði hefur blanda af skordýraeitri með fiprolin verið notað af hollenskum eggjaframleiðendum í meira en ár. Samkvæmt yfirlýsingu frá matvælaeftirliti Hollands er ekki nokkur leið að segja til um hversu lengi efnið hefur verið notað þar sem búið er að borða öll eggin.

Í síðustu viku sendi hollenska matvælaeftirlitið frá sér viðvörun þar sem segir að í einni sendingu sem tekin var til skoðunar hefði magn af fiprolin reynst það hátt að neysla á eggjunum gæti haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar í för með sér fyrir fólk. Í viðvöruninni segir að ekki sé ráðlegt að gefa börnum egg frá að minnsta kosti 27 eggjabúum.

### *Verslanir taka egg úr sölu*

Tvær af stærstu verslunarkeðjum í Hollandi hafa þegar tekið egg frá sumum framleiðendum úr sölu og þýska verslunarkeðjan REWE hefur gert slíkt hið sama. Verslunarkeðjurnar Lild og Aldi hafa einnig tekið hollensk egg úr sölu og sagt að neytendur sem hafa keypt hollensk egg geti skilað þeim.

Auk þess sem sending með ríflega milljón eggjum sem var á leiðinni frá Hollandi til Þýskalands var stöðvuð við landamæri Þýskalands og snúið aftur til Hollands.

Í belgískum fréttamiðlum er haft eftir talsmanni flæmskra kjúklinga- og eggjabænda að sala og dreifing á eggjum frá nokkrum býlum hafi verið stöðvuð í Flæmingjalandi vegna rannsókna á notkun fiprolin þar.

### *Holland stærsti útflytjandi eggja í Evrópu*

Holland er stærsti útflytjandi eggja í Evrópu og eru eggjabændur í Hollandi um eitt þúsund og framleiða þeir um 10 milljarða eggja á ári. Formaður eggjabænda í Hollandi segir að 65% framleiðslunnar sé fluttur út og stór hluti framleiðslunnar fari til Þýskalands og því um grafalvarlegt mál að ræða og hætti verslanir að bjóða hollensk egg til sölu blasi við fjöldi gjaldþrota hjá hollenskum eggjabændum. /VH

# Eitt egg á dag eykur vöxt barna



**Hópur vísindamanna frá Washington-háskóla könnuðu hvaða áhrif eggjaneysla hefði á börn í Ekvador. Um 80 börn tóku þátt í rannsókninni á svæði þar sem um 40% barna eru vannærð.**

Börnunum voru gefin eitt egg á dag í sex mánuði og í ljós kom að nærri helmingur þeirra 37 barna sem talin voru of lágvaxin fyrir sinn aldur við upphaf rannsóknarinnar höfðu tekið umtalsverðan vaxtarkipp áður en henni lauk. Egg innihalda mörg næringarefni eins og kólín sem er nítrógenefnasamband sem hefur verið tengt við vöxt í rannsóknum á dýrum. Vítamín og dýraprótein hjálpa til við að byggja upp vöðvavefi. Rannsóknin var birt í vísindaritinu „Pediatrics“ sem er leiðandi rit fyrir barnalækna og þykir niðurstaðan vera áhugaverð fyrir hjálparstarf í vanþróuðum ríkjum. /ehg

Lækningaplöntur:

# Danskir kannabisbændur

**Heilbrigðisráðherra Dana hefur samþykkt að danskir bændur sem fá til þess sérstakt leyfi megi rækta kannabis sem nota á í lækningaskyni.**

Ráðherrann, Ellen Trane Nørby, sagði þetta í samtali við Ritzau-fréttastofuna fyrr í sumar.

***Leyfileg ræktun í lækningaskyni***

„Nú er orðið leyfilegt að rækta kannabis sem nota á í lækningaskyni í Danmörku og ég vona að bændur sjái sér hag í ræktuninni. Ég vona einnig að bændur þrói aðferðir sem henti vel til ræktunar á kannabis til lækninga. Lengi hefur verið vitað að kannabis hefur verkjastillandi áhrif og það notað til slíks af sjúklingum sem þjást af krabbameini, heila- og mænusigi eða mænuskaða svo dæmi séu tekin,“ sagði Nørby.

Danska stjórnin samþykkti lög sem taka gildi 1. janúar 2018, sem leyfa sjúklingum að nota, undir eftirliti lækna, kannabisdropa til að lina þjáningar.

Heilbrigðisráðherrann leggur áherslu á að ræktunin muni fara fram undir ströngu eftirliti til að tryggja gæði framleiðslunnar. /VH







Massey Ferguson **5712 SL**

Vélarnar eru ríkulega útbúnar og mikið hugað að þægindum ökumanns með þann tilgang í huga að ökumaður sé nánast óþreyttur eftir langan vinnudag.

Verð frá **9.190.000** án vsk

Upptalning er aðeins hluti þess sem í vélunum er, hafið samband við sölumann til að fá nánari upplýsingar.

Helsti búnaður:

**Essential:** 4 cyl. 120 Hp mótor • Dyna 4 skipting (16x16 hraðastig) Kúplingsfrí stjórnun • Autodrive sjálfskipt/Beinskipt. Bremsupedali virkar á kúplingu. • 100 L Open center vökvadæla • Ámoksturstæki með stjórnpinna sem inniheldur stjórnun skiptingar og forritanlegum rofum • Rúmgott ökumannshús, loftfjöðrun á sæti og bólstrað farþegasæti. Topplúga með gleri • Húsfjöðrun og loftkæling • 3x2 vökvaúttök að aftan, dráttarkrókur með vökvaútskoti

**Efficient:** 4 cyl. 120 Hp mótor • Dyna 4 skipting (16x16 hraðastig) Kúplingsfrí stjórnun • Autodrive sjálfskipt/Beinskipt. Bremsupedali virkar á kúplingu • 110 L Load Sensing álagstýrð vökvadæla • Ámoksturstæki með rafstýrðum stjórnpinna sem inniheldur stjórnun skiptingar og forritanlegum rofum • Vökvaútskot á dráttarkrók • Rúmgott ökumannshús, loftfjöðrun á sæti og bólstrað farþegasæti. Topplúga með gleri • Húsfjöðrun og loftkæling • Rafstýrðir speglar með hita • 8 LED vinnuljós og LED ökuljós • Dekk 600/65R38 & 480/65R28 • Valkostur fjöðrun á framhásingu

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is



**Vörur hjá Sláturfélagi Suðurlands**



**Yea-Mix**

Bætiefnablanda sem inniheldur Yea-Sacc lifandi ger. Eykur vambarheilbrigði og bætir örveruvirkni. Inniheldur lífrænt selen og náttúrulegt E-vítamín. Dregur úr júgurbólgum og föstum hildum. Lækkar frumutölu í mjólk. Eykur niðurbrot á tréni og átgetu.




**Stalosan F**

Náttúrulegur sótthreinsimiðill með pH-gildi sem er hagstætt fyrir húð dýranna. Fækkar sýkingartilfellum, dregur úr raka, bindur ammóníak og gerir umhverfið óhagstæðara fyrir skaðlegar örverur.



**Kálfeldisfóður SS**

Styður vel við vöxt og þroska kálfa. Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika. Gott jafnvægi vítamína, stein- og snefilefna.

**Nauteldisfóður SS**

Próteinrík en orkusnauð kjarnfóðurblanda sem hentar vel síðustu mánuði eldis. Án erfðabreytts hráefnis. Fjölbreytt og lystugt hráefni.



PeckStone - Steinefnafötur fyrir alifugla. Hefur róandi áhrif á fuglana og hvetur til náttúrulegs atferlis.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1 • Reykjavík
Sími 575 6000
www.ss.is



Hvítkál. Mynd / Odd Stefán.

# Kál – brakandi og ferskt

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Fáar ef nokkur ættkvísl innan plönturíkisins inniheldur jafnmikinn fjölda mat- og nytjajurta og ættkvílin brassica eða kál. Innan ættkvíslarinnar er fjöldi asískra og evrópskra nytjategunda. Afbrigði og blendingar teljast í hundruðum ef ekki þúsundum.**

Gróflega áætluð heimsframleiðsla af káljurtum af ættkvíslinni Brassica er tæplega 75 milljón tonn samkvæmt tölum FAOSTAD, tölfræðideild Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Kínverjar rækta allra þjóða mest af káli, tæplega 35 milljón tonn, Indverjar eru í öðru sæti með um 10 milljón tonn, þar næst koma Rússar með tæp fjögur milljón tonn. Í Suður-Kóreu eru ræktuð tæp þrjú milljón tonn og í Úkraínu um tvö milljón tonn. Í kjölfarið fylgja svo lönd eins og Japan, Indónesía, Pólland, Rúmenía og Bandaríki Norður-Ameríku með framleiðslu sem er í kringum ein og ein og hálf milljón tonna á ári.

Áætluð landnotkun til kálframleiðslu í heiminum eru um fjórir milljón hektarar í 150 löndum.

Líkt og búast má við flytur Kína allra þjóða mest út af káli. Spánn er annar stærsti útflytjandinn, Bandaríki Norður-Ameríku er í þriðja sæti, Mexíkó því fjórða og Holland fimmta. Stærstu innflytjendur káls í heiminum eru Kanada, Bandaríkin Norður-Ameríka, Bretlandseyjar, Hong Kong og Þýskaland.

Rússar neyta allra þjóða mest af káli, eða um 20 kíló á mann á ári. Belgar borða tæp fimm kíló á mann, Hollendingar og Bandaríkjamenn um fjögur kíló og Spánverjar borða tæp tvö kíló af káli hver að meðaltali á ári.



Hvítkál tínt á Flúðum.

Samkvæmt heimildum Hagstofu Íslands og upplýsingum frá Sambandi garðyrkjubænda var landbúnaðarframleiðsla á káljurtum á Íslandi árið 2016 tæp 360 tonn. Árið 2016 voru flutt inn tæp 1.000 tonn af fersku káli og má gera ráð fyrir að innflutningurinn verði enn meiri árið 2017. Lang mest er flutt inn af fersku káli frá Spáni og Hollandi.

### *Fjöldi tegunda, blendinga og afbrigða*

Kál er ættkvísl jurta af krossblómaætt sem á latínu kallast Brassica. Innan ættkvíslarinnar er fjöldi mat- og nytjajurta og líklega inniheldur engin ættkvísl jafnmargar matjurtir, blendinga og ræktunarafbrigði. Auk þess sem innan ættkvíslarinnar finnast margar villtar plöntur.

Meðal tegunda innan ættkvíslarinnar eru nytjajurtir eins og eþíópíumustarður B. carinata, asíumustarður B. juncea, gulrófa B. napus var. napobrassica, repja B. napus og svartmustarður B. nigra.

Uppruni kálættkvíslarinnar er í tempraða beltinu í Evrópu og Asíu og er Brassica-tegundum stundum skipt eftir upprunanum í asískar og evrópskar káljurtir.

Dæmi um asíska káltegund er Brassica rapa og undirtegundir hennar mizuna-kál Brassica rapa var. nipposinca, komatsuna-kála B. r. var. perviridis / komatsuna og pak choi B. r. var. chinensis.

Af evrópsku káli er garðakál, Brassica oleracea, og fjöldi afbrigða þess algengast í ræktun.

Flestar tegundirnar eru ein- eða tvíærar.

### *Evrópsk garðakál*

Uppruni garðakáls er rakin til villujurtar sem kallast Brassica oleracea og vex við strendur Miðjarðarhafsins og Vestur-Evrópu.



Hnúðkál. Mynd / Odd Stefán.

Villikál er saltþolin fjölær jurt með trefjarót. Blöðin stór, þykk með rauðleitum æðum og vaxlagi, til að varna uppgufun, smáþyrnótt á neðra borði, blágræn að lit og vaxa í lágri hvirfingu og upp af henni uppréttur stöngull sem nær um 60 sentímetra hæð. Blómin gul. Dafnar vel í kalkríkum malarjarðvegi.

Ekki er vitað hvenær menn fóru að nýta villt kál til matar en kálfræ hafa fundist við fornleifarannsóknir í Alpafjöllum á mannvistarleifum frá síðbronsöld.

Talið er að Keltar hafi fyrstir hafið ræktun þess 1.000 til 1.500 árum fyrir Krist. Plantan er því tekin tiltölulega seint til ræktunar miðað við aðrar

nytjaplöntur. Grikkir og Rómverjar ræktuðu og neyttu káls í talsverðu magni og kölluðu þeir fyrrnefndu það karambæ en þeir síðarnefndu caulia eða brassica sem er sama og latneska heiti ættkvíslarinnar í dag. Heitið caulis líkist óneitanlega heitinu kál og það síðarnefnda líklega dregið af því fyrrnefnda.

Grikkir töldu að ekki ætti að rækta kálplöntur og vínviðarplöntur nálægt hvor annarri þar sem lyktin af kálinu smitaðist í vínviðarþrúgurnar og spillti bragði þeirra. Rómverjinn Cato gamli er sagður hafa borðað kál bæði hrátt og soðið og bragðbætt það með ediki. Cato sagði kál hollasta grænmetið og gaf ráð um lækningamátt þess sem meðal annars fólst í að baða ungbörn í þvagi fólks sem hafði borðað mikið af káli. Þvagið átti að styrkja mótstöðuafl barnanna. Auk þess sem neysla á káli átti að draga úr liða- og þvagsýrugigt, höfuðverk og vera mótefni við eitrunum af völdum sveppa, ofneyslu áfengis og þunglyndi.

Rómverski sagnaritarinn Pliny gamli nefnir sjö ólík afbrigði af kál með ólíkan stöngul, blaðgerð og höfuð sem bendir til ræktunar ólíkra afbrigða villikáls.

Kál var almennt hluti af fæðu fólks í Evrópu á miðöldum. Á þeim tíma voru kálplöntur oft kallaðar krossblóm vegna lögunar blómanna en krónublöðin mynda kross. Í dag kallast ættin sem ættkvíslin Brassica tilheyrir krossblómaætt á íslensk og Cruciferae eða Brassicaceae á latínu.

Í frönskum annál segir að píningsárið 1420 hafi franskir fátæklingar ekki borðað neitt annað en kál og rófur og lifað án brauðs og salts.

Frá Evrópu barst kál til Egyptalands og Mesapótamíu þar sem það var ræktað sem vetrarkál. Seinna barst evrópukál til Asíu með nýlenduherrum og yfir Atlantshafsála til Ameríku árið 1541 með landnemum frá Evrópu. Indíánar Norður-Ameríku voru fljótir að tileinka sér kálrækt og á átjándu öld var kálrækt algeng meðal þeirra. Kál barst til Ástralíu 1788.

Í fyrri heimsstyrjöldinni voru blómabeð við Buckingham-höll í London notuð til kál- og kartöfluræktar til að hvetja landsmenn til að rækta eigið kál á stríðstímum. Breska kirkjan veitti einnig undanþágu á stríðsárunum frá kirkjusókn á sunnudögum til að fólk gæti sinnt kálrækt.

Samkvæmt Heimsmetabók Guinness vó þyngsti kálhaus sem vitað er um 62,71 kíló og þyngsti rauðkálshausinn 19,05 kíló. Til samanburðar var meðalþungi lambaskrokks á Íslandi árið 2016, 16,7 kíló eða tæplega fjórum sinnum léttari en þyngsti kálhausinn.

### *Kál í dag*

Garðakálplöntur eins og við þekkjum þær skiptast í blaðkál og höfuðkál og eru báðar gerðir afkomendur villikáls Brassica oleracea.

Dæmi um blaðkál er grænkál, B. o. var. saballica, og pálmakál, B. o. convar. acephala var. sabellica, sem svipar til grænkáls enda náskylt. Pálmakál vex upprétt, eins og grænkál, og líkist pálmatré í vexti.






**Grænkál.** Mynd / Odd Stefán.



**Uppruna garðakáls er að finna í villijurt sem kallast Brassica oleracea og vex við strendur Miðjarðarhafsins og Vestur-Evrópu.**

Dæmi um höfuðkál er hvítkál B. o. var. capitata alba, rauðkál B. o. var. c. rubra. Capitata í nafninu þýðir höfuð og alba hvítt en rubra rautt. Hér er því um sömu undirtegund að ræða en mismunandi afbrigði. Svipaða sögu er að segja um blómkál B. o. var botrytis,



**Krónublöð blómaplantna að krossblómaætt eru fjögur og mynda kross.**



**Blómkál.** Mynd / Odd Stefán.

gongyllodes, skrautkál, B. o. var. acephala, spegilkál B. o. var. italica, toppkál B. o. var. conica og rósakál B. o. var. gemmifera.

Þrátt fyrir að allar þessar kálgerðir séu ólíkar í útliti hvað varðar vöxt, lögun, lit, áferð og bragð eru þær allar mismunandi ræktunarafbrigði og afkomendur villikáls sem hefur verið kynbætt í aldanna rás.

Grænkál og fóðurkál er talið elsta ræktunarafbrigði villikálsins en rósakál það yngsta.

Sé kynbættum káltegundum leyft að vaxa óáreittar og fjölga sér með fræjum í nokkrar kynslóðir hafa plönturnar tilhneigingu til að þróast aftur í átt til villikáls.

### *Göngustafakál*

Ein undirtegund enn sem kemur frá Ermarsundseyjum Bretlands kallast stafakál eða jersey-kál, B. o. var. longata. Stafakál er ræktað vegna stöngulsins sem er notaður í göngustafi. Blöðin eru nýtt sem fóður fyrir sauðfé og sagt er að það geri ullina silkimjúka. Eftir að stöngullinn, sem er fremur beinvaxinn og getur náð þriggja metra hæð, hefur trénað er hann þurrkaður og sagaður í rétta lengd, pússaður og lakkaður og notaður sem göngustafur.

### *Kál í matinn*

Neysla á káli er öllum holl enda er kál góð uppspretta bæti- og steinefna og hitaeininga- og fitusnautt. Það er trefjaríkt og ríkt að C og K vítamíni.

Kál er hægt að borða hrátt, soðið, grillað og súrsað. Súrsað kál var helsta uppspretta C vítamíns og vörn gegn skyrbjúg sjómanna á tímum landafundanna miklu.

Óhófleg neysla á káli getur valdið magaþembu og töluvert vandræðalegum vindgangi.

### *Kálrækt*

Allar káltegundir, að grænkáli undanskildu, þurfa langan ræktunartíma, 90 til 120 daga, og því nauðsynlegt að forrækta þær í um sex vikur fyrir útplöntun. Gott er að miða við að jarðvegshiti hafi náð 6° á Celsíus þegar smáplönturnar eru settar út. Kálplöntur kjósa næringarríkan, vel framræstan og eilítið súran jarðveg með sýrustig milli 6 og 7. Plönturnar þurfa jafna vökvun yfir vaxtartímann og nauðsynlegt er að hylja plönturnar fram í miðjan júlí með akrýldúk til að verja þær fyrir ásókn kálflugna.

### *Kál á Íslandi*

Lítið sem ekkert er fjallað um garðrækt, hvað þá kál, í Íslendingasögunum. Í Þórðar sögu hreðu segir: „Ekki sé sopið kálið, þó í ausuna sé komið“ og í Grettissögu segir Grettir við Þorbjörn öngul: „Er það vel að við deilum um kálið“. Öruggt má teljast að hér sé ekki átt við kál í þeirri merkingu sem við þekkjum það því ekki er vitað til þess að Íslendingar hafi neytt káls á söguöld.

Vísi-Gísli, Gísli Magnússon frá Munkaþverá, hélt til náms í Kaupmannahöfn og Hollandi árið 1639 og kynntist framförum í ræktun og garðyrkju. Eftir heimkomu 1646 hóf Gísli ýmsar ræktunartilraunir og sáði þrjátíu nytjaplöntum sem döfnuðu vel í Danmörku. Meðal þeirra var kál, bygg, hör, kúmen og hampur auk rófna, salats, erta og rúgurs.

Danski vandræðagemsinn, lög- og stjörnufræðingurinn Niels Horrebow, sem ferðaðist um Ísland 1749 nefnir í ferðabók sinni að hvítkálshöfuð í ræktun við Skálholt séu vel sprottin.

Presturinn Björn Halldórsson var helsti ræktunarfrömuður Íslands á átjándu öld. Björn gerði margs konar ræktunartilraunir í Sauðlauksdal eftir að hann tók við prestskap þar árið 1752. Kornræktartilraunir Björns skiluðu litlu en betur tókst til með matjurtarækt. Björn segir sjálfur í riti að hann hafi kunnað lítið til kálræktar en þar sem hans hátign konungurinn, sem beri svo mikla umhyggju fyrir fátækum, mæli svo fyrir að menn rækti matjurtir og neyti þeirra hljóti það að vera þjóðinni fyrir bestu. Síðar segir Björn í hálfgerðum uppgjafartón: „En hvað skal gera hér þar sem hinu einfalda almúgafólki kemur það svo undarlega fyrir sjónir þegar það á að fara að éta gras, þvert á það sem feður þess og forfeður gerðu.“ Hann fer líka um það mörgum orðum hvað erfitt sé að fá heimafólk sitt í fyrstu til að borða kál en eftir að það venst „grasinu“ þyki því það lystugt.

Jón Grímsson, sem var kallaður garðyrkjumaður, var sendur til náms í garðyrkju og almennri garðrækt til Kaupmannahafnar árið 1742. Hann sneri aftur heim 1764 og fékk um tíma 80 ríkisdali á ári til að stunda garðyrkjutilraunir. Jón ferðaðist um landið í nokkur ár og leiðbeindi um matjurta- og kálrækt og mun honum hafa orðið talsvert ágengt því sagt er að 200 matjurtagarðar hafi orðið til vegna hvatningar frá honum.

Í kjölfar áeggjan og brennandi áhuga þessara frumkvöðla óx káljurtarækt ásmegin og matjurtagörðum fjölgaði jafnt og þétt. Árið 1791 eru þeir sagðir vera 698 á landinu og árið 1817 eru garðarnir taldir vera 3.466.

Árið 1883 kemur Hans J. G. Schierbeck, tveimur árum síðar settur landlæknir, til landsins. Schierbeck er einn af stofnendum Garðyrkjufélags Íslands og hafði stofnun félagsins gríðarmikil áhrif til aukins áhuga á ræktun hér á landi. Ekki síst á ræktun mat- og káljurta.

Áhugi á kál- og matjurtarækt af öllu tagi hefur vaxið á undanförnum árum, ekki síst eftir hrun, samhliða aukinni vitund fólks fyrir hollum og góðum matvælum. Margir kjósa að rækta sitt kál sjálfir án þess að nota skordýra- eða illgresiseitur né tilbúinn áburð við ræktunina og halda því kinnroðalaust fram að það sé allra besta kál sem hægt er að fá.



**Blómkál er til í mörgum útgáfum og litum.**



**Rósakál.** Mynd / Odd Stefán.

# Hækkun aksturstaxta hjá þremur fóðursölum

## – Engin áform hjá Bústólpa og SS um hækkanir

**Fóðurblandan tilkynnti þann 2. ágúst síðastliðinn, um hækkun á gjaldskrá vegna útselds aksturs á fóðri um allt að níu prósent. Að sögn Eyjólfs Sigurðssonar, forstjóra Fóðurblöndunnar, eru launahækkanir meginástæðan fyrir þessari gjaldskrárhækkun.**

Lífland hafði einnig áður tilkynnt um sams konar hækkun, eða þann 1. júlí síðastliðinn. Lífland gefur þær skýringar að 48 prósenta launhækkanir hafi orðið frá árinu 2012, en þá hækkaði fyrirtækið síðast aksturstaxta sína. Þá hafi olía og hjólbarðar hækkað um 25 prósent á þessum tíma og aðrir liðir í rekstri ökutækja um 14–25 prósent.

### *Landstólpi hækkar um næstu mánaðamót*

Arnar Bjarni Eiríksson, framkvæmdastjóri Landstólpa, segir hækkun verða á aksturstaxta hjá þeim frá og með næstu mánaðamótum – væntanlega á bilinu átta til tíu prósent. „Ástæðan er hækkun á vinnumarkaði á launum og launatengdum gjöldum og því er það nú óumflýjanlegt því miður,“ segir Arnar Bjarni og bætir við að síðast hafi orðið slík hækkun hjá þeim í október 2013.

Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa, segir að aksturstaxtar þeirra hafi ekki verið hækkaðir nú og ekki liggi fyrir neinar ákvarðanir um breytingar á þeim. Í sama streng tekur Elías Hartmann Hreinsson, deildarstjóri búrekstrardeildar hjá Sláturfélagi Suðurlands, og segir að engin afstaða hafi verið tekin varðandi slíka hækkun. „Eins og staðan er í dag þá eru ekki áform um hækkun,“ segir Elías. */smh*



Frá opnun Mathallarinnar. Myndir / TB

# Mathöllin opnuð á Hlemmi

**Hlemmur Mathöll var opnuð laugardaginn 19. ágúst á menningarnótt. Átta veitingastaðir höfu starfsemi strax í höllinni og svo munu tveir bætast við til viðbótar á næstunni.**

Mathöllin sækir fyrirmyndir sínar til rómaðra matarhalla sem finna má úti um alla Evrópu. Margir Íslendingar þekkja til dæmis Torvehallerne í Kaupmannahöfn.

Flestar bjóða þær upp á bæði tilbúna rétti og eins markað með gæða hráefni; kjöt, fisk og grænmeti. Hlemmur Mathöll hefur líka hug á því og hefur auglýst eftir bændum og smáframleiðendum sem hafa áhuga á að taka þátt í útimörkuðum í framtíðinni með ferska og unna matvöru.

Afgreiðslutími veitingastaðanna er misjafn, en þeir sem hafa lengst opið loka ekki fyrr en klukkan ellefu á kvöldin. Bakaríið Brauð og Co. og kaffihúsið Micro Roast Te & kaffi opna klukkan átta á morgnana.

Aðrir staðir í Mathöllinni eru taco-staðurinn La Poblana, víetnamski staðurinn Bánh Mí, Rabbarbarinn, grillstaðurinn Kröst, ísbúðin Ísleifur heppni og smáréttastaðurinn Jómfrúin.

Stefnt er að því að Borðið, sælkerasérverslun og veitingastaður, opni 26. ágúst og SKÁL!, tilraunakenndur smárétta-, kokteila- og bjórbar, opni 2. september næstkomandi.

Það er Íslenski sjávarklasinn sem rekur Hlemm Mathöll. */smh*



Í grænmetisversluninni Rabbarbarinn er boðið upp á upprunamerkt fyrsta flokks grænmeti í lausu og gómsæta smárétti.


Landsbanki

## Verkefna- og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans

Verkefna- og rannsóknasjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2017.

**Veittir verða tveir aðalstyrkir kr. 300.000,- og ef stjórn ákveður svo, verður einnig veittur einn verkefnastyrkur kr. 100.000,-.** Sjóðsstjórn getur ákveðið þegar umsóknir liggja fyrir að eingöngu verði veittir styrkir til aðalverkefna ársins og hækka þá þær styrkupphæðir í kr. 350.000,-. Heimilt er að fella úthlutun ársins niður telji sjóðsstjórn engar umsóknir hæfar.

Úthlutað er til verkefna sem tengjast Fljótsdalshreppi, eða verkefna sem sjóðsstjórn telur að nýtast muni sveitarfélaginu. Háskólanemar með lögheimili í Fljótsdalshreppi sem sækja um fyrir verkefni sem metin eru hæf af sjóðsstjórn, hafa forgang umfram aðra umsækjendur.

**Umsóknum skal skila á skrifstofu Fljótsdalshrepps, Végarði, 701 Egilsstaðir, fyrir 10. september 2017, eða á netfangið fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is.**

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Fljótsdalshrepps **www.fljotsdalur.is**




Kaffipása í steypuvinnu við grunn á starfsmannahúsi Hótels Flateyjar. Talið frá vinstri; Helgi Björgvin Haraldsson, Haraldur Björgvin Helgason, Hallfreður Lárus Helgason og Andri Hjörvar Hofstadter. Myndir / HKr.

# Byggt yfir starfsmenn Hótels Flateyjar

**Hafin er bygging húsnæðis fyrir starfsmenn í Hótel Flatey sem rekið er í samkomuhúsinu sem áður hýsti pakkhús og loftskeytastöð.**

Helgi Haraldsson var ásamt Halli syni sínum og tveim aðstoðarmönnum við að steypa grunn fyrir starfsmannabygginguna þegar blaðamann Bændablaðsins bar að garði. Húsið er talsvert frá meginþorpinu í Flatey en skammt frá bryggjunni.

Helgi býr í Stykkishólmi en á húsið Grænagarð í Flatey ásamt konu sinni, Höllu Dís Hallfreðsdóttur. Segist Helgi dvelja mikið í Flatey.

Í síðustu viku var búið að klára grunninn og segir Helgi að hafist verði handa við að reisa húsið sjálft í haust. Það verður byggt úr timbri eins og flest önnur hús í eyjunni.

Hann sagði að heldur hafi dregið úr komu fólks til Flateyjar í sumar miðað við árið í fyrra. Mikið væri eigi að síður bókað á hótelinu. Þar var fólk mjög ánægt yfir aðsókninni þegar blaðamaður leit þar inn. Þar er einnig boðið upp á fjölbreyttar veitingar í samkomuhúsinu fyrir fólk sem leið á um eyjuna. */HKr.*



Steypan hrærð í dráttarvélardrifinni steypuhrærivél.



Það var enginn viðvaningsbragur hjá þessum rösku byggingaverkamönnum í Flatey.



Hótel Flatey (rauða húsið) og samkomuhúsið, eða pakkhúsið, í Flatey. Lengst til vinstri er Eyjólfshús sem líka hefur haft nöfnin Oddahús, Tangahús og Pálshús.

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Öflug markaðsherferð Icelandic lamb skilar árangri

**Frá og með síðustu áramótum hefur verið unnið öflugt starf á vegum Icelandic lamb við markaðssetningu á lambakjöti og öðrum sauðfjárafurðum til erlendra ferðamanna. Icelandic lamb er sá hluti Markaðsráðs kindakjöts sem sér um framkvæmd verkefnisins.**

Hugmyndafræðin gengur út á að kynna sögu, menningu, hreinleika og gæði í gegnum eitt merki. Til að byrja með er sjónum beint að erlendum ferðamönnum hér á landi og undirbúningur samhliða hafinn að sókn inn á sérvalda hágæðamarkaði í útlöndum. Verkefnið hefur þegar skilað árangri og jókst sala á kindakjöti innanlands um rúm 5,% í fyrra og rúm 6% á fyrri helmingi þessa árs eftir nokkur samdráttarár í röð.



Birna Mjöll Atladóttir í Breiðuvík með skjöld Icelandic lamb sem vísar til þess að veitingastaðurinn hafi sett íslenskt lambakjöt í öndvegi fyrir sína gesti.

### *Veitingastaðir*

Nú eru um 100 veitingastaðir í samvinnu við Icelandic lamb um að setja íslenskt lambakjöt í öndvegi. Hafliði Halldórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri íslenska kokkalandsliðsins og sölustjóri hjá Garra, heldur utan um þennan hluta verkefnisins. Almenn ánægja er hjá stöðunum og ýmis smærri verkefni hafa sprottið upp úr samstarfinu. Gengið var frá fyrstu samstarfssamningunum í tilraunaskyni í fyrra og verkefnið skilaði strax góðum árangri. Eins og fram kom í viðtali við Stefán Viðarsson, yfirmatreiðslumeistara hjá Icelandair hótelum, í Bændablaðinu fyrir skömmu, jókst salan þar um 20%. Hjá þeim 30 veitingastöðum sem voru með í samstarfinu árið 2016 jókst sala að meðaltali um fjórðung.

### *Samfélagsmiðlar*

Þrátt fyrir að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað á Íslandi undanfarin ár, skilaði sú fjölgun sér ekki í aukinni sölu á lambakjöti fyrr en ráðist var í sérstakt átak til að ná til þeirra. Öflug verðlaunaherferð hófst á samfélagsmiðlum á seinni hluta síðasta árs. Gerð hafa verið 28 uppskriftamyndbönd og 9 önnur myndbönd sem dreift er með skipulegum hætti á netinu. Nú hafa notendur samfélagsmiðla séð myndbönd og auglýsingar frá Icelandic lamb um 14,5 milljón sinnum. Ólíklegt er að nokkru sinni fyrr hafi jafn margir séð auglýsingaog kynningarefni um íslenskt lambakjöt á jafn skömmum tíma. Herferðin var nýlega verðlaunuð af FÍT og tilnefnd til norrænu Emblu-verðlaunanna 2017.

### *Nýsköpun og smásala*

Icelandic lamb hefur líka unnið með smásölu- og sprotafyrirtækjum og einstaka framleiðendum að sértækum verkefnum í nýsköpun og vöruþróun. Má þar nefna ýmis nýsköpunarverkefni þar sem merki og markaðsefni er nýtt til að styðja við markaðssetningu á fæðubótarefnum, gærum og ýmsu fleiru. Þá hefur sérstakur sérfræðingahópur unnið að endurkortlagningu dilksins með því að leita hugmynda að nýjum vörum og nýjum skurðum. Á næstu vikum mun fyrsti afraksturinn af þessu starfi sjást í hillum verslana þegar ný vörulína sem ætluð er erlendum ferðamönnum fer í tilraunasölu í 10 verslunum á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Samhliða fer í loftið sérstakt auglýsingaefni á samfélagsmiðlum.


Salka Restaurant Húsavík er meðal 100 veitingastaða sem hafa gert samning um að setja lambakjöt í öndvegi. Talið frá vinstri: Guðrún Emilsdóttir, Börkur Emilsson og Guðbjartur Benediktsson.

### *Verkefni erlendis*

Icelandic lamb tók þátt í vörusýningu í Tókíó í byrjun þessa árs og gekk í kjölfarið frá samstarfssamningi við japanskt innflutningsfyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og dreifingu á hágæða matvöru til veitingastaða og sérverslana. Í gegnum þetta verkefni hafa þegar verið seld á annað hundrað tonn af lambakjöti til Japans. Unnið er að þýðingu og staðfæringu á öllu markaðsefni Icelandic lamb og samfélagsmiðlaherferð á japönsku hefst eftir fáeina mánuði. Á dögunum var gengið frá sambærilegum samningi við þýskt fyrirtæki. Unnið hefur verið að markaðsrannsóknum og greiningu undanfarna mánuði og reikna má með sölu í Þýskalandi strax á næsta ári. Þá kemur Icelandic lamb að svipuðu verkefni í Bandaríkjunum og eins standa yfir viðræður við Whole Foods verslunarkeðjuna um markaðssamstarf og notkun á markaðsefni Icelandic lamb. Fleiri sambærileg verkefni eru í undirbúningi.

### *Framhaldið*

Til viðbótar við þetta vinnur Icelandic lamb að ýmsum verkefnum sem tengjast minjagripum, ull og gærum í gegnum 30 samninga við fyrirtæki í þessum hluta sauðfjárafurða. Tilgangurinn er að auka virði sauðfjárafurða varanlega með vandaðri markaðssetningu inn á hágæðamarkaði. Miklar vonir eru bundnar við áframhaldandi árangur gagnvart erlendum ferðamönnum og ýmis ný verkefni í Japan, Evrópu og Bandaríkjunum. Eins og staðan er nú treystir greinin of mikið á ódýrari afsetningarmarkaði og erfiðleikar þar valda tímabundinni birgðasöfnun og verðlækkun til bænda. Því er mikilvægt að bændur, afurðastöðvar og aðrir sem að greininni koma hafi framtíðarsýn og staðfestu til að byggja upp betur borgandi markaði.

***Svavar Halldórsson**,*
*framkvæmdastjóri Markaðsráðs kindakjöts og Icelandic lamb*







## Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir:

**Framleiðnisjóður landbúnaðarins** auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til stuðnings við nýsköpun, vöruþróun kynningar- og markaðsstarf til stuðnings íslenskri sauðfjárrækt. Sjá nánar inn á heimasíðu sjóðsins **www.fl.is**, undir markaðssjóður/verklagsreglur.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, hópar, félög, samtök, rannsóknarstofnanir, háskólar eða fyrirtæki. Styrkhæf eru þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf.

**Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:**

a) Listi yfir þá sem eiga aðild að verkefninu.
b) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis.
c) Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
e) Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar eða nýttar.

**Umsóknarfrestur er til 1. október n.k.**

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á **www.fl.is/markaðssjóður**. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

**Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: Markaðssjóður.**

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins** hjá **thorhildur@fl.is.**

*Framleiðnisjóður landbúnaðarins*
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes
Sími 430-4300

Á FAGLEGUM NÓTUM

## Umhverfismál:

# Góður frágangur á rúlluplasti lykill að verðmætasköpun

**Árlega eru um 2000 tonn af heyrúlluplasti flutt til landsins. Plastrúllur prýða sveitir landsins frá slætti þar til heyið verður að fóðri fyrir búfé en þá þarf að huga að því hvað verður um heyrúlluplastið utan um það.**

Plastið tekur um 500 ár að eyðast í náttúrunni auk þess sem urðun plasts og brennsla heima á bæjum er þar að auki með öllu óheimil samkvæmt mengunarvarnarreglugerð.

Endurvinnsla verður í senn besti og í raun eini raunhæfi kosturinn. Endurvinnsla krefst minni orku en frumvinnsla og kemur í veg fyrir sóun náttúruauðlinda, auk þess sem talsvert pláss sparast á urðunarstöðum.

### *Rúlluplast er endurunnið*

Plast sem Íslenska gámafélagið safnar er flutt í flokkunarstöðvar félagsins. Þar er plastið pressað í bagga og flutt til endurvinnslu, ýmist á Íslandi eða erlendis. Sé plast hins vegar óhreint eða fullt af aðskotahlutum, er talsverð vinna unnin fyrir gýg og þá hefur fjárhagslegur ávinningur hæglega snúist upp í kostnað. Það er því hagur allra að ganga vel frá plastinu þannig að hægt sé að nýta það góða endurvinnsluhráefni sem plastið er.

Flestir bændur standa sig vel í frágangi heyrúlluplasts en lengi má gott bæta. Fulltrúi Gámafélagsins tók hús á Haraldi Einarssyni bónda á Urriðafossi á Suðurlandi til að kynna sér hvernig Haraldur hagar frágangi á heyrúlluplasti. Hann býr á bænum ásamt konu sinni og tveimur börnum en þau eru mjólkurbændur. Að mati starfsmanna Íslenska gámafélagsins gengur Haraldur afar vel frá heyrúlluplastinu.

### *Frágangur á rúlluplasti til endurvinnslu*

Við gjafir leggur Haraldur sig fram við að hreinsa hey af umbúðunum eins og kostur er og þjappa plastinu síðan saman í viðráðanlegar einingar. Við frágang þykir honum best að taka eitt plast og slétta úr því á sléttu yfirborði en það plast verður þá ysta lagið á plastbögglinum (skref 1).

Því næst setur hann eitt plast inn í það fyrsta og sléttir úr því, tekur svo næsta og sléttir úr því og svo koll af kolli (skref 2).

Á myndunum er notast við sjö plöst í heildina, þ.e. eitt plast í botninn og sex inn í hvert annað. Að þessu loknu tekur Haraldur í endann á ysta plastinu og rúllar öllum plöstunum saman upp í böggul (skref 3).

Ágætt er að nota eigin líkamsþunga til að pressa plastið saman og losa um aukaloft (skref 4).

Þá notar hann plaststrimil úr rúllubaggaplasti til að binda böggulinn saman því ekki má blanda saman mismunandi plasttegundum (skref 5).

Loks er böggullinn tilbúinn til endurvinnslu. (skref 6).




**Skref 1: Slétt úr fyrsta plastinu á sléttu undirlagi. Það plast verður ysta lagið í plastbögglinum.** Myndir / Sigurður Ástgeirsson.




**Skref 2: Annað plast sett inn í ysta plastið og slétt úr, þriðja plastið inn í annað plastið og slétt úr og svo framvegis.**




**Skref 3: Tekið í endann á ysta plastinu og öllum plöstunum rúllað saman í böggul.**




**Skref 4: Eigin líkamsþungi notaður til að pressa plastið niður og losa um aukaloft.**




**Skref 5: Bundið utan um böggulinn með plaststrimli úr heyrúlluplasti.**




**Skref 6: Henda bögglinum upp á öxlina og koma honum á þurran og skjólgóðan stað þar til viðurkennt sorphirðufyrirtæki sækir plastið og kemur því í endurvinnslu.**

Einingarnar geymir hann svo á þurrum og skjólgóðum stað þar til viðurkennt sorphirðufyrirtæki sækir plastið og kemur því í endurvinnslu.

### *Fjórar þumalfingursreglur*

Ekki er víst að þessi aðferð henti öllum. Margir kjósa til að mynda að safna plastinu saman í fiskikar þannig að plast er lagt í botninn, næstu plöstum er þjappað í karið og plast er bundið utan um böggulinn. Þá er ummál hans oft minnkað með þungum hlut sem er lagður ofan á plastið til að þjappa því saman.

Hvaða aðferð sem verður fyrir valinu, eru þumalputtareglurnar við frágang heyrúlluplasts þessar:

1. Hrista sem mest af heyi úr plastinu og losa það við óhreinindi. Ef óhreinindi loða við vegna bleytu er gott að þurrka plastið í 1 til 2 daga og hrista það síðan aftur en þá ætti restin af heyinu og öðrum óhreinindum að losna frá.
2. Sjá til þess að plastið sé laust við aðskotahluti eins og baggabönd, snæri, net, steina, timbur og annað slíkt. Rúlluplast er almennt framleitt úr polyethylen plasti og skal ekki blandað saman við annars konar plast. Þess vegna mega baggabönd, net og annar plastúrgangur ekki fara með heyrúlluplastinu.
3. Þjappa plastinu saman í viðráðanlegar einingar og ekki of þungar
4. Geyma plastið á þurrum og skjólgóðum stað þar til það er sótt.




**Heyi rúllað í Þistilfirði.** Mynd / HKr.

Góður frágangur er lykillinn að endurvinnslu rúlluplastsins og þar með lykillinn að verðmætasköpun. Ef allt heyrúlluplast hér á landi kemst aftur inn í hringrásarhagkerfið, geta íslenskir bændur komið í veg fyrir frumvinnslu á 2000 tonnum af plasti á hverju ári. Það er því til mikils að vinna.

***Brynja Björg Halldórsdóttir****, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Íslenska gámafélagsins,*
***Sigurður Ástgeirsson***
*verkefnastjóri orkulausna hjá Íslenska gámafélaginu.*
***Haraldur Einarsson****,*
*bóndi á Urriðafossi.*

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins RML

# Heyefnagreiningar og fóðuráætlanir



Berglind Ósk Óðinsdóttir
Fóðurfræðingur
hjá RML
boo@rml.is

**Gróffóður er uppistaðan í því fóðri sem notað er til mjólkur- og kjötframleiðslu, því skiptir miklu máli að vanda vel til verka við framleiðslu á gróffóðri. Ef gróffóðrið nýtist vel til framleiðslu þarf minna aðkeypt fóður sem þýðir hagkvæmari fóðrun. En til þess að gera sér grein fyrir því hversu vel gróffóðrið nýtist þurfum við að vita efnainnihald þess.**

Þegar við vitum efnainnihald gróffóðursins getum við fundið kjarnfóður sem hentar að gefa með gróffóðrinu okkar og getum þannig lágmarkað kostnaðinn. Það er nefnilega líka óhagkvæmt að offóðra eins og það er að vanfóðra. Við vanfóðrun fær skepnan ekki þau næringarefni sem hún þarf (til viðhalds, vaxtar, fósturvaxtar og framleiðslu) og við sjáum afleiðingarnar í afllögn, smærri gripum, vanhöldum og minni framleiðslu.

Við offóðrun hinsvegar er framboð næringarefna meira en það sem gripurinn þarfnast, eða samsetning næringarefna röng. Í þeim tilfellum nýtir skepnan næringarefnin ekki og við sjáum afleiðingarnar á feitum gripum, háu úrefni í mjólk og vannýtt orka í skít. Ef samsetning fóðursins er þannig að hún passi þörfum gripanna þýðir það einfaldlega heilbrigðari gripi og meiri framleiðslu.

### *Mismunandi næringarinnihald*

Gróffóðrið getur haft mjög mismunandi næringarefnainnihald sem fer meðal annars eftir því hvar það er ræktað, hvaða tegundir eru notaðar, sláttutími og fl. Til þess að gera sér grein fyrir efnainnihaldi gróffóðursins er nauðsynlegt að láta efnagreina það. Það er hinsvegar ekki nauðsynlegt að senda sýni úr hverri einustu spildu, hægt er að skipuleggja sýnatökuna og halda þannig kostnaði í lágmarki.

Það er nauðsynlegt að senda inn sýni sem gefa sem besta yfirsýn á það fóður sem gefa skal komandi vetur. Ef þú hefur ekki tekið hirðingarsýni í sumar ættir þú að velta fyrir þér möguleikanum á verkuðu sýni. Ráðunautar fara um sveitir landsins næstu daga og taka sýni úr rúllum og stæðum hjá bændum og koma þeim til efnagreininga á rannsóknarstofu. Það er hægt að panta heysýnatöku á heimasíðu RML eða með því að hafa samband við ráðunaut.

### *Val á rúllum til sýnatöku*

Hvernig veljum við rúllur í sýnatökuna svo sýnið verði sem mest lýsandi fyrir fóðrið? Góð regla er að senda sýni úr fyrri slætti sérstaklega og öðrum slætti einnig, senda sýni úr rýgresi eða ef eitthvað sérstakt einkennir hluta fóðursins sem er til á bænum. Þá er hægt að flokka túnin niður í nýræktir og gömul tún og svo eftir því hvenær slegið er. Þannig má taka eitt sýni úr nýræktum sem eru slegnar á sama tíma og annað úr gömlum túnum sem slegin eru á sama tíma. Það eina sem þarf að hafa í huga er að sýnið samanstandi af einsleitu fóðri þ.e. túnum sem eru með svipaða tegundasamsetningu og svipaðan þroskuð.

Þegar taka á eitt sýni sem á að vera lýsandi fyrir nokkur tún er mikilvægt að taka af fleiri en einu, blanda því í bala og taka samsýni sem er sent til greiningar. Við erum því kannski að taka úr 2-3 rúllum í hvert sýni af mismunandi spildum.

Best er ef bóndi hugsar fyrir þessu strax þegar rúllunum er keyrt heim og taki frá þær sem eiga að fara í sýnatökuna að hausti, þá er minnst hætta á að einhver ruglingur verði í sýnatökunni þegar erfitt getur verið að lesa á merkingar rúlla í stæðu, og þá er líka hægt að gefa strax þær rúllum sem voru gataðar og losna við þær á stuttum tíma.

### *Hirðingarsýni eða verkuð sýni?*

Það er sennilega of seint hjá flestum að velja hirðingarsýnin núna ef ekki er búið að taka þau. En kostir við hirðingasýni eru að það er hægt að senda þau fyrr en verkuðu sýnin og bóndi getur valið í sýnið af spildunni þvert yfir, safnað af þeim spildum sem eiga að vera saman í sýni, blandað því í bala heima og búið til eitt samsýni sem fer til greiningar.

Gallinn er að verkunin hefur ekki átt sér stað og því náum við ekki höndum yfir það sem gerist eftir að fóðrinu er pakkað þangað til það er gefið.

Ef fóðrið er frekar þurrt þegar það er pakkað verður mjög lítil verkun og hirðingasýni finn kostur fyrir þá sem vilja. En ef verka á fóðrið með lægra en 50% þurrefni er alltaf betra að velja verkuð sýni, vera bara þolinmóður og taka sýni eftir að verkunin hefur átt sér stað. En ef allt gengur eins og það á að gera er komið jafnvægi í rúlluna/stæðuna eftir 4 – 6 vikur frá pökkun.

Ráðunautar geta hjálpað til við að velja hversu mörg sýni er æskilegt að taka og hvernig greining hentar. Þegar niðurstöður liggja fyrir geta ráðunautar líka hjálpað til við að lesa úr niðurstöðunum, hvað þýðir þetta eiginlega. Fyrir þá sem vilja ennþá meira vinnum við svo líka fóðuráætlanir hvort sem er fyrir kýr, naut eða sauðfé.

Vinnuþjarkur!




VERKSTÆÐISÞJÓNUSTA!
Tímapantanir í síma 540 4900

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 540 4900 til að kynna þér lánamöguleika.

GRZZLY 700 EPS FJÓRHJÓL MEÐ TRAKTORSSKRÁNINGU
Ný útgáfa með dráttarspili, LED ljósum og 26" dekkjum.
Aukin burðargeta og lækkaður þyngdarpunktur gerir gott hjól enn betra. TILBOÐSVERÐ KR. 1.950.000,- M/VSK.

Einnig fáanlegt tveggja manna með farangurskassa að aftan.
TILBOÐSVERÐ KR. 1.995.000,- M/VSK.

YAMAHA
Kletthálsi 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is
ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

Dósaborasett fyrir tré




Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata
Þjónusta við tré- og málmiðnað í 33 ár

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Styrkir til rannsókna og þróunarverkefna í garðyrkju

**Framleiðnisjóður landbúnaðarins** auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til rannsókna og þróunarverkefna í garðyrkju samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1240/2016.

Styrkhæf eru ráðgjafarverkefni, kynningarverkefni, rannsókna- eða tilraunaverkefni, vöruþróunarverkefni og endurmenntunarverkefni. Sjá nánar inn á heimasíðu sjóðsins **www.fl.is**, undir þróunarfé/verklagsreglur fagráðs í garðyrkju.

**Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:**

a) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnisins, þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru hér að ofan og hvernig það gagnast viðkomandi búgrein að öðru leyti.
b) Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu.
c) Tímaáætlun verkefnisins.
d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
e) Hvar og hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

**Umsóknarfrestur er til 1. október n.k.**

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á **www.fl.is/þróunarfé**. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

**Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: Umsókn um þróunarfé.**

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins** hjá **thorhildur@fl.is.**

*Framleiðnisjóður landbúnaðarins*
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes
Sími 430-4300

## UTAN ÚR HEIMI



**Rússneskir bændur fagna viðskiptabanninu og Rússar stefna á að verða sjálfum sér nægir í framleiðslu á landbúnaðarvörum árið 2020.** Mynd / pravda.ru

### Rússneskir bændur í stórsókn:

# Viðskiptabann veldur uppgangi í ostagerð

**Svar Rússa við viðskiptabanni Bandaríkjanna og Evrópusambandsins vegna deilna um Úkraínu og Krímskagann var innflutningsbann, m.a. á landbúnaðarvörur frá Evrópusambandinu. Nú er talað um að þetta hafi verið happdrættisvinningur fyrir rússneska bændur.**

Stefnan var sett á að Rússar yrðu sjálfum sér nægir og virðist það nú vera að skila sér í miklum uppgangi í landbúnaði í Rússlandi. Pútin forseti setti Rússum það markmið að verða sjálfum sér nægir í matvælaframleiðslu árið 2020 og gætu þar með tryggt fæðuöryggi sitt.

Nú segjast rússneskir bændur vonast til að viðskiptabannið vari í að minnsta kosti tíu ár í viðbót. Þetta hafi verið sannkölluð himnasending fyrir rússneskan landbúnað. CBC News segir að rússneskir ostaframleiðendur segi að innan nokkurra ára geti þeir farið að flytja út osta til Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada. Þar er bæði um að ræða osta sem framleiddir eru úr kúamjólk og geitamjólk. Rússneskir bændur viðurkenni að gæðin séu enn sem komið er ekki fyllilega sambærileg við bestu ostana í Evrópu, en gæðin séu samt nokkuð góð þótt enn skorti á stöðugleikann.

*Viðskiptabannið veldur bændum í ESB miklum skaða*

Fyrir viðskiptabannið voru Rússar að flytja inn osta fyrir um 1 milljarð dollara á ári. Stór hluti af þeim ostum kom m.a. frá Danmörku. Rússnesk yfirvöld hafa varið miklu fé til að styrkja landbúnað í kjölfar viðskiptabannsins. Hefur það leitt til þess að framleiðsla á rússneskum ostum hefur aukist um 10% á ári. Til lengri tíma litið mun viðskiptabannið því fyrst og fremst leiða til mjög neikvæðra áhrifa fyrir bændur í Evrópusambandinu sem tapa miklum viðskiptum.

*Mikil ostahátíð í nágrenni Moskvu*

Fréttastofa Reuters greindi m.a frá því 9. ágúst að mikil ostahátíð hafi verið haldin 65 km fyrir utan Moskvu um síðustu mánaðamót. Þar voru kynntar rússneskar útgáfur af cheddar- og feta-ostum sem og rússneskum brie-ostum, camembert og mygluostum (blue sheeses).

Í fréttinni segir að þarna sé að verða til mikill iðnaður og haft er eftir einum af skipuleggjendum sýningarinnar að margir rússneskir bændur hafi byrjað að fikra sig áfram í ostagerð fyrir þrem árum. Fyrst hafi menn verið að gera þetta í pottum, en síðan með tækjabúnaði sem framleiddur var í Rússlandi. Nú séu menn að fara að framleiða osta í stórum kerum.

*Stoltir af hreinræktaðri innanlandsframleiðslu*

„Við erum mjög stolt yfir að vera ekki einungis að framleiða osta heldur líka að þeir séu framleiddir með rússneskum tækjabúnaði," sagði Oleg Sirota, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

Reuters segir að sumir matgæðingar geri lítið úr ostaframleiðslu Rússa og segi þá einungis vera að framleiða lélegar eftirlíkingar af evrópskum ostum. Eigi að síður hafi gestir hátíðarinnar verið mjög ánægðir með framleiðsluna. Rætt er við einn gestanna, Önnu að nafni, sem segir að þar hafi verið á boðstólum mjög fjölbreytt úrval af frábærum ostum. Þeir séu mjög svipaðir ostum frá Frakklandi og Ítalíu.

„Það eru margar gerðir af sambærilegum ostum og ég hef smakkað erlendis og þeir eru alls ekki verri." /HKr




## Á FAGLEGUM NÓTUM



**Sýningarsvæðið sem Libramont sýningin er haldin á er um 10 hektarar að stærð og á nokkrum stöðum eru stór kynningarsvæði og hér er eitt þeirra þar sem reglulega, á meðan sýningunni stóð, voru haldnar margs konar kynningar á tækjum og tólum til notkunar í landbúnaði. Hverju tæki, sem sýnt var, var lýst í þaula svo gestirnir sem á horfðu gætu áttað sig sem best á því sem verið var að sýna.**

# Glæsileg landbúnaðarsýning

**Landbúnaðarsýningin Libramont, sem haldin er árlega fjóra daga seinnipartinn í júlí í Libramont-Chevgny í Suður-Belgíu, hefur alltaf verið afar vel sótt og á því var engin breyting í ár.**



**Á landbúnaðarsýningum vekja dráttarvélar alltaf mikla athygli og hér er Libramont engin undantekning enda allir helstu og stærstu framleiðendur dráttarvéla með mikið og fjölbreytt úrval véla. Hér má sjá eina af stærri gerðinni frá New Holland.**



**Hér á landi þekkja líklega flestir fyrirtækið Lely sem framleiðanda á mjaltaþjónum og heyvinnutækjum en líklega vita færri að Lely framleiðir einnig og selur litlar vindmyllur sem kallast Lely Aircon. Vindmyllurnar eru framleiddar í tveimur stærðum, 10 kW og 30 kW og eru sagðar sérstaklega sterkbyggðar og geti þolað allt að 60 m/s vindhraða.**

Rúmlega 200 þúsund manns, þar af einnig hópur Íslendinga, skoðuðu það nýjasta sem í boði er innan landbúnaðar.

Þessi sýning er ein sú stærsta sem haldin er ár hvert í Evrópu enda afar fjölbreytt og höfðar til afar fjölbreytts hóps gesta. Þannig mátti sjá nánast allt sem tilheyrir hefðbundinni landbúnaðartækni allra helstu og þekktustu framleiðenda heims en einnig óhefðbundna tækni eins og húshitunartækni svo dæmi sé tekið. Þá var sýningin að vanda með þunga áherslu á kynbótagripi, sem skiptu þúsundum. Þó svo að sýningar hrossa, nautgripa og sauðfjár séu veigamiklar þá mátti einnig sjá geitur, asna, svín og alifugla.

Eins og við er að búast á sýningu sem þessari er margt áhugavert að skoða og hér á eftir má sjá brot af því sem vakti áhuga greinarhöfundar á þessari sýningu.

*Snorri Sigurðsson, sns@seges.dk*



**Eitt af því sem fylgir þegar stórar sýningar eru haldnar er að það þarf að þjónusta gesti sýningarinnar enda koma á Libramont um 50 þúsund gestir á dag. Til þess að metta allan mannskapinn þarf umtalsvert af veigum og var hægt að fá allt frá skyndibita og upp í stórsteikur þar sem hver gat valið kjöt af mismunandi holdanautakyni, allt eftir áhuga og smekk. Hér má sjá einn af ótal eldunarstöðum á sýningunni en hér var verið að grilla svínakjöt.**



Sýningin er bæði fyrir bændur og almenning og hér má sjá skemmtilega lausn fyrir fólk sem hefur áhuga á því að vera með hænur í bakgarðinum sínum. Hér er um hænsnakofa á hjólum að ræða og var hann einangraður og hentaði fyrir ólíkar veðurfarslegar aðstæður. Þessi heildarlausn kemur með öllu sem til þarf, nema hænunum sjálfum, bæði fóður- og vatnstrog, varpkassa og hvíldarsvæði.



Á sýningunni eru ótal sýnendur með búnað fyrir eigendur hrossa enda er eitt af stóru sýningarsvæðunum á Libramont nýtt fyrir keppni í hestaíþróttum. Hægt er að velja allt frá ódýrum og nokkuð hefðbundnum búnaði og upp í afar dýrar lausnir og þessar innréttingar frá belgíska fyrirtækinu Baudouin Decamps falla í þann flokk enda hvergi sparað við hönnun eða frágang eins og sjá má.



Allt er nú til segja e.t.v. einhverjir en göngu- og hlaupabretti eru ekki einungis fyrir fólk heldur ekki síður hesta. Þessi bretti eru sérstaklega hönnuð fyrir hesta enda þurfa þau að geta þolað töluvert álag.

VERKFÆRA SALAN

**Þessi frábæra kjötsög með hakkavél frá Dinamix er komin aftur**



Ryðfrítt vinnsluborð og bandsagarblað
Vinnsluhæð 240 mm
Vinnslubreidd 250 mm
Færanlegt vinnsluborð 470x600 mm
Hakkavél: Já
Mótor: 550 wött
Hæð: 1470 mm
Þyngd: 58 kg

**Verð aðeins kr. 69.900**

Verkfærasalan - Síðumúla 11 - Dalshrauni 13 - 560 8888 - www.vfs.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
**Næsta blað kemur út 7. september**



LESENDABÁS

# Blákaldur veruleikinn

## – Íslensk stjórnvöld eru vísvitandi og af ráðnum hug að leggja byggðir landsins í auðn

**Landbúnaðarkerfið, heilbrigðiskerfið, vegakerfið og menntakerfið eru í algjöru uppnámi.**

Sundurtætt og trosnuð eins og fyrirtækjaflögg í ofsaroki, þegar lítið er eftir til að blakta annað en stöngin og stagið með rifnum tjásujaðri sem emjar í fárviðrinu. Það er erfitt fyrir þá kynslóð síðustu aldar, sem lagði líf sitt og metnað í að byggja þessi kerfi upp svo til fyrirmyndar varð, landi og þjóð til sóma. Að sjá nú allt það ferli svívirt og fótum troðið af arðræningjum yfirvaldsins, er nú ræður hér ríkjum. Dregur sér fé úr sameiginlegum sjóðum samfélagsins og skilar engu aftur til framfara eða viðhalds og nýrra framkvæmda. Það sem enn er í orði kveðnu kallað lýðræði ríkis, kemur fram í einræði ráðherravals, flaksandi skrípadansi þingmanna á pöllum Alþingis og sjálftöku á hækkuðum launum úr ríkiskassanum. Að fyrirmynd þeirra sem þar fara með völd og eignir. Þaðan og frá forsprökkum verkalýðsforustunnar, fær launafólkið þau skilaboð að engar forsendur séu fyrir því að hækka laun þeirra í samræmi við hækkanir á húsaleigu eða í takt við annað verðlag í landinu. Þá fari allt efnahagskerfið í rúst.

Meðan launafólkið, máttarstoðir þjóðfélagsins og kjósendur þessarar háttlaunuðu yfirstéttar, lætur það yfir sig ganga, að þessir erindrekar þeirra og umboðsmenn um lýðræðislegt jafnræði og mannréttindi, misnotar þannig valdsvið sitt til vinnusvika á þeim vettvangi, verður ekki annað séð en stutt sé í hrun þessa þjóðfélags. Svo ormjetið og mygluskemmt sem það er orðið innanfrá af fúski og vanrækslu.

Landbúnaðurinn, matvælaframleiðslan, afurðir landsins, einskis metið, né vinna þess lýðs sem enn þrjóskast við að byggja þetta land, unna því, þiggja gjafir þess og leggja sig fram við að breyta þeim gjöfum í hágæða matvöru. Matvöru sem er undirstaðan að lífi og heilsu allra. Líka þeirra sem þjösnast nú mest við að leggja landbúnað í rúst, með skammsýni aurasálarinnar, sem ekkert sér nema seðla og glópagull. Og vísindum svokallaðra hagfræðinga, sem kafa nú ekki dýpra en það í samanburð og raunvísindi, að það nægir þeim að orða sína niðurstöðu og innlegg í málið, orðrétt þannig Vísir/GVA:

„Það er að segja ef þarna er að endurspeglast aukin hagkvæmni í þjónustu samanborið við vöruframleiðslu. Þetta er þróun sem við höfum séð í mörgum öðrum þjóðfélögum. Þar sem umfang framleiðslu á einhverjum sem þú getur látið detta ofan á tána á þér er að minnka og þetta óáþreifanlega, þjónusta, ferðaþjónusta, hótelþjónusta og svo framvegis er að aukast að umfangi. Þannig að þetta er í takt við það sem við sjáum í öðrum þjóðfélögum.“- segir Þórólfur. Og að:

„Íslenska ríkið sé að þessu leyti að verða líkara því sem gerist í þróuðustu löndum heims.“

Og ég verð að játa að ég skil ekki samhengið né speki prófessorsins.

En ég veit með vissu að þau lönd sem ekki geta sjálf framleitt sem mest af sínum matvörum, berjast alltaf í bökkum við að afla gjaldeyris til að flytja inn og borga þá vöru. Þannig er einmitt ástatt hér með viðskiptahalla og vöruskiptajöfnuð. Og þar sem að lega landsins getur líka torveldað vöruflutninga til og frá landi, auk þess að mengun fylgir óhjákvæmilega öllum slíkum flutningum, þá sér hver heilvita maður hagnaðinn af sjálfbærni í byggð og framleiðslu landsins alls. Þar er kjötframleiðsla og grænmeti þyngst á metum, með sín mörgu afleiddu störf.

Það skýtur því skökku við að nú skuli með slíku offorsi ráðist á kindakjötsframleiðendur, að strax í haust skuli framleiðsluverð til þeirra skert og skorið niður um 35%, eða langt niður fyrir útlagðan kostnað, fyrirvaralaust. Á meðan aðkeyptar vörur til framleiðslunnar hækka í verði og milliliðir halda sínum hlut.

Ósamræmið er himinhrópandi. Auk þess sem áður taldar samfélagsþjónustugreinar eru í kaldakoli um land allt, þá er sauðfjárræktin ein af mikilvægustu atvinnugreinum til að tengja saman byggðarlög og búsetu vítt og breitt um landið. Og margbreytileiki tækifæra til atvinnusköpunar tengda þeirri grein er alveg ónýttur á mörgum sviðum enn sem komið er.

Ljósi punkturinn í öllu þessu umróti og upplausn er að skynsamt ungt fólk og framsýnt, hér og þar um landið, er búið að koma auga á þessa möguleika og farið að reyna að koma undir sig fótum við þannig rekstur. Nægir þar að nefna bæi eins og Efstadal á Suðurlandi, Laugamýri í Skagafirði, og sem betur fer þannig marga hér og þar í öllum landsfjórðungum í sambandi við ferðaþjónustu o.fl. framtak sem hyggst byggja sinn rekstur að eins miklu leyti og hægt er á heimafengnum og nærtækum framleiðsluvörum úr heimabyggð, með sem minnstum flutningskostnaði.

Lambakjötið íslenska og nautakjötið ásamt grænmetinu, getur glatt margan ferðamanninn á þeirra ferð um landið, sé þeim gefinn kostur á að njóta á þann hátt, ásamt því að kynnast um leið íslenskri sveitamenningu og lífi fólks við skapandi aðstæður í náttúrulegu umhverfi. Enda er það áhugamál allflestra sem hingað leggja leið sína.

Meinið er að þetta hvorki sjá né skilja þeir sem nú ráða mestu um það hvert fjármagni til framkvæmda er beint og með hvaða kjörum. Á meðan ausið er fé í útlenda auðhringa til óafturkræfra spellvirkja hér á landi, skatta- og endurgjaldslaust. Þá er innlend framtakssemi og samfélagskerfi svelt og skattlagt með okurvöxtum.

Margra hæða hótel rísa eins og gorkúlur við höfn og torg í Reykjavík, en handa ungu fólki og eldra er ekki einu sinni kjallarahola laus og það litla sem losnar leigt eða selt á því okurverði að enginn launþegi getur klofið að borga þó hann gerist skuldaþræll æfilangt og út yfir gröf og dauða. Fátæktin gengur í arf.

Er nokkuð undarlegt, þó maður spyrji á hreinni íslensku: Hvað á þetta að ganga langt?

Ætlar fólkið í þessu landi að halda áfram að láta þetta yfir sig ganga? Samþykkja með þögn og afskiptaleysi að fámennur hópur fjárglæframanna komi hér á einræði ómennsks peningavalds með sama sniði og nú er að leggja í rúst lönd og myrða íbúa sinna eigin landa!

Er að gera heiminn að flóttamannabúðum eyðileggingar og haturs ómennskrar örvinglunar!

Ég skal aldrei trúa að mín menntaða og menningarríka þjóð eigi eftir að verða fórnarlamb slíkra óheillaafla.

En til þess að koma í veg fyrir slysin verður að fjarlægja slysagildrurnar. Ryðja nýjar brautir og loka ófærunum.

Þar er verk að vinna fyrir allt okkar unga og efnilega fólk, ásamt hinum sem eldri eru og reyndari.

*Skrifað í byrjun ágúst 2017*
***Guðríður B. Helgadóttir***

Vegagerð á Vestfjörðum:

# Brautryðjendurnir voru snillingar en eyðilögðu þeir landið?

**Upp úr síðari heimsstyrjöld hófst uppbygging nútíma vegakerfis á Vestfjörðum. Þá komu til sögunnar þeirra tíma nýtísku vélar, jarðýtur, vörubílar, gröfur og nefndu það bara. Flestar ættaðar frá Bandaríkjunum. En það var ekki nóg að eignast vélar og tæki. Það þurfti menn til að stjórna þessum græjum. Og menn sem lögðu á ráðin og kunnu að leiðbeina svo vel færi. Þessir menn voru brautryðjendur.**

Á ótrúlega skömmum tíma ruddu þeir brautir svo til að hverjum einasta bæ á Vestfjörðum. Það var torsótt vegagerð, mold, grjót og sandur í bland. Mörg afrek voru þar unnin í þjóðarþágu. Þeir fóru yfir mela og móa, ár og læki, fjallahlíðar og grundir, eftir fjörum og yfir firði, yfir fjöll, yfir skriður og fyrir nes. Og jafnvel í gegnum vestfirska skóga og kjörr. Þetta voru snillingar sem lögðu hönd á þennan plóg. En eyðilögðu þessir brautryðjendur landið?

### *Án vega hefðu Vestfirðir verið óbyggilegir*

Engu er líkara en fjöldi vestfirskra vega hafi verið greyptir í landið þegar landnámsmenn komu. Svo inngrónir eru þeir landslaginu í dag. Hvarvetna. Hefur einhver heyrt að þessir lífsnauðsynlegu vegir hafi eyðilagt vistkerfi Vestfjarða? Hafa þeir eyðilagt einhverja skóga? Og fjöll eða dali?

Auðvitað hafa verið lagðir hér vegir sem menn hafa ekki verið ánægðir með staðsetningu þeirra. Og komið hefur fyrir að gróið land hefur goldið þess. Þá hafa menn bara bölvað Vegagerðinni og lífið haldið áfram. En þetta eru undantekningarnar sem sanna regluna: Vestfirskir vegir voru almennt snilldarlega lagðir og bera höfundum sínum fagurt vitni. Og hafa komið Vestfirðingum að



**Þrír brautryðjendur. Þessir þrír menn hafa allir komið mikið við sögu vegagerðar á Vestfjörðum. Í raun og veru helgað þeim ævistarf sitt að miklu leyti. Frá vinstri: Gunnar G. Sigurðsson frá Ketilseyri. Hann er einn af þessum ómissandi mönnum í dag í sambandi við vegina hér vestra. Elís Kjaran Friðfinnsson frá Kjaransstöðum, en þar var hann einnig bóndi lengi. Elís lést 2008. Guðmundur Steinarr Gunnarsson frá Valþjófsdal í Önundarfirði. Guðmundur starfaði lengi sem vörubifreiðarstjóri og flutti þá mikið af möl í hinar vestfirsku akbrautir. Síðar var hann lengi í ábyrgðarmiklum stjórnunarstöðum hjá Vegagerðinni. Í baksýn er vegurinn hans Ella í Hrafnholum undir Helgafelli í Dýrafirði. Svo er að sjá sem vegurinn hafi alltaf verið þarna. Mynd / H. S.**

ótrúlega góðum notum. Hvernig hefðu Vestfirðir verið án vega? Óbyggilegir. Þarf ekki annað en líta til Hornstranda í þeim efnum. Það voru snillingar sem lögðu hönd á hinn vestfirska vegagerðarplóg.

Brautryðjandinn Elís Kjaran sagði eitt sinn að margir teldu að hann væri að eyðileggja landið og náttúruna með því að ryðja þessa vegi sína og troðninga. Hann svaraði því til, að náttúran sjálf væri alltaf að breyta landslaginu. Daglega sagði Elli og þarf ekki vitnanna við.

### *Hundrað sinnum Teigsskógur!*

Það sem hér er sagt um vestfirska vegi, blasir við öllum sem um þá fara. Því óskiljanlegra verður að telja ruglið með Teigsskóg í Gufudalshreppi. Akfær vegur var lagður þar í sveit um og upp úr 1950. Hvers vegna ekki má leggja nýjan veg þar um slóðir í stað gamla moldarvegarins er óskiljanlegt öllu venjulegu fólki. Þar er Vestfjörðum haldið í spennitreyju af einhverjum spekingum, í stofnunum sem sumar lifa fyrir sjálfar sig. Þó spakir séu hafa þeir ekki gáfur til að sjá að búið er að leggja vegi vítt og breitt um alla Vestfirði á að minnsta kosti 100 sambærilegum stöðum eins og Teigskjarrið er. Engir meinbugir þar á. Náttúran alveg söm við sig eftir því sem séð verður. Eru Vestfirðingar dauðir úr öllum æðum að láta þetta Teigsskógsrugl endalaust yfir sig ganga? Með öðrum orðum: Eiga einhverjir strákar, sem aldrei hafa komið austur fyrir Elliðaár, að stjórna því leynt og ljóst hvernig Vestfirðingar haga sínum málum?

### *Að umgangast landið á réttan hátt*

Vitanlega verðum við að fara varlega í umgengni við landið okkar. Sýna því fulla tillitssemi og nærgætni. Ekki síst okkar sjálfra vegna. Um það eru flestir sammála í dag sem betur fer. Sá breytti hugsunarháttur er mörgum að þakka, til dæmis öðlingum eins og Ómari Þ. Ragnarssyni. En það er ekki þar með sagt að við eigum bara að horfa á Ísland farsælda Frón. Við þurfum að nýta það á réttan hátt. Svo sagði Vestfirðingur að nafni Jón Sigurðsson.

***Hallgrímur Sveinsson,***
***Guðmundur Ingvarsson,***
***Bjarni G. Einarsson***

Bændablaðið
BÆNDABLAÐIÐ MÆLIST MEÐ 43,5% LESTUR Á LANDSBYGGÐINNI
Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 7. september

## Fóðurefnagreiningar:

# Rétt fóðrun byggir á að þekkja gróffóðurgæðin



Gunnar Guðmundsson
verkefnisstjóri
hjá RML
gg@rml.is

**Gróffóður er grundvöllur búvöruframleiðslu af nautgripum og sauðfé hér á landi. Skynsamleg og markviss framleiðsla þessara búgreina m.t.t. afurða og heilbrigðis byggir á því að þekkja gróffóðurgæðin, hvort heldur orkuinnihald / meltanleika, próteinmagn og gæði eða stein- og snefilefnainnihald.**

Gróandinn í vor var með því hagstæðasta sem gerist, nánast um allt land, og grasþroskinn því óvenju snemma á ferðinni. Helstu vaxtarþættir jarðargróðurs, – raki, varmi og næring voru með ákjósanlegasta móti. Algengasta viðmið um heppilegan sláttutíma túngrasa; - **við byrjun skriðs á vallarfoxgrasi** – til þess að ná hámarks fóðurgæðum, kann því að hafa verið seinna á ferðinni en hinn raunverulegi grasþroski.

Þrátt fyrir þessar jákvæðu ytri aðstæður og fremur hagstæða heyskapartíð – á stórum hluta landsins – er samt sem áður rík ástæða til þess að afla upplýsinga um gæði gróffóðursins og alls ekki ástæða til að draga úr eða sleppa því að taka heysýni til efnagreininga.

*Efnagreiningaþjónusta samningur við EUROFINS / BLGG í Hollandi*

Undanfarin fjögur ár hefur **Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins**, boðið bændum um allt land að taka heysýni og senda til efnagreininga, gegnum þjónustusamning við hollenska efnagreiningaog rannsóknafyrirtækið **BLGG AgroXpertus AB** í Wageningen í Hollandi. Nýir eigendur (**EUROFINS Agro**) hafa nú yfirtekið reksturinn – en engar breytingar verða á þjónustunni. Almenn ánægja hefur verið meðal bænda með þessa þjónustu, en samningurinn tryggir mjög víðtæka, hraðvirka efnagreiningaþjónustu, á hagstæðu verði og sem er í fullu samræmi við þarfir norræna fóðurmatskerfisins Norfór. Samskiptaaðili um þjónustuna er sérstök umboðsskrifstofa; - **Eurofins Agro Testing Sweden AB**, sem staðsett er í Kristianstad í Svíþjóð. Við njótum sömu kjara og þjónustu í efnagreiningum og sænskir bændur.

Við hjá RML leggjum áherslu á **að greina fóðursýni úr verkuðu fóðri**, – rúlluböggum eða heystæðum eftir a.m.k. 5 til 6 vikna verkun. Ráðunautar RML, víðs vegar um land, munu annast heysýnatöku – með þar til gerðum sýnatökubúnaði – og sjá um að safna sýnunum saman til sendingar. **Ráðunautarnir sjá einnig um að túlka niðurstöðurnar, fyrir þá bændur sem þess óska.** RML annast og ábyrgist greiðslu á greiningarkostnaði og innheimtir síðan kostnaðinn hjá bændum.

Fjölþættar og greinargóðar upplýsingar um heyfóðrið geta einnig nýst til markvissari áburðarnotkunar og áburðaráætlanagerðar og ekki síður til þess að meta og skipuleggja endurræktun túna.

*Afhendingartími niðurstaðna:*

Samkvæmt samningnum er stefnt að því að skila niðurstöðum innan 10 vinnudaga frá því sýni berst til greiningar. Ef til viðbótar venjulegri fóðurefnagreiningu eru greind bæði snefilefni (samtals 14 efni) og að auki rokgjarnar, lífrænar sýrur (mjólkur- edik- og smjörsýra) er afhendingarfresturinn hins vegar eitthvað lengri. Bóndinn getur valið um hvort niðurstöðurnar berist honum á rafrænu formi (með tölvupósti) eða fá þær sendar með landpósti. Niðurstöðurnar eru einnig lesnar beint inn í norræna fóðurmatskerfið NorFor (FAS) um leið og þær liggja fyrir og eru þá þegar aðgengilegar og tilbúnar til vinnslu fóðuráætlana í ráðgjafarverkfærinu; **TINEOptifor-Island.**

## Ráðgjöf vegna fóðuráætlanagerðar og efnagreiningar

| Nafn | Sími | Þjónustusvæði | Netfang |
|---|---|---|---|
| Baldur Örn Samúelsson | 516-5020 | Vesturland | baldur@rml.is |
| Guðfinna L. Hávarðardóttir | 516-5067 | Norðurland vestra | glh@rml.is |
| Harpa Birgisdóttir | 516-5048 | Norðurland vestra | harpa@rml.is |
| Eiríkur Loftsson | 516-5012 | Skagafjörður | el@rml.is |
| Sigurlína E. Magnúsdóttir | 516-5046 | Skagafjörður | sigurlina@rml.is |
| Berglind Ósk Óðinsdóttir | 516-5009 | Norðurland eystra | boo@rml.is |
| Elín Nolsöe Grethardsdottir | 516-5066 | Norðurland eystra | elin@rml.is |
| Steinunn A Halldórsdóttir | 516-5045 | Norðurland eystra | sah@rml.is |
| Anna Lóa Sveinsdóttir | 516-5006 | Austurland | als@rml.is |
| Jóna Þórunn Ragnarsdóttir | 516-5029 | Suðurland | jona@rml.is |
| Hjalti Sigurðsson | 516-5072 | Suðurland | hjalti@rml.is |
| Gunnar Guðmundsson | 516-5022 | Vesturland / Vestfirðir | gg@rml.is |

*Sauðfjárbændur eru sérstaklega hvattir til að láta efnagreina sitt heyfóður!*

Eins og á liðnu ári er ástæða til að hvetja sauðfjárbændur til að láta efnagreina sín hey. Markviss fóðrun búfjár byggist á upplýsingum um efnainnihald fóðursins sem gefið er.

*Verð á efnagreiningum:*

Upplýsingar um greiningarkostnað liggja fyrir í sænskum krónum (SEK) en endanlegt verð í íslenskum krónum er að sjálfsögðu háð gengisbreytingum. Sem dæmi má gera ráð fyrir eftirtöldum greiningarkostnaði á sýni eftir því hvað greint er (verðdæmin miðast við kaupgengi SEK 18. ágúst 2017 (1 SEK = 13,2 IKR) og eru án virðisauka).

1. Gras- og hirðingarsýni, fóðurefnagreining, án steinefna kr. 5.400 til 5.600
2. Gras- og hirðingarsýni, fóðurefnagreining, + 10 stein- og snefilefni kr. 7.900 til 8.100
3. Vothey, fóðurefnagreining án steinefna kr. 8.000 til 8.200
4. Vothey, fóðurefnagreining, + 10 stein- og snefilefni kr. 10 500 til 10.700
5. Vothey, fóðurefnagreining, + 14 stein- og snefilefni kr. 15.400 til 15.600
6. Heilsæði, fóðurefnagreining + 10 stein- og snefilefni kr. 11.300 til 11.500
7. Korn, fóðurefnagreining, + 10 stein- og snefilefni kr. 9.100 til 9.300

*Hvert geta bændur snúið sér?*

Við hvetjum alla bændur; – kúabændur, sauðfjárbændur, hrossabændur, – til þess að kynna sér þessa mikilvægu þjónustu og nýta sér hana. Þær upplýsingar sem fást gegnum fóðurefnagreiningar nýtast ekki eingöngu varðandi fóðrun heldur ekki síður við ákvörðun á áburðargjöf.

Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í fóðuráætlanagerð fyrir mjólkurkýr með NorFor kerfinu, – eða fóðurráðgjöf / fóðuráætlanagerð fyrir sauðfé og jafnframt nýta sér efnagreiningarþjónustu samkvæmt samningi RML og Eurofins / BLGG, vinsamlega hafi samband við einhvern af ráðgjöfum RML í töflunni hér að ofan.


ER BARNIÐ ÖRUGGT Á ÞÍNU BÚI?

**Börn eiga ekki að leika sér í dráttarvélum eða í kringum þær. Það getur reynst lífshættulegur leikur.**

Landbúnaðurinn er frábrugðinn mörgum öðrum atvinnugreinum að því leyti að býlið er jafnframt heimili fjölskyldunnar. Þannig er vinnustaður bóndans oft á tíðum leikvöllur barnanna á sama tíma.

*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* **bondi.is**



Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

PORT hönnun



## Styrkir til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripa- og sauðfjárrækt

**Framleiðnisjóður landbúnaðarins** auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripa- og sauðfjárrækt samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1240/2016.

**Í nautgriparækt** eru þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska nautgriparækt og fela í sér rannsóknir og þróunarverkefni.

**Í sauðfjárrækt** eru hver þau verkefni styrkhæf sem talin eru styrkja íslenska sauðfjárrækt og falla undir það að vera kennsla, rannsóknir, leiðbeiningar og/eða þróun í sauðfjárrækt.

**Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:**

a) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnisins, þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru hér að ofan og hvernig það gagnast viðkomandi búgrein að öðru leyti.
b) Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu.
c) Tímaáætlun verkefnisins.
d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
e) Hvar og hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

**Umsóknarfrestur er til 1. október n.k.**

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á **www.fl.is/þróunarfé**. Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna.

**Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: Umsókn um þróunarfé.**

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri **Framleiðnisjóðs landbúnaðarins** hjá **thorhildur@fl.is.**

*Framleiðnisjóður landbúnaðarins*
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes
Sími 430-4300

VÉLABÁSINN

# Nýr Renault Captur með 120 hestafla bensínvél



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Fyrir réttum tveimur árum (fimmtudaginn 13. ágúst 2015) prófaði ég og skrifaði um Renault Captur dísil með 90 hestafla dísilvél. Þá var mér tjáð af sölumanni BL að væntanlegur væri Captur með bensínvél sem ætti að vera töluvert kraftmeiri. Nú er bíllinn kominn og ég prófaði hann fyrir skömmu og varð ekki fyrir vonbrigðum með útlitsbreytingar og kraft.**

Fyrri bíllinn fannst mér vera eins og ég orðaði það; „hár að aftan, niðurlútur að framan og númeraplatan eins og ýtutönn sem væri næstum niðri á snjómoksturstæki.“

*Útlitsbreytingar taka sig vel út á nýja bílnum*

Í nýja bílnum er búið að færa númerafestinguna ofar sem gefur framendanum upplyftingu. Einnig eru dagljósin að framan orðin skærari, lýsa betur og það besta er að nú er bíllinn með kveikt á ökuljósunum að framan. Ég hef aldrei skilið af hverju bílar sem eru bara með dagljós að framan eru einfaldlega leyfðir í umferð þar sem lög kveða á um að ljósaskylda sé allan hringinn. Ég efa að kvörtun mín á varadekksleysi fyrri bílsins hafi orðið til þess að nú er komið varadekk í Captur, enda býður íslenskt vegakerfi ekki upp á að aka um án varadekks.

*Stórlækkað verð*

Fyrir tveim árum kostaði ódýrasti Capturinn 3.490.000 og sá dýrasti 3.790.000, en nú er ódýrasti dísilbíllinn á 2.890.000 og dýrasti dísilbíllinn á 3.190.000, en bensínbíllinn sem prófaður var kostar 3.390.000.

Að flestu leyti eru bílarnir eins, en að keyra bílana er mikill munur á krafti og snerpu. Svona lítill og léttur bíll með 120 hestafla vél hreinlega stekkur af stað þegar botnað er úr kyrrstöðu. Þó finnst mér heldur minna pláss til að skipta um perur og annað í nýja bílnum þó að útlitið ofan í vélarsalinn sé nánast það sama. Sennilega eru bara mínar hendur orðnar gamlar og bólgnar.

*Uppgefin eyðsla 5,5 lítrar*

Uppgefin eyðsla af bensíni í blönduðum akstri er 5,5 lítrar á hundraðið, en ég náði bílnum ekki neðar en í 7,8 lítra á hundraðið á þessum tæpu 90 kílómetrum sem ég ók í blönduðum akstri. Annars var ég ánægður með bílinn, allar breytingar sem ég fann á milli bíla voru til hins betra og pláss fyrir farþega gott, sæti þægileg, en farangursrýmið er enn í minna lagi.

Litaval á Captur er mikið og telst mér til að hægt sé að fá bílinn í 14 mismunandi litum. Eins og í mörgum bílum sem ég hef prófað þá er ég ekki hrifinn af stórum felgum með dekk sem hafa lágan prófíl. Ef ég sé möguleika á að minnka felgur þá mæli ég hiklaust með því þar sem belgmeiri dekk eru bæði ódýrari og gefa mun betri fjöðrun á veturna og malarvegum.

Eftir að hafa skoðað pláss á þessum bíl tel ég líklegt að hægt sé að minnka felgurnar niður í 15" úr 17", en allavega komast 16" felgur auðveldlega undir bílinn.

Lokaorð mín eru: Finn bíll á góðu verði, en nánar er hægt að fræðast um bílinn á vefsíðu Bl á slóðinni www.bl.is .




Renault Captur með 1200 rúmsentimetra bensínvél. Myndir / HLJ




Mun reisulegri með númeraplötuna svona hærra uppi.




Stór framför að nú kveikir dagljósabúnaðurinn allan hringinn.



Gamla og nýja hönnunin mætast, og öllu háreistari sá nýi.



Ný, skær og falleg dagljós komin á bílinn.

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Hæð | 1.566 mm |
| Breidd | 1.778 mm |
| Lengd | 4.122 mm |



Ánægður með að það sé komið varadekk í Captur.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Ertu rétt klædd/ur til fjallaferða?

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



**Í síðustu viku ók ég Sprengisandsleið og tók samlokustopp í Nýjadal og sá þá að snjóað hafði í hæstu fjöll í nágrenninu. Þessi sýn minnti mig á að það er að koma haust með tilfallandi haustverkum.**

Síðustu tvö ár hefur megnið af eftirfarandi texta komið hér í þessum pistli þar sem sérstaklega er verið að benda væntanlegum smölum á að klæða sig rétt við leitir. Svo vitnað sé til orðalags í bókina Ferðamennska og rötun sem gefin var út af Slysavarnafélaginu Landsbjörg þar sem farið var yfir hentug föt til útivistar, segir þar nokkurn veginn orðrétt:

„Engin bómull ætti að fara með til fjalla, gallabuxur, bolir, nærföt og sokkar úr bómullarefni eiga ekkert erindi á fjöll, bómullarföt halda verst hita ef þau blotna, bómull dregur í sig raka og einangrar þá ekkert.“

Til er mikið af góðum fatnaði og sokkum sem einangra vel, jafnvel þó blaut séu.



**Sindri er til fyrirmyndar við smalamennsku með hjálm og í áberandi klæðnaði. Ég náði mynd af honum þegar verið var að laga skeifu undir hesti hans, með mínum orðum umfelgun á grasmótor.**

### *Íslensku ullarfötin standa alltaf fyrir sínu*

Góð ullarnærföt standa alltaf fyrir sínu og ekki er mikil svitalykt af ullarfötum. Regnfötin eru ómissandi, en endilega notið sem mest áberandi regnföt því þegar regnfata er þörf er almennt ekki gott skyggni og betra að vera í appelsínugulu regnfötunum frá 66°N sem sjást svo vel. Sokkar og skófatnaður er jafn breytilegur og úrvalið mikið.

Þegar maður er blautur og kaldur á fótunum er manni alls staðar kalt og því mikil nauðsyn að vera vel útbúinn til fóta. Flóran í góðum sokkum er mikil, en mér hefur reynst vel sokkar úr efni sem heitir neopren, sama efni og er í blautbúningum kafara. Ókosturinn við þessa sokka er að eftir nokkra daga notkun í röð er lyktin af þeim frekar mikið vond, svo vond í mínum sokkum að lykt af skötu og hákarli bliknar við sokkalyktina á degi 4–5 í blautri mótorhjólaferð.

Þótt maður blotni í neopren sokkum verður manni ekki kalt, en svona sokkar fást m.a. í veiðibúðum. Ullarsokkar úr hreinni íslenskri ull eru alltaf gulls ígildi. Margir eru farnir að nota sokka sem nefnast selskinnssokkar og eru vatnsheldir og mjög hlýir.

### *Aldrei fara á fjöll nema með auka sokka og auka vettlinga*

Misjafnt er hvernig menn búa sig til fjallaferða og oft fer ég hálendisdagsferðir á minni mótormeri, þá eru alltaf a.m.k. tvenn aukasokkapör, aukavettlingar og það nýjasta í bakpokanum er síðu upphituðu nærbuxurnar og fullhlaðin rafhlaða sem ég skrifaði um í fyrrasumar. Aldrei fer ég án litla sjúkrapakkans, hann fylgir mér í allar fjallaferðir.

Ég hef kynnst því að detta illa á hausinn, en mín verstu meiðsli urðu á hægari ferð en margur smalahesturinn nær. Alltof oft sér maður hestamenn hjálmlausa í smölun og smala á fjórhjóli án hjálms.

Förum jákvæð inn í smalamennskuna þetta árið með öryggið í fyrirrúmi og notum þann öryggisbúnað sem völ er á, það er svo leiðinlegt að heyra fréttir af slysum við smalamennsku. Nýjasta leynivopn mitt fæst í ýmsum útivistarvörubúðum og eru nokkrir pakkar af tá-, vettlinga- og búkhiturum sem gott er að setja í skó, vettlinga og á búk ef allt verður blautt. Þessir hitaplattar gefa ágætis hita í nokkra klukkutíma. Megi smalamennskan ganga vel og góða skemmtun til fjalla.

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla
Frí heimsending um allt land
Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ÁSCO

BRIGGS & STRATTON®
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

## KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: REMI JOUAN (CC BY-SA 3.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 67 | FUGL | BLÆR | ÁÞEKKUR | SJÚKDÓMUR | ÞVOGL | ■ | SIÐA | UPP | ÞVAÐRA | MEGIN |
| | | | | MELMI | | | | | | | | | | |
| | | | | ÞÍÐA | | | | | | TEGUND / DÆLD | | | | |
| | | | | ALDUR | | | | FLETTA / TRUFLA | | | | | | |
| | | | | RÓTA / ÆTTARSETUR | | | | | | | KRAFTUR / BÓLA | | | |
| ■ | ↓ | KOMUST | ÓÁLITLEGRI / FRÁ | | | | | | ELSKA / MJAKA | | | | | NAG |
| YNDIS | | | | | | MJÓLKURVARA | FÁLMA / AÐ | | | | | HLÝJA | AFFERMING | |
| RANGLA | | | | | ÁREYNSLA / ÓVILJANDI | | | | | TARFUR / FLOT | | | | |
| TVEIR EINS | | | LÚKA / NÁÐHÚS | | | | | MISGERÐ / VÉLUN | | | | | | |
| UMFRAM | | | | LANGAR / NÆÐA | | | | | JAFNT / PÍLVIÐUR | | | | | FLOKKA |
| ■ | | SEYTLAR / FJÖLDI | | | | | LÍFSHLAUP / FISKA | | | | FOR / SKRAMBI | | | |
| RAUST | | | | | | TELJA | | | | | | ÁTT / ÓHRÓÐUR | | |
| FÍFLAST | | | | | | BÚINN / Í RÖÐ | | | | | | | SKÓLI | |
| KROPP | | | | | FUGL | | | | | HRINGJA | | | | |
| ANGAÐI | | | | | | | KEMBA | | | | | | | ■ |

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: SUNEKO (CC BY-SA 2.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 66 | MINNKA | NAFNBÆTUR | MJÓLKURAFURÐ | Í RÖÐ | MÁTTUR | ■ | TUNNU | GÁLEYSI | NEÐAN VIÐ | ÍÞRÓTT |
| | | | | FUGL | S | T | O | R | M | M | Á | V | U | R |
| | | | | TAPA | M | I | S | S | A | EGGJA / GÖNGULAG | M | A | N | A |
| | | | | FRÆNDBÁLKUR | Æ | T | T | FOLD / MEN | G | R | U | N | D | L |
| | | | | KLAUFI / BAND | K | L | U | N | N | I | GLJÚFUR / SKRAUTSTEINN | G | I | L |
| ■ | ↓ | MATREIÐA | FJÖLDI / TVEIR EINS | S | K | A | R | I | JARÐSPRUNGUR / FÆDDI | G | J | Á | R | ÁLAG |
| GJAMMA | G | E | L | T | A | LJÓMA | JAFNINGUR / ÓTTI | S | Ó | S | A | VIÐARTEGUND | ÁVÖXTUR | O |
| SLÆMA | I | L | L | A | GLUNDUR / UTAN | G | U | T | L | EINING / ÁTT | S | T | A | K |
| Í RÖÐ | B | D | HANGI / KYLFA | G | Á | L | G | I | VÍSDÓMUR / ÞESSA | S | P | E | K | I |
| HRYGGUR | B | A | K | NÆGILEGT / STEFNA | N | Ó | G | HÖRFA / GORTAR | H | V | I | K | A | KVEÐJA |
| ■ | O | SAMÞYKKI / INNILEIKUR | J | Á | SKYNFÆRI / KROPP | A | U | G | A | LISTI / ÓSKERT | S | K | R | Á |
| YNDI | N | A | U | T | N | RÖÐ / AUR | R | U | N | A | BLUND | ÁTT / SKEL | N | V |
| ÆTÍÐ | A | L | L | T | A | F | ELDA / GYLTU | M | A | L | L | A | KRINGUM | A |
| ERFIÐI | P | Ú | L | SVAKA | R | O | S | A | HORN | L | Ú | Ð | U | R |
| RÖST | I | Ð | A | DYGGUR | T | R | Ú | R | TRAÐK | T | R | A | M | P |

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

## Bærinn okkar




# Hrafnkelsstaðir



**Ábúendurnir á Hrafnkelsstöðum fluttu á jörðina árið 1990 en þá var hún í eigu ríkisins. Hófst þá uppbygging á svæðinu og var jörðin keypt nokkrum árum seinna.**

Árið 2007 hófst svo ferðaþjónustan hjá fjölskylduni ásamt því að Karl sinnti starfi sínu sem landpóstur. Reiðhöllin reis svo árið 2008 og hefur nýst vel fyrir tamningar yfir vetrartímann.

Mikill uppgangur hefur verið í ferðaþjónustunni síðustu ár og árið 2012 reis nýtt hús til að sinna henni. Þar er gisti- og salernispláss fyrir átta manns auk eldhúss, matsalar og setustofu.

**Býli:** Hrafnkelsstaðir.

**Staðsett í sveit:** Á Mýrum í Borgarfirði.

**Ábúendur:** Bóndinn Karl Heiðar Valsson og eiginkonan Monika Kimpfler.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Fjölskyldan á þessum bæ eru fimm talsins. Hjónin Karl og Monika og börnin þeirra þrjú, Heiðar Ernest, Lára María og Úrsúla Hanna.

Gæludýr á bænum er þónokkur, hundarnir fimm sem taka mismikinn þátt í búskapnum en flestum þeirra finnst gott að liggja inni á meðan tveir af þeim eru úti að vinna. Einnig eru nokkrir kettir á bænum.

**Stærð jarðar?** Um 800 hektarar.

**Gerð bús?** Erum ferðaþjónustubú og stundum einnig hrossarækt og tamningar.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Á bænum eru um 150 hross, sjö geitur, nokkrar kindur, átta landnámshænur og svínin Babe, Berta og Barbie.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Á veturna vaknar heimilisfólkið klukkan átta. Kalli fer í póstferð en hann starfar sem landpóstur ásamt því að sinna búinu. Monika fer út í hesthúsið, eftir stuttan morgunverð og tvo kaffibolla, til að moka, gefa og temja til hádegis. Sama er upp á teningnum eftir hádegi fram að kvöldgjöfinni sem er í kringum klukkan sex. Kalli kemur síðan úr póstferð og þá er kvöldmatur.

Á sumrin hefst dagurinn á því að undirbúa morgunverð fyrir gesti. Eftir morgunverðinn þarf að smala hrossum fyrir fyrri reiðtúr dagsins en þegar því er lokið þá er farið með gesti í reiðtúr fram að hádegismat. Eftir mat er síðan farið í síðdegisreiðtúr eða stuttar skoðunarferðir um nærsveitir sem endar svo á kvöldverði. Eftir kvöldmat er farið yfir skipulag næstu daga.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Það er til svo margt skemmtilegt við bústörfin að ekki er hægt að velja bara eitt en leiðinlegustu störfin eru að þurfa að rétta af girðingarstaura á hverju vori eftir leysingar og festast í drullu á vormánuðum sem síðan berst út um allt. En þetta er víst eithvað sem fylgir því að búa í mýri.



**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Svipað, kannski að það verði aðeins færri unghross á bænum og yngra fólkið, Lára Maria og tengdasonurinn Jóakim, séu komin meira inn í bústörfin og inn í ferðaþjónustuna.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Ágætlega ef vel er haldið um taumana með innflutning búvarnings.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Við teljum helstu tækifærin vera að markaðssetja íslenska vöru sem gæðavöru og sýna fram á að hún sé betri en hver önnur fjöldaframleidd vara.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Brauð, ostur, mjólk, kjötálegg og skyr.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lambalæri með brúnuðum kartöflum og rabarbarasultu.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar heimislisfrúin keyrði splunkunýja traktorsvélina út í skurð.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Nautalund með hvítlauks- og kryddjurtasmjöri og regnboga tómatsalat





**Mörg kryddjurtabeðin skarta sínu allra besta um þessar mundir og eins er úrval ferskra kryddjurta gott í betri verslunum.**

Þá er um að gera að nýta þessar gersemar almennilega og vel er við hæfi að nota þær með úrvals nautakjöti, „filet mignon“.

### Pönnusteikt nautasteik „filet mignon“ með hvítlauks- og kryddjurtasmjöri

- Fjórar nautalundir skornar í 180–200 gramma steikur.
- 20 ml ólífuolía
- 20 g smjör
- Salt og pipar eftir smekk

### Hvítlauks- og kryddjurtasmjör

- ½ stk. smjör
- 1 msk. saxað ferskt rósmarín
- 1 msk. ferskt extragon
- ½ msk. hvítlaukur saxaður

### Fyrir kryddjurtasmjör:

Settu smjörið í örstutt í örbylgjuofn þar til það er auðvinnanlegt, eða í 10–15 sekúndur.

Hrærið kryddjurtum og hvítlauk saman þar til allt er alveg blandað saman.

Setjið smjörið á pappír eða álfilmuna af smjörinu og reynið svo að endurmóta það, þar til það líkist stöku smjörstykki. Setjið í kæli í um tíu mínútur og takið það svo út fimm mínútum áður en það er borið fram með kjötinu.

### Fyrir nautasteikurnar:

Forhitið ofninn í 200 gráður. Takið steikina úr ísskápnum 30 mínútum fyrir eldun. Það er gert til þess að hún nái stofuhita og líklegra sé að matreiðslutíminn verði nákvæmur. Kryddið á báðum hliðum með salti og pipar.

Látið pönnuna hitna mjög vel. Bætið ólífuolíunni og smjörinu á hana.

Setjið nautasteikurnar á pönnuna í tvær mínútur á hvorri hlið. Pönnusteikingin gefur steikunum fallegan lit.

Setjið steikurnar beint í ofninn. Varið ykkur á því að handfangið getur verið brennandi heitt þegar það kemur úr ofni. Notið ofnvettlinga og ofnfasta pönnu eða fat. Fyrir miðlungs mikið eldað kjöt, hafið það í 4–5 mínútur í ofninum. Meira eldað í 5–6 mínútur og vel eldað 6–7 mínútur. En það fer eftir þykkt. Gott er að nota kjöthitamæli. Látið kjötið svo hvíla í fimm mínútur áður en steikurnar eru bornar fram. Það er mikilvægt að steikin nái réttum kjarnhita. Framreiðið með sneið af hvítlauks- og kryddjurtasmjöri.

### Regnboga tómatsalat

Notið tómata í mismunandi litum, stærðum og gerðum og stráið með basil til að gefa þessu salati sérstakan glæsileika og bragð.

- 500 g þroskaðir tómatar af ýmsum litum, stærðum og gerðum við stofuhita
- Sjávarsalt til að krydda með
- 2 tsk. balsamic-edik
- Kaldpressuð ólífuolía
- Fersk basilikublöð

*Aðferð*

Skerið tómatana og setjið á fat og kryddið með salti og smá pipar.

Ediki og olíu er dreift yfir ásamt basiliku.

Borið fram með kjötinu eða sem létt salat.



### Amerískar pönnukökur

Þetta eru þessar þykku, svampkenndu amerísku pönnukökur sem oft eru borðaðar með heitu hlynsírópi og stökku beikoni.

- 1 msk. lyftiduft
- 1 klípa af salti
- 1 tsk. hvítur sykur
- 2 stór egg (léttþeytt)
- 30 g smjör (brætt og kælt)
- 300 ml mjólk
- 225 g hveiti
- Smjör til steikingar

*Aðferð*

Auðveldasta leiðin til að gera þetta er að setja allt hráefni í matvinnslu og vinna þetta þannig saman. En ef þið blandið öllu saman með þeytara í skál, blandið þá fyrst saman hveiti, lyftidufti, salti og sykri. Sláið eggjum, bræddu smjöri og mjólk saman og setjið í könnu ásamt þurrefnunum. Það er miklu auðveldara að hella á pönnu en að nota skeið.

Hitið slétta pönnu á eldavélinni.

Þegar þú eldar pönnukökurnar er allt sem þú þarft að muna að þegar efri hlið pönnunnar er komin með eldaðar loftbólur þá er kominn tími til að elda hina hliðina – og þetta þarf aðeins um eina mínútu ef það er réttur hiti á pönnunni.

Berið fram með meðlæti að eigin vali.

## Hannyrðahornið



# Tindur

**Heklað zik zak teppi með fastapinnum.**

Þetta munstur er gömul klassík sem ófáar ömmur hafa heklað í gegnum árin. Eftir að hafa séð ótal mörg teppi með þessu fallega munstri ákvað ég að ég yrði að hekla eitt sjálf. Þegar ég fór að leita að uppskriftinni fann ég hana hvergi á íslensku, en fann fullt af bloggsíðum þar sem uppskriftin var á ensku. Því fannst mér tilvalið að þýða uppskriftina og skella henni í Bændablaðið. Þannig geta allir þeir heklarar sem vilja notið góðs af þessari einföldu og skemmtilegu uppskrift.

*Heklkveðjur,*
*mæðgurnar í Handverkskúnst*

**Garn:** Drops Merino Extra Fine fæst hjá Handverkskúnst, www.garn.is

Ljós beige nr. 08, 200 gr.

Bleikur nr. 33, 150 gr.

Sinnep nr. 30, 150 gr.

Gráblár nr. 23, 150 gr.

**Heklunál:** 4,5 mm

**Skammstafanir á hekli:**

sl. = sleppa

L = lykkja

FP = fastapinni

Fitjið upp 180 lykkjur, gott er að nota stærri heklunál þegar fitjað er upp.

Til þess að breikka teppið bætið við 25 L.

1. umf: Heklið 1 FP í aðra L frá nálinni, 1 FP í næstu L, *sl. 1 L, 1 FP í næstu 11 L, 3 FP í næstu L, 1 FP í næstu 11 L, sl. 1 L*, endurtakið frá * að * 6 sinnum til viðbótar, heklið 1 FP í síðustu 2 L.

Hér eftir er aðeins heklað í aftari hluta lykkjunnar, með því að gera það myndast þessi upphleypta áferð.

2. umf: Heklið 1 LL, 1 FP í fyrstu 2 L, *sl. 1 L, 1 FP í næstu 11 L, 3 FP í næstu L, 1 FP í næstu 11 L, sl. 1 L*, endurtakið frá * að * 6 sinnum til viðbótar, heklið 1 FP í síðustu 2 L.

Endurtakið 2. umferð þar til teppið er orðið 136 umferðir, eða hefur náð æskilegri lengd.

Í teppinu á myndinni eru heklaðar 8 umferðir í hverjum lit.







**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 6 | | 4 | 8 | | | 7 |
| | | 4 | 2 | | 3 | | 6 | |
| | 3 | 8 | 7 | | | 4 | | 5 |
| | | 7 | | 2 | | | 4 | 1 |
| | 2 | | 8 | 1 | 7 | | 9 | |
| 8 | 6 | | | 9 | | 5 | | |
| 1 | | 3 | | | 6 | 7 | 2 | |
| | 8 | | 9 | | 1 | 3 | | |
| 5 | | | 4 | 3 | | 1 | | 6 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 4 | | 5 | | 6 | 2 | |
| | | | 1 | | | | | 4 |
| 7 | 3 | | | 6 | 2 | | 9 | |
| 8 | 6 | 2 | | | 4 | 7 | | |
| | | 1 | | | | 5 | | |
| | | 7 | 8 | | | 4 | 3 | 6 |
| | 8 | | 7 | 4 | | | 5 | 1 |
| 2 | | | | | 3 | | | |
| | 7 | 9 | | 1 | | 8 | 6 | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | | | 6 | | | 3 | 2 |
| | | 5 | | | | 4 | | |
| | | 8 | 4 | | 7 | 1 | | |
| | 8 | | | 4 | | | 5 | |
| | | | 1 | | 6 | | | |
| | 5 | | | 2 | | | 9 | |
| | | 6 | 3 | | 2 | 9 | | |
| | | 2 | | | | 5 | | |
| 4 | 7 | | | 1 | | | 8 | 3 |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | | | | 1 | | | 4 |
| | | 4 | 8 | | | | 9 | |
| | | 9 | 7 | | | | | |
| | | | | 2 | 7 | | 4 | 3 |
| | | | | | | | | |
| 3 | 5 | | 9 | 8 | | | | |
| | | | | | 8 | 3 | | |
| | 7 | | | | 3 | 4 | | |
| 8 | | | 1 | | | | 7 | 2 |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## Fólkið sem erfir landið

# Er mikið búinn að vera í sveitunum mínum

**Ísak Már er 6 ára fjörkálfur sem finnst gaman að fara til ömmu og afa í Svarfaðardal og til ömmu í Skagafjörð.**



**Nafn:** Ísak Már Sigursteinsson.

**Aldur:** 6 ára.

**Stjörnumerki:** Meyja.

**Búseta:** Akureyri.

**Skóli:** Lundarskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Stærðfræði og frímínútur.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur.

**Uppáhaldsmatur:** Kótelettur í raspi.

**Uppáhaldshljómsveit:** Justin Bieber og Emmsjé Gauti.

**Uppáhaldskvikmynd:** Algjör Sveppi og leitin að Villa.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég fór með fjölskyldu minni til Þýskalands.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Já, ég æfi handbolta og fótbolta.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Bakari og fótboltamaður.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Að renna í gulu rennibrautinni í sundlauginni á Blönduósi.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Já,ég fór hringinn í kringum landið með fjölskyldunni og á fótboltamót. Svo er ég mikið búinn að vera í sveitunum mínum sem eru í Skagafirði og Svarfaðardal.

**Næst »** Ísak ætlar að skora á vinkonu sína, hana Lilju Karlottu Óskarsdóttur, sem á heima á Öldu í Eyjafjarðarsveit.

LESENDABÁS

# Er sauðfjárbændum fyrirmunað að lifa í nútímanum?

**Sauðfjárbúskapur er í eðli sínu hirðingjabúskapur frá fornu fari líkt og t.d. geitfjár- og úlfaldabúskapur. Flestar þjóðir hafa þó aðlagað hann nútímabúskaparháttum sem þýðir að tekið er tillit til landgæða, fastrar búsetu og þeirrar staðreyndar að kjötframleiðsla af sauðfé stenst nánast engan samanburð við aðra kjötframleiðslu frá hagkvæmnisjónarmiðum. Þetta hefur enda orðið til þess að víðast hvar í heiminum er sauðfjárrækt stunduð sem láglendisbúskapur í fremur litlum hjörðum og/eða tekjur af ull og gærum vega þungt í heildartekjum af greininni.**



Stefán Tryggva- og Sigríðarson.

Frá þessu eru þó ákveðnar undantekningar. – Hér á landi hefur föst búseta verið alls ráðandi frá landnámi en samt sem áður hafa einkenni hjarðmennskunnar, um breytilega haga efir árstíðum, haldið sér. Ekki einasta hafa þeir hagar verið lítt háðir ástandi gróðurs hverju sinni heldur hafa þeir að litlu leyti lotið lögmálum eignarréttarins. Hér á landi hefur semsé viðgengist að sauðféð hafi fyrsta rétt til nýtingar lands, að mestu óháð eignarhaldi. Þróuð hefur verið löggjöf sem er svo gjörsamlega úr takt við anda og eðli stjórnarskrárinnar og viðhorf og venjur annarra þjóða að undrun má sæta. Dæmi þessu til sönnunar má m.a. finna í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. og girðingarlögum. Í stuttu máli má segja að íslensk löggjöf geri ráð fyrir að ekki einasta hafi sauðfjárhaldarar rétt til að nýta annarra land til beitar, heldur eru lagðar ríkar skyldur á fjárlausa landeigendur að verja og hreinsa sitt land rétt eins og það sé eitt af náttúrulögmálunum að sauðfé fái að ganga laust um landið óháð öllu og öllum. Minna má á að í Grágás og Jónsbók voru ákvæði um vörsluskyldu og hvernig skyldi tekið á ágangi búfjár en hagsmunagæslumenn sauðkindarinnar á löggjafarþinginu snéru öllu á annan veg þegar girðingar komu til sögunnar og ákváðu að girðingar væru til að aðrir gætu varið sig og sitt fyrir ágangi sauðkindarinnarinnar en ekki til að halda henni í skefjum.

### *Glansmynd eða glórulaus atvinnugrein*

Hvort þessi skipan mála á sinn þátt í þeirri ímynd sem sauðkindin og sauðfjárbændur hafa meðal þjóðarinnar skal ósagt látið. Ég hygg að flest okkar hafi mikla samúð með sauðfjárbændum. Við lítum flest svo á að þetta sé tekjulág stétt sem vinni mikið og eigi einhvern veginn alltaf undir högg að sækja og að dreifð byggð í landinu byggist að verulegu leyti á sauðfjárbændum. Sauðkindin sjálf á einnig sinn stað í hjarta okkar, ekki einasta er lambakjöt í efsta sæti á gæðalistanum hjá okkur flestum, heldur hafa sauðburður og smalamennskur grafið um sig í þjóðarsálinni sem ímynd þess besta og fallegast sem íslensk sveit hefur uppá að bjóða.

Sauðfjárhaldi fylgja þó líka neikvæðari myndir. Lausaganga með þjóðvegum hefur orðið tilefni ófárra aðfinnslna, útigangur sauðfjár hefur ítrekað komist í fréttir að ekki sé minnst á slæman aðbúnað á einstökum búum. Og svo er það þessi eilífa fjárþörf greinarinnar og endalaus umfjöllun um ofbeit. Sauðfjárbændur þurfa ríkisframlög til að framleiða, til að hætta að framleiða, til að selja framleiðsluna, til að þróa úrvinnslu afurðanna og til að vinna að landbótum sem í einhverjum tilfellum kunna að vera afleiðingar ofbeitar.

Það sem heitast brennur á sauðfjárbændum sjálfum er þó væntanlega lágar tekjur. Síðustu áratugi hefur fénu vissulega fækkað verulega, enda hefur innanlandsneysla dregist mikið saman, en það er einsog sauðfjárbændur sjálfir vilji aldrei horfast í augu við raunveruleikann. Þeir vilja endalaust framleiða fyrir útflutning, ekki bara til sveiflujöfnunar vegna breytinga á innanlandsmarkaði frá ári til árs, heldur hafa stefnt að því að alltaf þriðjungur heildarframleiðslunnar fari til útflutnings. Greinin og stjórnvöld hafa farið nokkra hringi til að takmarka framleiðsluna en einhvern veginn fer alltaf allt úr böndum þó árangur náist tímabundið. - Ábyrgðina á þessum takmarkaða árangri verður einnig að skrifa á ótal Guðna og Jóna á stóli landbúnaðarráðherra undanfarna áratugi sem hafa viðhaldið sjálfsblekkingum um mikilvægi sauðfjárframleiðslunnar með gerð mjög misráðinna búvörusamninga við sauðfjárbændur í gegnum árin. Nú kann e.t.v. að hylla undir breytingar á viðhorfi stjórnvalda þó óvarlegt sé að gera sér of miklar væntingar þar um.

### *Allt breytist ... nema sauðfjárræktin*

Þjóðfélags- og atvinnuhættir taka hröðum breytingum þessi árin og því full ástæða fyrir jafn viðkvæma grein og sauðfjárræktina að huga að stöðu sinni. Ég tel að það sé t.d. aðeins tímaspursmál hvenær lausaganga sauðfjár verður bönnuð nema í undantekningartilfellum. Kannski þurfa að ganga hæstaréttardómar, og jafnvel dómar fyrir Mannréttindadómstól Evrópu til að sýna framá hvernig íslensk stjórnvöld margbrjóta jafnréttis- og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar með núverandi lagasetningu. Vonandi átta Alþingismenn sig þó í tíma á því óréttlæti sem nú viðgengst.

Í annan stað er búseta í sveitum landsins að taka miklum breytingum m.a. með ört vaxandi ferðamennsku. Ungt fólk sest í vaxandi mæli að utan höfuðborgarsvæðisins, stundar margvíslega þjónustu við ferðamenn, framleiðir minjagripi og fullvinnur afurðir frá landbúnaði og sjávarútvegi, vinnur við hugbúnaðargerð, list, hönnun og fjölþætt störf sem eru óháð búsetu en byggja fyrst og fremst á góðum samgöngum og góðu netsambandi. Myndarlegum hestabúgörðum fjölgar stöðugt, skógrækt eykst og ekki má gleyma fiskeldinu sem trúlega á eftir að gerbreyta búsetu einkum á sunnanverðum Vestfjörðum og Austurlandi.

